# Bókatíðindi 2024



FÉLAG LÆSISFRÆÐINGA Á ÍSLANDI

# FÉLAG LÆSISFRÆÐINGA Á ÍSLANDI HVETUR FORELDRA TIL AÐ LESA DAGLEGA FYRIR BÖRN SÍN FRÁ UNGA ALDRI

## MIKILVÆGI FYRSTU ÁRANNA

Grunnur að lestrargetu barna er lagður strax á fyrstu æviárunum því góður orðaforði og málskilningur er mikilvæg undirstaða fyrir góðan lesskilning síðar meir.

Rannsóknir sýna að ef lesið er fyrir börn frá unga aldri eflir það málþroska þeirra og orðaforða og eykur þannig velgengni þeirra í námi síðar á ævinni. Það er því mikilvægt að foreldrar lesi daglega fyrir börn sín frá unga aldri.

Einnig er mikilvægt að halda áfram að lesa fyrir börnin þó að þau séu farin að lesa sjálf.

## LEGGJUM GRUNNINN HEIMA

**Lestrarstundir eru gæðastundir sem skapa áhuga barna fyrir lestri.**

Hér eru nokkur atriði sem gott er að hafa í huga:

- Útskýrið orð og ræðið við barnið um bókina, sögupersónur og myndir.
- Vekið eftirvæntingu og forvitni með því að spyrja spurninga út frá efni og myndum.
- Vekið athygli á ritmálinu, t.d. með því að renna fingri undir textann á meðan lesið er.
- Hvetjið barnið til að taka þátt í lestrinum, t.d. þegar sama orð eða texti er endurtekinn.
- Kennið barninu vísur og þulur.
- Lesið ykkur til ánægju og segið börnunum frá bókunum sem þið eruð að lesa.
- Farið saman á bókasafnið og hafið bækur sýnilegar á heimilinu.



**Að lesa fyrir börn ...**

- eflir málþroska þeirra og þar með talið orðaforða
- stuðlar að góðum lesskilningi
- stuðlar að góðri tengslamyndun
- eykur lestraráhuga
- örvar ímyndunaraflið
- bætir einbeitingu og athygli
- eflir vellíðan
- eykur sjálfstraust
- er fræðandi

## Kæri bókaunnandi

Enn eitt árið er skammdegisljósið ljúfa mætt, brakandi fersk Bókatíðindi, sem innihalda margskonar andans upplyftingu til að létta lund okkar allra á þessum kalda og myrka árstíma sem nú fer í hönd. Það kemur fátt í staðinn fyrir það að njóta nýrra bóka hvort sem það er vetur, sumar, vor eða haust.

Það kom okkur hjá Félagi íslenskra bókaútgefenda ánægjulega á óvart þegar við fórum að skoða útgáfu ársins á miðju yfirstandandi ári að fjöldi nýrra titla væri þá þegar orðinn rúmlega 200. Það gefur skýrar vísbendingar um að bókaútgáfa hérlendis er ekki eingöngu bundin við hið árlega jólabókaflóð sem er afar ánægjuleg staðreynd. Þannig að hvort sem þú ert í flugvél á leið til útlanda, situr í bíl sem flytur þig á milli landshluta, yljar þér við arineld í sumarbústað eftir snjómokstur, ert á morgungöngu með hundinn, að brjóta saman þvott, situr sötrandi sangríu á suðrænni sólarströnd eða ert bara heima í uppáhaldsstólnum þínum eftir annasaman vinnudag þá er hér að finna úrval bóka sem eru viðeigandi við hvert tækifæri. Þau fjölbreyttu útgáfuform bóka sem eru í boði, þ.e.a.s. rafbækur, vefbækur og hljóðbækur auk hinnar klassísku prentuðu bókar, styðja þig svo enn frekar við að efla í þér bókelskuna.

Bókatíðindin geyma samantekt yfir bókaútgáfu ársins 2024 sem er, líkt og undanfarin ár, afar gróskumikil, fjölbreytt og metnaðarfull. Öll útgáfa ársins 2024, þar á meðal þær bækur sem ekki náðust í tíma til skráningar í prentútgáfu Bókatíðinda, er á hinum ágæta bókavef okkar bokatidindi.is. Einnig viljum við vekja athygli á því að allar eldri útgáfur Bókatíðinda, allt aftur til ársins 1890, eru nú aðgengilegar á timarit.is.

Með ósk um að þú og þitt fólk njótið góðra stunda með nýjum bókum á komandi vikum og mánuðum.

Gleðileg íslensk bókajól!

Heiðar Ingi Svansson,
*formaður Félags íslenskra bókaútgefenda.*

## Merking tákna í Bókatíðindum

Undir kápumyndum allra bóka má nú finna tákn sem vísa til útgáfuforms. Táknskýringar má finna neðst á öllum kynningarblaðsíðum.

- **GOR** Gormabók
- **HSP** Harðspjalda bók – allar blaðsíður úr hörðum pappír
- **HLB** Hljóðbók
- **IB** Innbundin bók – kápuspjöld úr hörðum pappír
- **KIL** Kilja
- **RAF** Rafbók
- **SVK** Sveigjanleg kápa – líkt og kilja en í annarri stærð

## *Efnisyfirlit*


*Barna- og ungmennabækur* .......... 4
- Myndríkar .......... 4
- Skáldverk .......... 12
- Unglingabækur .......... 18
- Teiknimyndasögur .......... 20
- Fræði og bækur almenns efnis .......... 21

*Skáldverk* .......... 23
- Íslensk .......... 23
- Þýdd .......... 33

*Myndasögur* .......... 41
*Náttúra, dýralíf og landshættir* .......... 41
*Ljóð og leikhandrit* .......... 42
*Listir og ljósmyndir* .......... 47
*Ævisögur og endurminningar* .......... 48
*Fræðirit, frásagnir og handbækur* .......... 52
*Sagnfræði, trúarbrögð og ættvísi* .......... 62
*Sálfræði, sjálfshjálp og andleg leiðsögn* .......... 64
*Hannyrðir og matreiðsla* .......... 65
*Íþróttir og útivist* .......... 66
*Titlaskrá* .......... 68
*Útgefendaskrá* .......... 72



## BÓKATÍÐINDI 2024

**Útgefandi:** Félag íslenskra bókaútgefenda
FÉLAG ÍSLENSKRA BÓKAÚTGEFENDA
Barónsstíg 5
101 Reykjavík
Netfang: fibut@fibut.is
Vefur: www.bokatidindi.is

**Hönnun kápu:** Halldór Baldursson og Ámundi Sigurðsson
**Ábm.:** Bryndís Loftsdóttir
**Upplag:** 42.000
**Prentvinnsla:** Prentmet Oddi ehf., umhverfisvottað fyrirtæki

ISSN 1028-6748



Slökun.
Lestur veitir hvíld frá raunveruleikanum, dregur úr streitu og hefur róandi áhrif.

# Barnabækur

## MYNDRÍKAR




### 5 mínútna bílasögur
**Höf: Walt Disney**
Vertu klár í kappakstur! Skelltu þér á kappakstursbrautina með Leiftri og vinum hans. Leiftur hittir gamla og nýja keppinauta en vinir hans í Vatnskassavin eru aldrei langt undan.
Spennandi sögur um kappakstur, vináttu og ævintýri.
160 bls.
**Edda útgáfa**

IB




### 5 mínútna sjávarsögur
**Höf: Walt Disney**
Undirdjúpin eru unaðsleg! Svamlaðu um með uppáhalds Disney-persónunum þínum! Kannaðu undirdjúpin með Aríel, syntu með Nemó og vinum hans eða svífðu um á brimbretti með Vaiönu.
10 fallegar sögur sem henta vel fyrir svefninn... eða bara hvenær sem er!
160 bls.
**Edda útgáfa**

IB




### Atli eignast gæludýr
**Höf: Birgitta Haukdal**
**Myndir: Anahit Aleqsanian og Elen Nazaryan**
Mamma og pabbi Atla eru búin að samþykkja að fá gæludýr á heimilið. Atli hleypur spenntur til Láru að segja fréttirnar en hann segir henni ekki alveg strax hvaða dýr varð fyrir valinu. Sögurnar um Láru, Ljónsa og Atla eru litríkar og fallegar bækur sem krakkar hrífast af.
41 bls.
**Forlagið - Vaka-Helgafell**

IB HLB




### Álfatöfrar með töfrasprota
**Höf: Sam Taplin**
**Þýð: Andri Karel Ásgeirsson**
Afar falleg bók. Berðu töfrasprotann yfir síðuna og þá heyrast falleg hljóð. Sannkölluð töfrabók.
10 bls.
**Unga ástin mín**

IB




### Bangsi fer út að leika
**Höf: Tindur Lilja**
**Myndh: Tindur Lilja**
Bangsi á heldur betur viðburðaríkan dag á leikvellinum! Einföld og litrík saga fyrir yngstu lesendurna og fólkið sem fer með þeim út að leika.
20 bls.
**Bókabeitan**

IB




### Bluey 5-mínútna sögur
**Höf: Joe Brumm**
**Þýð: Andri Karel Ásgeirsson**
Komdu að synda með Blæju, verðu deginum með Báru, spilaðu gátuleik með Perlu og miklu meira! Sex frábærar sögur til að lesa fyrir börnin. Allir elska Blæju.
158 bls.
**Unga ástin mín**

IB




### Bluey - ömmur
**Höf: Joe Brumm**
**Þýð: Andri Karel Ásgeirsson**
Geta ömmur dansað? Sláist í för með Blæju og Báru þegar þær reyna að svara þeirri spurningu.
24 bls.
**Unga ástin mín**

IB




### Bókajóladagatal barnanna
**Þýð: Andri Karel Ásgeirsson**
Vandað og fallegt bókadagatal með 24 fallegum litlum bókum sem tilvalið er að lesa fyrir börnin fyrir svefninn í aðdraganda jóla. Innan við hvern glugga dagatalsins er sígild saga. Þegar svo loksins er komið fram á aðfangadag hefur safnast upp bókasafn sem lesa má aftur og aftur.
**Unga ástin mín**

IB




### Bókaormur
***Léttlestrarbók***
**Höf: Huginn Þór Grétarsson**
Bókaormur er sniðug léttlestrarbók. Í bókinni er stuttur texti til að auðvelda börnum að læra að lesa. Fleiri léttlestrarbækur sem koma út í ár eru Undraverð dýr 3, Köngulóagarður, Fastur í tölvuleikjum og Kanínan sem fékk aldrei nóg. Það er markmiðið með bókunum að vekja forvitni barna og fá þau til að lesa.
20 bls.
**Óðinsauga útgáfa**

SVK


GOR Gormabók HSP Harðspjalda bók HLB Hljóðbók IB Innbundin bók KIL Kilja RAF Rafbók SVK Sveigjanleg kápa




## Depill á brunabílnum
***Hljóðbók með blikkandi ljósum***
**Höf: Eric Hill**
**Þýð: Jakob F. Ásgeirsson**
Ba-bú! Ba-bú!
Komdu í skemmtilega heimsókn með Depli á slökkvistöðina!
10 bls.
**Ugla**

IB




## Fyrstu 100 orð Depils
***Flipabók***
**Höf: Eric Hill**
**Þýð: Jakob F. Ásgeirsson**
Eftirlætis flipabækur barnanna!
Það er gaman að læra fyrstu 100 orðin með Depli og vinum hans í þessari fallegu og litskrúðugu flipabók. Á hverri opnu er margt skemmtilegt að uppgötva.
16 bls.
**Ugla**

IB




## Depill á ströndinni
***Flipabók***
**Höf: Eric Hill**
**Þýð: Jakob F. Ásgeirsson**
Það er kominn tími til að skreyta sandkastalann á ströndinni ...
En hvar er Depill?
Hvað skyldi leynast á bak við flipana í fjörunni?
16 bls.
**Ugla**

IB




***Hæ Sámur***
## Geimmerkið
**Höf: Childrens Character books**
**Þýð: Elín G. Ragnarsdóttir**
Hér er Sámur og öll krílin í krílakoti!
Sámur horfir í gegnum sjónauka á eitthvað sem er langt, langt í burtu í geimnum. Það er kominn tími til að Sámur kenni krílunum allt um undur sólkerfisins og plánetanna!
Taktu þátt í skemmtilegu ævintýri með Sámi og krílunum og fáðu Geimmerkið!
32 bls.
**Drápa**

IB




***Skrifum og þurrkum út***
## Dundað með álfum
**Höf: Kirsteen Robson**
Verkefnabók fyrir krakka sem eru að byrja að læra að telja, skrifa tölustafi og þjálfa gott pennagrip. Tússpenni fylgir með til að spora tölustafi, teikna inn á myndir, leysa þrautir, komast um völundarhús og skoða hvað er ólíkt á myndunum. Skemmtileg verkefni sem þjálfa athyglisgáfuna og hægt að gera aftur og aftur.
22 bls.
**Rósakot**

SVK




***Sokkalabbarnir***
## Grændís - græn af öfund
**Höf: Þorvaldur Davíð Kristjánsson**
**Myndh: Bergrún Íris Sævarsdóttir**
Sokkalabbarnir búa á eldfjallaeyju og það er byrjað að gjósa í stóra fjallinu! Sokkarnir föndra og teikna sín eigin eldföll en Grændísi líður eins og eldfjallið hans Blúsa sé miklu flottara en hennar eigið.
20 bls.
**Bókabeitan**

SVK




## Einu sinni var einhyrningshorn
**Höf: Beatrice Blue**
**Þýð: Anna Lea Friðriksdóttir og Dögg Hjaltalín**
Veist þú af hverju einhyrningar eru með horn?
Sagan hófst í töfraskógi þegar lítil stelpa fann pínulitla hesta sem voru að læra að fljúga. En einn þeirra gat alls ekki flogið! Stelpan tók þá málin í sínar hendur og hjálpaði litla hestinum að taka gleði sína á ný. Hvernig ætli hún hafi farið að því?
40 bls.
**Salka**

IB




## Elmar – Gjafasett
***Bók og bangsi***
**Höf: David McKee**
**Þýð: Jakob F. Ásgeirsson**
Gjafasett með hinni sígildu bók um Elmar og krúttlegum Elmar-bangsa.
Elmar er ekki grár eins og aðrir fílar ... Elmar er litskrúðugur – í regnbogalitum!
40 bls.
**Ugla**

IB

Námsgeta.
Lestur
hefur jákvæð
áhrif á
færni í öðrum
námsgreinum,
þar á meðal í
stærðfræði.




## Héraholan

**Höf: John Dougherty og Thomas Docherty**
**Þýð: Anna Lea Friðriksdóttir og Dögg Hjaltalín**

Hvað á Skúli skjaldbaka til bragðs að taka þegar besta vinkona hans ... hverfur? Héraholan er áhrifamikil og hjartnæm saga um sorgina sem fylgir missi og leiðina til að takast á við hana.

40 bls.

**Salka**

IB




## Hlutaveikin

**Höf: Þórarinn Eldjárn**
**Myndh: Sigrún Eldjárn**

Jólin nálgast. Freysteinn Guðgeirsson er ungur drengur sem verður æ spenntari með hverjum degi sem líður. Biðin er við það að verða óbærileg. Á endanum koma þau samt og Freysteinn getur loksins, loksins farið að opna alla jólapakkana. En þá kemur dálítið í ljós sem reynist erfitt viðureignar þó allt fari vel að lokum. Myndir gerði Sigrún Eldjárn.

46 bls.

**Gullbringa ehf.**

IB




## Hræðileg gjöf

**Höf: Meritxell Martí og Xavier Salomó**
**Þýð: Elín G. Ragnarsdóttir**

Í kvöld verður veislan Heimshryllingur þar sem koma saman níu verstu skrímsli sögunnar.

Fyrst kom *Húsið hennar ömmu* og svo *Húsið hans afa*. Frá sömu höfundum kemur nú *Hræðileg gjöf*.

56 bls.

**Drápa**

IB




## Hugrekki

***Fyrsta Múmínbókin mín***
**Höf: Tove Jansson**
**Þýð: Jakob F. Ásgeirsson**

Fullkominn sumardagur til að fara í sjóinn á ströndinni. En Múmínsnáðinn er hræddur við að fá vatn í eyrun. Hann vildi óska þess að hann væri hugrakkari.

Mun Múmínsnáðinn læra að skilja að hræðsla er hluti af því að vera hugrakkur?

16 bls.

**Ugla**

IB



## Hundabeinagrafa, handprjónuð húfa og önd

**Höf: Rasmus Bregnhøi**
**Þýð: Eyja Sigríður Gunnlaugsdóttir**

Vinirnir Kisi og Mús finna upp rosalega gagnleg og sniðug tæki. Í þetta sinn ætla þeir að búa til algjört snilldartæki, hundabeinagröfu, og það gengur svona svakalega vel – þangað til að Önd bankar uppá. Eftir danska verðlaunahöfundinn að *Uppfinningar, handprjónaðar húfur og varasamur köttur*.

55 bls.

**Benedikt bókaútgáfa**

IB




## Hvolpasveitin: Hvolpar bjarga fótboltaleik

**Höf: Keith Chapman**
**Þýð: Andri Karel Ásgeirsson**

Blíða borgarstjóri skorar á Þokubotn í fótboltaleik en Sigurviss borgarstjóri og kattaklíka hans luma á ýmsum klækjabrögðum!

Getur Hvolpasveitin unnið nógu vel saman til að tryggja sigur gegn borgarstjóranum og lævísu kettlingunum?

24 bls.

**Unga ástin mín**

IB




## Hvolpasveitin: Voff-voff björgunartæki

**Höf: Keith Chapman**
**Þýð: Andri Karel Ásgeirsson**

Skemmtilegar sögur um Hvolpasveit í leiðangri. Æðisleg upplifun með alvöru stýri og mörgum tökkum og hljóðum!

10 bls.

**Unga ástin mín**

IB




## Hvolpasveitin: Þjótum til bjargar!

**Höf: Keith Chapman**
**Þýð: Andri Karel Ásgeirsson**

Þegar hertoginn af Hvolpabæ mætir óvænt í afmælisveislu prinsessu Voffaborgar hverfur skyndilega Voffaborgargimsteinninn!

Þetta virðist vera verkefni fyrir Hvolpasveit!

Geta Róbert og hvolparnir stöðvað þjófinn áður en hann hífir allt konungdæmið upp til skýja?

26 bls.

**Unga ástin mín**

IB



## Ibbi býður grís góða nótt
## Ibbi slekkur í slökkviliðsmanni

**Höf: Peter Nordahl**
**Myndh: Rasmus Bregnhøi**
**Þýð: Eyja Sigríður Gunnlaugsdóttir**

Ibbi er forvitinn, áhugasamur og hjálpsamur. Hann lendir iðulega í hversdagslegum ævintýrum en þá er betra að hafa gott hjartalag. Þættir með Ibba hafa verið sýndir á RÚV.

32 bls.

**Benedikt bókaútgáfa**

IB



## Iða kindastjarna

**Höf: Sigtryggur Baldursson**
**Myndh: Arndís Gísladóttir**

Iða er lítil lambgimbur. Hún er kollótt og kát og alltaf á iði!

En hinar kindurnar hafa horn í síðu hennar. Þær vilja bíta gras í kyrrð og ró.

32 bls.

**Króníka**

IB



GOR Gormabók HSP Harðspjalda bók HLB Hljóðbók IB Innbundin bók KIL Kilja RAF Rafbók SVK Sveigjanleg kápa




## Íslensku smábarnabækurnar: Inni

**Höf: Ragnheiður Gestsdóttir**

Bendibækur eru fyrstu bækur barnsins og tengja saman hlut, orð og mynd. Þær þurfa því að endurspegla það umhverfi sem barnið er að átta sig á. Lestur í hlýju fangi eflir málþroska og skapar notalegar gæðastundir sem barn og lesandi njóta saman.

15 bls.

**Bókabeitan**

IB




***Sögur úr Litlaskógi***

## Kanínan vill kúra
## Sokkarnir hans Rebba

**Höf: Julia Donaldson og Axel Scheffler**

**Þýð: Sigríður Ásta Árnadóttir**

Geturðu hjálpað rebba að finna sokkana sína og kanínunni að finna stað til að fá sér lúr? Tvær vandaðar og verklegar harðspjaldabækur með flipum fyrir yngstu börnin eftir hina vinsælu höfunda *Greppiklóar*. Textinn er í bundnu máli.

12 bls.

**Forlagið - Mál og menning**

HSP




## Íslensku smábarnabækurnar: Úti

**Höf: Ragnheiður Gestsdóttir**

Bendibækur eru fyrstu bækur barnsins og tengja saman hlut, orð og mynd. Þær þurfa því að endurspegla það umhverfi sem barnið er að átta sig á. Lestur í hlýju fangi eflir málþroska og skapar notalegar gæðastundir sem barn og lesandi njóta saman.

15 bls.

**Bókabeitan**

IB




## Kíkjum í sveitina

**Höf: Anna Milbourne**

Einföld harðspjalda flipabók sem er bæði skemmtileg og fræðandi fyrir forvitna krakka 2 ára og eldri.

14 bls.

**Rósakot**

IB




## Jólagjöfin frá Bangsímon

**Höf: Walt Disney**

Bangsímon og Grislingur hlakka mikið til jólanna.

24 bls.

**Edda útgáfa**

IB




## Krúttleg dýr

***Léttlestrarbók***

**Höf: Ísabella Sól Huginsdóttir**

Í bókinni eru ljósmyndir af krúttlegustu dýrum veraldar ásamt stuttum texta á hverri blaðsíðu. Bókin höfðar til barna sem heillast af dýrum. Bókin er hluti af léttlestrarbókaflokki Óðinsauga. Sambærilegar bækur í bókaflokknum eru Undraverð dýr, Hættuleg dýr og Undraverð íslensk dýr.

21 bls.

**Óðinsauga útgáfa**

SVK




## Jólasveinarnir

**Höf: Iðunn Steinsdóttir**

**Myndh: Búi Kristjánsson**

Hér er loks komin endurútgefin bráðskemmtileg bók Iðunnar Steinsdóttur um jólasveinana þrettán. Þegar jólin nálgast fara skrýtnir náungar á kreik, þeir klöngrast ofan úr fjöllum og stefna í átt til byggða með sitt síða skegg og úttroðna poka á baki. Hvaða karlar eru með þetta og hvað skyldi vera í pokunum þeirra?

70 bls.

**Salka**

IB




## Lára fer á fótboltamót

**Höf: Birgitta Haukdal**

**Myndir: Anahit Aleqsanian og Elen Nazaryan**

Lára er farin að æfa fótbolta með vinkonum sínum og liðið þeirra fer á fótboltamót. Það er svolítið stressandi en líka ægilega mikið fjör! Hversdagssögur Birgittu Haukdal um Láru og bangsann Ljónsa hafa verið metsölubækur í fjölda ára og vinsæl leiksýning verið gerð eftir þeim.

41 bls.

**Forlagið - Vaka-Helgafell**

IB HLB




***Skrifum og þurrkum út***

## Jón og Gunna hlakka til jólanna

**Höf: Sam Taplin**

Taktu þátt í undirbúningi jólanna með Jóni og Gunnu. Skemmtileg verkefni sem þjálfa athyglisgáfuna og hægt er að gera aftur og aftur.

22 bls.

**Rósakot**

SVK




## Lestu sögu á 5 mínútum: Freka grameðlan

**Höf: Stefano Bordiglioni**

Skemmtileg saga miðuð við yngstu lesendurna. Textinn er stuttur og auðveldur (200-250 orð) og skilningsverkefni eru í lok sögunnar.

33 bls.

**Rósakot**

IB




## Lestu sögu á 5 mínútum: Ha, er ég einhyrningur?

**Höf: Giuditta Campello**

Skemmtileg saga miðuð við yngstu lesendurna. Textinn er stuttur og auðveldur (200-250 orð) og skilningsverkefni eru í lok sögunnar.

33 bls.

**Rósakot**

IB

---




## Lestu sögu á 5 mínútum: Lata býflugan

**Höf: Giuditta Campello**

Skemmtileg saga miðuð við yngstu lesendurna. Textinn er stuttur og auðveldur (200-250 orð) og skilningsverkefni eru í lok sögunnar.

33 bls.

**Rósakot**

KIL

---




## Lestu sögu á 5 mínútum: Úlfur mætir í fyrsta bekk

**Höf: Giuditta Campello**

Skemmtileg saga miðuð við yngstu lesendurna. Textinn er stuttur og auðveldur (200-250 orð) og skilningsverkefni eru í lok sögunnar.

33 bls.

**Rósakot**

KIL

---




## Lestu sögu á 5 mínútum: Vampíruskólinn

**Höf: Febe Sillani**

Skemmtileg saga miðuð við yngstu lesendurna. Textinn er stuttur og auðveldur (200-250 orð) og skilningsverkefni eru í lok sögunnar.

33 bls.

**Rósakot**

IB

---




***Risaeðlugengið***

## Leyndarmálið

**Höf: Lars Mæhle**

**Myndh: Lars Rudebjer**

**Þýð: Æsa Guðrún Bjarnadóttir og Sverrir Jakobsson**

Grameðlurnar og sagtannarnir ætla saman í sumarfrí og Nanna nashyrningseðla slæst í hópinn. Þau ætla að heimsækja afa Sölva sem er uppfinningaeðla og býr í helli í fjöllunum í norðri. En þegar þau (loksins) koma á leiðarenda er afi hvergi sjáanlegur. Er eitthvað dularfullt í gangi í hellinum hans afa?

32 bls.

**Forlagið - Mál og menning**

IB

---




## Lindis og boblehuset

**Höf: Guðný Anna Annasdóttir**

**Myndh: Páll Jóhann Sigurjónsson**

Lindís er leikskólastelpa sem fer að heimsækja afa sinn sem býr í kúluhúsi.

Hún lærir af afa sínum hvernig hægt er að lifa með virðingu fyrir náttúrunni og umhverfinu. Því umhverfið og náttúran umlykja allt okkar mannlega samfélag.

32 bls.

**Gudda Creative**

IB

---




## Lindis runs away from kindergarten

**Höf: Guðný Anna Annasdóttir**

**Myndh: Páll Jóhann Sigurjónsson**

Bókin fjallar um fjögurra ára stelpu sem heitir Lindís. Hún er í leikskóla og einn mánudag leiðist henni svo mikið að hún tekur til sinna ráða.

32 bls.

**Gudda Creative**

IB

---




***Hæ Sámur***

## Litamerkið

**Höf: Childrens Character books**

**Þýð: Elín G. Ragnarsdóttir**

Krílin eru að mála en þau hafa ekki alla litina sem þau þurfa. Gætu þau lært að blanda mismunandi málningu saman til að búa til nýja liti og vinna sér inn Litamerkið?

Taktu þátt með eftirlætis hundinum í litríku ævintýri fyrir ung og skapandi kríli.

16 bls.

**Drápa**

IB

---




***Inside Out***

## Litríkar tilfinningar

**Höf: Walt Disney**

Hefur þú einhvern tímann hugsað um hvað gerist inni í höfði fólks? Kíktu inn í huga hinnar 11 ára gömlu Dagnýjar til að komast að hinu sanna.

Líkt og hjá öðrum stjórna tilfinningar henni en þegar hún flytur landshorna á milli missa þær tökin og Gleði og Sorg enda óravegu í burtu.

24 bls.

**Edda útgáfa**

IB

---



## Litrík veröld Gurru

**Höf: Asley Baker**

**Þýð: Andri Karel Ásgeirsson**

Veröldin er Gurru hugleikin og allt litróf hennar. Það er svo margt að sjá og uppgötva. Komdu með og lærum saman í leiðinni.

Skemmtileg hljóðbók með 10 hljóðum.

18 bls.

**Unga ástin mín**

IB




## Lína bjargar jólunum

**Höf: Astrid Lindgren**
**Þýð: Silja Aðalsteinsdóttir**

Það eru komin jól og í litla bænum loga jólaljósin í hverjum glugga, búið er að skreyta jólatrén og pakka inn jólagjöfunum. Öll börnin eru glöð. Nei, reyndar ekki alveg öll. Í húsi einu við Þvergötu sitja þrjú döpur og einmana börn. En þegar Lína birtist óvænt breytist allt því hún veit nákvæmlega hvernig á að bjarga jólunum!

32 bls.

**Forlagið - Mál og menning**

IB

---




## Ljóni fer í skíðaskóla

**Höf: Guðný Anna Annasdóttir**
**Myndh: Páll Jóhann Sigurjónsson**

Krakkarnir í leikskólanum Krakkakór byrja í skíðaskóla. Þau hafa verið að undirbúa sig í hreyfistund fyrir skíðaskólann í langan tíma.

En hvað læra krakkar í skíðaskóla?

Þessi bók er í flokknum Leikur að lesa

33 bls.

**Gudda Creative**

IB

---




## Lói: seigla og sigrar

**Höf: Friðrik Erlingsson og Styrmir Guðlaugsson**
**Myndh: Gunnar Karlsson**

Sól skín í heiði og lóur og aðrir farfuglar koma fljúgandi í stórum hópum á varpstöðvarnar. Það er þó ekki hættulaust því að fálkinn Skuggi er svangur eftir veturinn og situr fyrir þeim. Bækurnar um Lóa eru byggðar á íslensku kvikmyndinni *Lói – þú flýgur aldrei einn* sem hefur farið sigurför um heiminn.

64 bls.

**Bjartur**

IB

---




## Lúlli og einhver
## Lúlli fær gesti

**Höf: Ulf Löfgren**
**Þýð: Sigríður Rögnvaldsdóttir og Þórgunnur Skúladóttir**

Prakkarinn Lúlli er dálítið seinheppinn og lendir stundum í stökustu vandræðum. Hvað getur hann tekið til bragðs þegar allir vinirnir koma í heimsókn og vilja gista? Og hver finnur eiginlega upp á því að stríða honum með því að fylla vettlinginn hans af rúsínum? Yngstu bókaormarnir kunna svo sannarlega vel að meta bækurnar um Lúlla og vini hans!

24 bls.

**Forlagið - Mál og menning**

IB

---




***Litaskrímslið***

## Læknirinn: sérfræðingur í tilfinningum

**Höf: Anna Llenas**
**Myndh: Anna Llenas**
**Þýð: Elín G. Ragnarsdóttir**

Litaskrímslið er nú læknir og hjálpar öðrum að lækna tilfinningar sínar, sérstaklega þær sem eru orðnar svo stórar að þær valda óþægindum. Litaskrímslið hjálpar vinkonu sinni Nínu að átta sig á hvernig henni líður og að læra að segja nei! Litaskrímslið hefur slegið í gegn um allan heim!

48 bls.

**Drápa**

IB

---



## Maddý og bleika gengið

**Höf: Ilona Kostecka**
**Þýð: Sólveig Sif Hreiðarsdóttir**

Hvenær eru yngstu systkini pirrandi? Svarið er alltaf. Sérstaklega ef þú spyrð eldri bróður! En hvað með Maddý litlu systur? Er hún alveg ómöguleg? Þú kemst heldur betur að því þegar þú lest um Maddý og bleika gengið. Skemmtileg bók fyrir börn á leikskólaaldri.

40 bls.

**Kver bókaútgáfa**

IB

---




## Mamma sandkaka

**Höf: Lóa Hlín Hjálmtýsdóttir**

Dalía er komin til fyrirheitna landsins, Tenerife, með pabba sínum. Hann virðist þó ekki skilja að frí eru alls ekki til að hvíla sig og Dalíu er farið að leiðast. En hver skyldi þá birtast og bjarga málunum nema…æi, ætli það sé ekki best að þú lesir bókina til að komast að því.

56 bls.

**Salka**

IB

---




## Matti: saga af drengnum með breiða nefið

**Höf: Elfar Logi Hannesson**
**Myndh: Marsibil G. Kristjánsdóttir**

Matti er söguleg saga um bernsku Matthíasar Jochumssonar frá Skógum í Þorskafirði er síðar varð klerkur og meira að segja skáld, þjóðskáld.

48 bls.

**Kómedíuleikhúsið**

IB

---




## Muggur: saga af strák

**Höf: Elfar Logi Hannesson**
**Myndh: Marsibil G. Kristjánsdóttir**

Muggur er söguleg saga um bernsku Guðmundar Thorsteinssonar myndlistarmanns, er kallaður var Muggur.

30 bls.

**Kómedíuleikhúsið**

KIL

---



## Múminsnáðinn

**Höf: Tove Jansson**
**Þýð: Jakob F. Ásgeirsson**

Slástu í för með Múmínsnáðanum þar sem hann leitar að dýrgripum með Snabba, siglir niður ána með Snúði og hlustar á Múmínpabba segja sögur af sjónum. Hver dagur er ævintýri í Múmíndal!

Ljúf og heillandi saga á bók sem er í laginu eins og Múmínsnáðinn.

10 bls.

**Ugla**

IB




## Múmínsnáðinn og ævintýraferðin með Snúði

**Höf: Tove Jansson**

**Þýð: Tinna Ásgeirsdóttir**

Vorið er komið í Múmíndal og Snúður ætlar að fara með Múmínsnáðann í ævintýraferð.

Múmínsnáðanum líður eins og alvöru landkönnuður langt, langt í burtu, umvafinn ókunnum hljóðum og ilmi!

En brátt kemst hann að því að stundum gerast mest spennandi ævintýrin í næsta nágrenni ...

28 bls.

**Ugla**

IB




## Skrímslakisi

**Höf: Áslaug Jónsdóttir, Kalle Güttler og Rakel Helmsdal**

Skrímslakisi er ógurlega sætur og mjúkur og litla skrímslið er alltaf með hann. Dag einn hverfur kisi og finnst hvergi. Litla skrímslið er miður sín. En af hverju er stóra skrímslið svona þögult? Áttunda bókin um litla og stóra skrímslið. Bækurnar hafa verið þýddar á fjölmörg tungumál og hlotið margs konar verðlaun og viðurkenningar.

32 bls.

**Forlagið - Mál og menning**

IB




## Obbuló í Kósímó

***Vinirnir***

**Höf: Kristín Helga Gunnarsdóttir og Halldór Baldursson**

Oddný Lóa Þorvarðardóttir býr í Kjóamóa þrjú hundruð og sjö. Hvaða krakki getur sagt það? Enginn. Obbuló á heima í Kósímó. Má skilja útundan? Hver er Nikólína? Er bannað að tala við ókunnuga? Spurningunum er svarað í þessari bók.

32 bls.

**Bjartur**

IB




## Skrímslaveisla

**Höf: Áslaug Jónsdóttir, Kalle Güttler og Rakel Helmsdal**

*Skrímslaveisla* er ellefta bókin um skrímslavinina en sögurnar um litla, stóra og loðna skrímslið hafa komið út á fjölda tungumála, hvarvetna vakið hrifningu og hlotið margvísleg verðlaun og viðurkenningar. Hér halda skrímslin áfram að heilla börn og fullorðna og bjóða til veislu!

32 bls.

**Forlagið - Mál og menning**

IB




## Paddington

***Sagan um litla björninn úr frumskógum Perú***

**Höf: Michael Bond**

**Þýð: Jakob F. Ásgeirsson**

Sögurnar um bangsann Paddington hafa skemmt börnum um allan heim í meira en sextíu ár.

Í þessari bók er upprunalega sagan um litla skógarbjörninn úr frumskógum Perú í glæsilegri útgáfu, líflega myndskreytt.

32 bls.

**Ugla**

IB




## Skrímsli sem bíta

**Höf: Huginn Þór Grétarsson**

Skrímslin munu reyna að bíta lesandann! Litlu, sætu táslurnar og fingurna. Eða syngja svo hræðilega að krakka mun verkja í eyrun! Varastu þessa bók því hún er uppfull af gasalega fyndnum skrímslum. Krakkar taka þátt í sögunni með því að setja hönd inn í brúðuna. Önnur brúðubók í sama bókaflokki er *Nammitröllið*.

16 bls.

**Óðinsauga útgáfa**

IB




## Sagan af Dimmalimm

**Höf: Guðmundur Thorsteinsson**

Fáar íslenskar bækur hafa notið viðlíka vinsælda og ævintýrið um litlu prinsessuna Dimmalimm. Guðmundur Thorsteinsson listmálari, Muggur, samdi það og málaði myndirnar árið 1921 handa lítilli íslenskri frænku sinni en sagan kom ekki út fyrr en árið 1942. *Sagan af Dimmalimm* er meðal helstu gersema sem Muggur lét eftir sig.

29 bls.

**Forlagið - Vaka-Helgafell**

IB




***Sokkalabbarnir***

## Sóli fer á ströndina

**Höf: Þorvaldur Davíð Kristjánsson og Bergrún Íris Sævarsdóttir**

**Myndh: Bergrún Íris Sævarsdóttir**

Sóli og Sokkalabbarnir tína skeljar og borða nesti í fjöruferð. Þegar krabbi kemst í klandur reynir á þau að koma til bjargar. Í landi Sokkalabbanna búa tilfinningaríkir sokkar í ýmsum litum. Með þeim fá börn tækifæri til að skoða og reyna að skilja betur hinar ýmsu tilfinningar, hvort sem þær eru erfiðar, skrítnar eða skemmtilegar.

17 bls.

**Bókabeitan**

SVK




## Skoðum múmínhúsið

**Þýð: Bjarni Guðmarsson**

Geturðu hjálpað múmínsnáðanum að leita að bandi í flugdrekann? Leiðin liggur um allt múmínhúsið, frá háalofti niður í kjallara, og kanna þarf öll herbergin, gá á bak við hurðir og inn í skápa. Hér er fjölmargt að skoða og finna! Bráðskemmtileg saga, kjörin fyrir alla unga múmínvini.

14 bls.

**Forlagið - Mál og menning**

IB




## Sólon

***Sveitabærinn***

**Höf: Íris Mist Magnúsdóttir**

**Myndh: Eysteinn Þórðarson**

Skemmtileg bók með flipum. Ofurhetjan Sólon ferðast frá sólinni til jarðarinnar og hittir þar Bínu kanínu vinkonu sína. Þau dvelja saman á sveitabæ þar sem þau fá að vera í kringum dýrin og Sólon lærir ýmis bústörf. Lyftu flipunum og sjáðu hvaða ævintýrum vinirnir lenda í. Lestu um dýrin og sjáðu Sólon renna á rassinn í hestaskítnum!

20 bls.

**Sögur útgáfa**

IB




## Stafakarlarnir

**Höf: Bergljót Arnalds**
**Myndir: Frédéric Boullet**

Í þessu smellna ævintýri, sem er ein vinsælasta barnabók sem komið hefur út á Íslandi, lifna stafirnir við sem litlir karlar og vilja ólmir fá að leika sér. Von bráðar er barnið farið að þekkja þá og hljóðin sem þeir gefa frá sér svo að lestrarnámið verður leikur einn!

45 bls.

**Forlagið - JPV útgáfa**

IB




## Sögur fyrir eins árs

**Þýð: Huginn Þór Grétarsson**

Vögguvísur, stuttar sögur og fallegar myndir til að gleðja yngstu lesendur. Einnig eru fáanlegar bækur í sama bókaflokki fyrir tveggja, þriggja og fjögurra ára börn. Þær bækur innihalda þrjár stuttar sögur í einni bók ásamt vísum og/eða söngvum.

96 bls.

**Óðinsauga útgáfa**

IB




## Til hamingju með afmælið Gurra!

**Höf: Asley Baker**
**Þýð: Andri Karel Ásgeirsson**

Afmælisdagur Gurru er runninn upp og hún er mjög spennt. Í veislunni verða gjafir og leikir og kaka - húrra!

Gurra óskar sér þegar hún blæs á afmæliskertin en ætli ósk hennar rætist?

26 bls.

**Unga ástin mín**

IB




## Tjörnin

**Höf: Rán Flygenring**

Þegar Fífa og Spói rekast á ókunna dæld í miðjum garðinum sínum breytist allt. Hélukeppir og gljáfætlur, óstýrilát selshamsstytta, dularfullt draugabarn og bíræfnir nágrannar eru bara brot af þeim undrum sem koma upp úr kafinu þegar vinirnir munda skóflurnar. Hyldjúp og töfrandi saga fyrir náttúrubörn á öllum aldri.

64 bls.

**Angústúra**

IB




## Tumi fer til tunglsins

**Höf: Jóhann G. Jóhannsson**
**Myndh: Lilja Cardew**

„Til tunglsins hefur mig svo lengi langað..."
Ævintýraferð Tuma til tunglsins er hér lýst í skemmtilegu söguljóði og söngvum.
Bókin er listilega myndlýst.

37 bls.

**Bókabeitan**

IB




## Úlfur og Ylfa: Sumarfrí

**Höf: Ingileif Friðriksdóttir og María Rut Kristinsdóttir**
**Myndh: Auður Ýr Elísabetardóttir**

Úlfur og Ylfa eru bestu vinir. Þau eru komin í sumarfrí og eru á leið í ferðalag með mömmum hans Úlfs. Þau ætla að keyra alla leið á Vestfirði og að sjálfsögðu slæst hundurinn Bósi Ljóshár með í för. Vinanna bíða mörg ævintýri á áfangastað, bæði náttúruundur og nýir vinir og þau taka þátt í spennandi keppni.

40 bls.

**Salka**

IB




## Víst kann Lotta að hjóla

**Höf: Astrid Lindgren**
**Myndir: Ilon Wikland**
**Þýð: Ásthildur Egilson**

Lotta kann *víst* að hjóla - þegar enginn sér hana! Gallinn er bara sá að hún á ekkert hjól og mamma og pabbi halda að hún geti látið gamla þríhjólið duga í heilt ár í viðbót. Þá grípur Lotta til sinna ráða.

34 bls.

**Forlagið - Mál og menning**

IB




## Þegar Trölli stal jólunum

**Höf: Dr. Seuss**
**Þýð: Þorsteinn Valdimarsson**

Trölli þolir ekki jólin en í næsta nágrenni halda menn þau hátíðleg með mat og drykk, söng og gjöfum. Eitt árið fær Trölli nóg. Hann arkar af stað nóttina áður en jólin ganga í garð og fjarlægir allt sem minnir á þau. Sígild saga sem kemur öllum í jólaskap!

64 bls.

**Forlagið - Mál og menning**

IB




## Þorri og Þura eignast nýjan vin

**Myndh: Bergrún Íris Sævarsdóttir**
**Höf: Sigrún Harðardóttir**

Þura heimsækir Þorra vin sinn sem er upptekinn í leik við Eystein álfastrák. Þura fær sting í magann því henni finnst erfitt að þurfa að deila besta vini sínum. Falleg saga um sannar tilfinningar og mikilvægi vináttunnar.

27 bls.

**Bókabeitan**

IB




## Ævintýri Petru papriku

**Höf: Hafdís Helgadóttir**
**Myndh: Hildur Hörn Sigurðardóttir**

Petra paprika lendir á ókunnugum stað og fer í ævintýraleiðangur að leita svara hvers vegna hún endaði þar. Hún kemst fljótt að því að þessi staður er lítill bær sem kallast Líkaminn. Þar kynnist hún alls kyns furðuverum sem allar hafa sitt hlutverk. Petra paprika lærir ýmislegt um orku og næringarefni í leiðinni.

32 bls.

**Hafdís Helgadóttir**

SVK

# Barnabækur

## SKÁLDVERK




*Ég og Milla*

### Allt í köku

**Höf: Anne Sofie Hammer**
**Myndir: Sofie Lind Mesterton**

Milla og Milla eru bestu vinkonur sem heita ekki aðeins sama nafni heldur eru jafn góðar í að finna upp á einhverju sniðugu. Þess vegna fjallar þessi bók um allt í senn, undarlegar kökur, óperur, gerviaugu, Línu kennara, Bassa hund, Jónas stóra bróður og heimsins fullkomnasta prump! Bráðskemmtileg og lifandi saga með stóru letri og fyndnum myndum.

168 bls.

**Forlagið - Vaka-Helgafell**

SVK




### Amma slær í gegn

**Höf: Gunnar Helgason**

Listakonan amma Köben slær í gegn og vill bjóða allri fjölskyldunni í heimsókn. Hljómar vel, hvað gæti klikkað? Tvíburarnir kunna þó ekki á kopp (Stella verður að redda því eins og öðru) og svo er nýi danski kærasti ömmu full-fáklæddur fyrir þeirra smekk. Þessi bók ætti eiginlega að heita Amma Köben og mesta rugl í heimi!

165 bls.

**Forlagið - Mál og menning**

KIL RAF HLB




### Bannað að vekja Grýlu

**Höf: Hjalti Halldórsson**
**Myndh: Magnús Dagur Sævarsson**

Fjör á hrekkjavöku! Jólasveinarnir hafa verið ósköp prúðir síðustu áratugina. En þegar Stekkjastaur fréttir af hrekkjavökunni rifjast upp fyrir honum hvað þeir bræður voru áður miklir hrekkjalómar. Ó, þvílíkt fjör hjá þeim ... en bæjarbúar eru ekki eins ánægðir ...

54 bls.

**Bókabeitan**

IB




### Baukað og brallað í Skollavík

**Höf: Guðlaug Jónsdóttir**
**Myndh: Hlíf Una Bárudóttir**

Í Skollavík situr enginn aðgerðalaus, þar er nóg að gera þótt engir vegir liggi þangað og símasamband náist aðeins á einum hól. Nú hefst allskonar bauk og brall - stíflugerð í ánni, sandkastalasmíð og vegalagning í fjörunni.

178 bls.

**Bókafélagið**

IB




### Binna B Bjarna: Besta hlutverkið

**Höf: Sally Rippen**

Í þessari bók er bekkurinn á leið í dýragarðinn. Binna er umsjónarmaður og reynir að halda röð og reglu. Eru ekki örugglega allir að hlusta á hana? Bækurnar um Binnu B henta vel fyrir yngstu lesendurna.

44 bls.

**Rósakot**

KIL




### Binna B Bjarna: Safnar peningum

**Höf: Sally Rippen**

Í þessari bók langar Binnu mikið í bangsakanínu en hún á ekki næga peninga. Hún fær sér ýmsa aukavinnu og sem betur fer fær hjálpar Jónsi vinur hennar til. Bækurnar um Binnu B henta vel fyrir yngstu lesendurna.

44 bls.

**Rósakot**

KIL




### Dagbók Kidda klaufa 18

***Ekkert mál***

**Höf: Jeff Kinney**
**Þýð: Helgi Jónsson**

Hér er komin 18. bókin í þessum vinsælasta bókaflokki heims. Skólagangan hjá Kidda klaufa hefur ekki alltaf verið dans á rósum. Hann er því ekkert of órólegur þegar fréttist að eigi að loka skólanum vegna skemmda, en brátt fara að renna tvær grímur á Kidda. Íslenskar þýðingar Helga Jónssonar á Kidda klaufa eru margverðlaunaðar.

224 bls.

**Sögur útgáfa**

IB




### Dótarímur

**Höf: Þórarinn Eldjárn**
**Myndh: Þórarinn Már Baldursson**

Nýr rímnaflokkur handa börnum á öllum aldri. Rímurnar eru tíu talsins, hver og ein snýst um tiltekið dót eða leikföng. Þar gengur á ýmsu og flest reynist dótið frekar misheppnað. Allt þar til kemur að níundu rímu sem fjallar um bækur. Í beinu framhaldi kemur tíunda og síðasta ríman en þar birtist loks besta dót sem við eigum.

70 bls.

**Gullbringa ehf.**

IB



### Dýrabær

**Höf: Huginn Þór Grétarsson og George Orwell**

Huginn endursegir *Animal farm* eftir George Orwell á 74 myndskreyttum blaðsíðum. Verkið á brýnt erindi í dag þar sem lýðræði á víða undir högg að sækja og valdhafar ríghalda í völd sín og nota til eigin hagsbóta. Mannréttindi eru fótum troðin, líka hér á Íslandi, og þeir sem brjóta á réttindum lítilmagnans eru varðir af kerfinu.

78 bls.

**Óðinsauga útgáfa**

IB



GOR Gormabók HSP Harðspjalda bók HLB Hljóðbók IB Innbundin bók KIL Kilja RAF Rafbók SVK Sveigjanleg kápa




*Ævintýri hinna fimm fræknu*

## Fimm og ævintýri í vetrarfríinu

**Höf: Enid Blyton**
**Þýð: Huginn Þór Grétarsson**

Smásaga eftir Enid Blyton skreytt glænýjum litmyndum:

Tommi tekur eftir mjög grunsamlegu fólki um borð í lest.

Hvað er svona óvenjulegt við einn farþegann? Hvernig munu hin fimm fræknu leysa þessa ráðgátu?

80 bls.

**Óðinsauga útgáfa**

IB




## Fíasól í logandi vandræðum

**Höf: Kristín Helga Gunnarsdóttir**
**Myndh: Halldór Baldursson**

Áttunda bókin um hina heimsfrægu Fíusól sem er í logandi vandræðum. Það er eldgos í Vindavík, Bjössi byssó flytur í götuna, Fíasól tínir upp skítalummur og syngur í Skólóvisjón. Halldór Baldursson teiknar sem fyrr veröld Fíusólar.

232 bls.

**Bjartur**

IB




## Fjársjóður í mýrinni

**Höf: Sigrún Eldjárn**

Þriðja bókin um krakkana í Mýrarsveit, þau Stellu, Ella og Bellu sem búa með pabba sínum í gráa húsinu og Móses sem býr með mæðrum sínum þremur í bláa húsinu. Einn daginn birtast óprúttnir gestir með ískyggileg plön um framtíð mýrarinnar í farteskinu. Skemmtileg og spennandi saga sem tekur á brýnum málum eins og umhverfisvernd og börnum á flótta.

97 bls.

**Forlagið - Mál og menning**

IB




## Fóa og Fóa feykirófa

**Höf: Huginn Þór Grétarsson**
**Myndir: Katrín Vigfúsdóttir**

Ýmsar munnmælasögur hafa varðveist um Fóu og Fóu feykirófu. Þessi saga segir af því þegar Fóa feykirófa kastar Fóu úr heita og feita hellinum sínum. Fóa fer að gráta en þá koma þau eitt af öðru; lambið, ærin, sauðurinn og hrúturinn … Sagan um Fóu og Fóu feykirófu er ein vinsælasta þjóðsaga Íslendinga.

34 bls.

**Óðinsauga útgáfa**

IB




## Gling Gló og bletturinn

**Höf: Hrafnhildur Hreinsdóttir**
**Myndir: Diandra Hwan**

Bókaflokkurinn fjallar um Gling Gló sem fer stundum í pössun til ömmu og leikur sér þar við Óbó vin sinn. Þetta er fjórða bókin um Gling Gló. Dag nokkurn gerir hún svolítið sem hún ekki má og skrökvar svo um það. Amma sem er hjátrúarfull segir að börn fái svartan blett á tunguna ef þau segja ekki satt. Fallegar myndir eru í bókinni.

46 bls.

**Gimbill bókasmiðja**

IB




*Ævintýri hinna fimm fræknu*

## Hárið á Georg er of sítt

**Höf: Enid Blyton**
**Þýð: Huginn Þór Grétarsson**

Georg vill bara komast í klippingu en hún flækist inn í mál bíræfinna þjófa. Júlli, Jonni og Anna eru of upptekin við ísát til að hjálpa til. Hver mun bjarga deginum? Hin fimm fræknu Júlli, Jonni, Georg, Anna og Tommi hafa glatt lesendur í meira en 70 ár!

80 bls.

**Óðinsauga útgáfa**

IB




*Bekkurinn minn 8*

## Hendi!

**Höf: Yrsa Þöll Gylfadóttir**
**Myndh: Iðunn Arna**

Hendi! Fjallar um fótboltastrákinn Hallgrím og eftirminnilegt atvik á battavellinum. Þegar þeir Amir keppa á móti eldri krökkum í fótbolta heyra þeir sögu sem ásækir þá. Missti Úlfur í alvörunni hendina í ísbjarnarárás á Grænlandi? Eða var það hákarl…?

64 bls.

**Bókabeitan**

IB




## Heyrðu Jónsi: Allt í köku

**Höf: Sally Rippen**

Jónsi er hlédrægur strákur sem þarf að takast á við alls konar áskoranir, stundum með hjálp bestu vinkonu sinnar, hennar Binnu B. Í þessari bók ákveða Jónsi og Binna að taka upp matreiðsluþátt. Ætli þau séu góðir bakarar? Bækurnar um Jónsa henta vel fyrir yngstu lesendurna.

44 bls.

**Rósakot**

KIL




## Heyrðu Jónsi: Galdur í garðinum

**Höf: Sally Rippen**

Jónsi er hlédrægur strákur sem þarf að takast á við alls konar áskoranir, stundum með hjálp bestu vinkonu sinnar, hennar Binnu B. Í þessari bók finnur Jónsi púpu í garðinum og bíður spenntur eftir því að fiðrildið skríði út. En er þetta örugglega fiðrildapúpa? Bækurnar um Jónsa henta vel fyrir yngstu lesendurna.

44 bls.

**Rósakot**

KIL




## Hin eini sanni jólasveinn

**Höf: Hjalti Halldórsson**
**Myndh: Herborg Árnadóttir**

Jólympíuleikarnir! Matthildur var svo viss um að það væri frábær hugmynd að láta jólasveinana keppa í alls konar jólaþrautum í sjónvarpinu. Þá myndu þeir hætta að rífast um hver væri mestur og bestur. Jólaandinn færðist aftur yfir bæinn og pabbi héldi starfinu hjá sjónvarpsstöðinni. En núna er allt farið í vaskinn.

176 bls.

**Bókabeitan**

IB




## Hlutaveikin

**Höf: Þórarinn Eldjárn**
**Myndh: Sigrún Eldjárn**

Jólin nálgast. Freysteinn Guðgeirsson er ungur drengur sem verður æ spenntari með hverjum degi sem líður. Biðin er við það að verða óbærileg. Á endanum koma þau samt og Freysteinn getur loksins, loksins farið að opna alla jólapakkana. En þá kemur dálítið í ljós sem reynist erfitt viðureignar þó allt fari vel að lokum. Myndir gerði Sigrún Eldjárn.

46 bls.

**Gullbringa ehf.**

IB




## Ísadóra Nótt fer á vampíruball

**Höf: Harriet Muncaster**
**Myndh: Harriet Muncaster**
**Þýð: Ingunn Snædal**

Ísadóra Nótt er sérstök af því að hún er öðruvísi. Mamma hennar er álfur og pabbi hennar vampíra og hún er blanda af þessu tvennu.

Það er komið að hinu árlega vampíruballi og Ísadóra Nótt getur ekki beðið! Það er bara eitt vandamál, hún þarf að keppa í hæfileikakeppninni með hinum vampírubörnunum.

160 bls.

**Drápa**

IB




## Hrekkjavökur

**Höf: Bragi Páll Sigurðarson og Bergþóra Snæbjörnsdóttir**
**Les: Ásthildur Úa Sigurðardóttir, Vignir Rafn Valþórsson og Rúnar Freyr Gíslason**

Varúð! Hrekkjavökur eru hryllilega fyndnar sögur fyrir hugrökk börn. Hér leynast allskyns kynjaverur og hrikalegar skepnur sem hafa hrætt líftóruna úr kátum krökkum alla tíð síðan í eldgamla daga. Nú er tíminn til að snúa lyklinum í skránni, leiða hjá sér marrið í hurðinni og hleypa óttanum inn fyrir þröskuldinn ... og kannski hlæja smá í leiðinni.

**Storytel**

RAF HLB




## Ísadóra Nótt fer í frí

**Höf: Harriet Muncaster**
**Þýð: Ingunn Snædal**

Þegar Ísadóra vinnur frábært frí fyrir fjölskylduna sína hlakkar hún til að fara í sólina, sjóinn og sandinn. En svo þarf að taka til hendinni þegar hún og hafmeyjan Marína finna skjaldbökuunga í vanda. Getur Ísadóra hjálpað litlu skjaldbökunni að rata heim?

Mamma hennar er álfur og pabbi hennar er vampíra og hún er blanda af þessu tvennu.

128 bls.

**Drápa**

SVK




## Hræðileg gjöf

**Höf: Meritxell Martí og Xavier Salomó**
**Þýð: Elín G. Ragnarsdóttir**

Í kvöld verður veislan Heimshryllingur þar sem koma saman níu verstu skrímsli sögunnar.

Fyrst kom *Húsið hennar ömmu* og svo *Húsið hans afa*. Frá sömu höfundum kemur nú *Hræðileg gjöf*.

56 bls.

**Drápa**

IB




## Kóngsi geimfari

**Höf: Laufey Arnardóttir**
**Myndh: Örn Tönsberg**

Kóngsi er risasmár talandi páfagaukur sem vill skilja alheiminn. Hann hefur áhyggjur af Kela vini sínum sem er fluttur í nýtt hverfi og á enga vini í skólanum. Þeir deila áhuga á víðáttum geimsins og Keli smíðar geimskip með Birtu í næsta húsi. Hjartnæm og fyndin saga um vináttu, kærleika, alheiminn og gátur lífsins, sögð frá sjónarhorni páfagauks.

99 bls.

**Hugun – Lofn útgáfa**

IB




## Hundmann: Óbyggðirnar kvabba

**Höf: Dav Pilkey**
**Þýð: Sigurgeir Orri Sigurgeirsson**

Bækurnar um Hundmann hafa slegið í gegn um allan heim og hafa selst í tugum milljóna eintaka. Raunar er leit að vinsælli barnabókum um þessar mundir. Hundmann bækurnar er fyndnar og skemmtilegar og hafa komið mörgum ungum lesandanum af stað.

240 bls.

**Bókafélagið**

IB




## Leyndarmál Lindu 10

***Sögur af ekki-svo frábærri hvolpafóstru***

**Höf: Rachel Renée Russell**
**Þýð: Helgi Jónsson**

Linda og bestu vinir hennar fara út í leyniverkefni: að bjarga sjö hvolpum og Móru mömmu þeirra. Til þess þarf Linda að fela hundana fyrir foreldrum sínum! Bækurnar um Lindu hafa slegið í gegn og setið á metsölulistum víða um heim um árabil. Fjörlegar teikningarnar og léttleikandi textinn gera lesmálið aðgengilegt og skemmtilegt.

302 bls.

**Sögur útgáfa**

IB




Lestu með tilþrifum

Penninn Eymundsson




## Lindís í Samalandi

**Höf: Guðný Anna Annasdóttir**
**Myndh: Páll Jóhann Sigurjónsson**

Magdalena langalangamma Lindísar, sem býr í Narvik í Norður-Noregi, á 105 ára afmæli.
Lindís fer þangað með móður sinni og ömmu til þess að vera viðstödd stórafmælið.
Þar upplifir Lindís samíska menningu. En hvað er besta upplifunin fyrir Lindísi?
Þessi bók er í flokknum Leikur að lesa.

33 bls.

**Gudda Creative**

IB




## Litli prinsinn

**Höf: Antoine de Saint-Exupéry**
**Þýð: Arndís Lóa Magnúsdóttir**

Sígild og ástsæl saga um flugmann sem brotlendir í eyðimörk og hittir þar lítinn prins frá ókunnugri plánetu. Prinsinn segir honum frá ferð sinni um alheiminn, öllum sem hann hefur hitt og öllu því sem hann hefur lært um lífið. Hún hefur komið út á yfir 250 tungumálum og selst í meira en 200 milljónum eintaka. Ný þýðing Arndísar Lóu Magnúsdóttur.

125 bls.

**Benedikt bókaútgáfa**

KIL




## Ljósaserían: Draugagangur og Derby

**Höf: Ásrún Magnúsdóttir**
**Myndh: Evana Kisa**

Eyvör og Milena byrja að æfa glænýja íþrótt, roller derby! En æfingarnar breytast í rúllandi ráðgátu þegar námskeiðinu er aflýst!

60 bls.

**Bókabeitan**

IB




## Ljósaserían: Ráðgátugleraugun

**Höf: Kristín Björg Sigurvinsdóttir**
**Myndh: Herborg Árnadóttir**

Aníta er ósátt við að Andri, litli bróðir hennar, fái að fara með í gistingu til ömmu og afa. Hún fær þó um annað að hugsa þegar fjarstýrður bíll og tvær Syrpur hverfa á dularfullan hátt. Svo dregur amma fram ráðgátugleraugun.

73 bls.

**Bókabeitan**

IB




## Ljósaserían: Stúfur og björgunarleiðangurinn

**Höf: Eva Rún Þorgeirsdóttir**
**Myndh: Blær Guðmundsdóttir**

Jólakötturinn er alltaf í vondu skapi. Einn daginn ákveður Stúfur að hjálpa honum að finna gleðina og góða skapið sem gerir lífið svo miklu skemmtilegra. En þegar þeir félagar finna lítið lamb í hættu breytist dagurinn í svakalegan björgunarleiðangur!

80 bls.

**Bókabeitan**

IB




## Loki 3: leiðarvísir fyrir prakkara að heimsyfirráðum

**Höf: Louie Stowell**
**Þýð: Sólveig Sif Hreiðarsdóttir**

Loki á í bölvuðu basli með að verða almennilegur. Hann er enn þá á jörðinni sem 11 ára strákur og í straffi hjá Óðni vegna þess að hann klippti hárið af ásynjunni Sif en núna lendir hann í alvarlegum vandræðum. Stendur Loki sig í þetta sinn eða tekur prakkarinn yfirráðin? Dásamlega fyndin bók með rætur í sagnaarfinum fyrir 8+

288 bls.

**Kver bókaútgáfa**

IB




## Lói: seigla og sigrar

**Höf: Friðrik Erlingsson og Styrmir Guðlaugsson**
**Myndh: Gunnar Karlsson**

Sól skín í heiði og lóur og aðrir farfuglar koma fljúgandi í stórum hópum á varpstöðvarnar. Það er þó ekki hættulaust því að fálkinn Skuggi er svangur eftir veturinn og situr fyrir þeim. Bækurnar um Lóa eru byggðar á íslensku kvikmyndinni *Lói – þú flýgur aldrei einn* sem hefur farið sigurför um heiminn.

64 bls.

**Bjartur**

IB




## LÆK

**Höf: Bergrún Íris Sævarsdóttir og Gunnar Helgason**

Sæskrímsli, uppvakningar, tröll, kolkrabbahamstur, fangamyndavél, ofurhetja og allskyns aðrar fígúrur búa innan um mannfólkið í Hafnarfirði – og lifna við í stórskemmtilegum, sprenghlægilegum, á stundum afar sorglegum en aðallega spennandi smásögum.

184 bls.

**Drápa**

IB




## Matti og Maurún

**Höf: Marco Mancini**

Leggðu af stað í hugljúft ævintýri með Maurúnu og Matta til að komast í kynni við ótrúlegan heim leynilegrar mauranýlendu á íslenskum leikskólavelli. Taktu þátt í sérstakri vináttu þeirra sem er fyllt gleði, forvitni og sögum sem leiða í ljós mikil stórmerki undir fótum okkar.

46 bls.

**Bókafélagið**

IB




## Mírabella gegnir ekki galdrabanni

**Höf: Harriet Muncaster**
**Þýð: Ingunn Snædal**

Mírabella er sérstök af því að hún er öðruvísi. Nú ætla álfarnir að halda hátíð og pabbi Mírabellu er búinn að segja að hún verði að haga sér vel. En Mírabella veit að allt verður mun skemmtilegra ef hún framkvæmir nokkra nornagaldra. Tekst Mírabellu að halda sig á mottunni? Mjög líklega ekki!

128 bls.

**Drápa**

IB




*Þín eigin saga*

## Nýi nemandinn

**Höf: Ævar Þór Benediktsson**
**Myndir: Evana Kisa**

Dag einn, þegar þú ert á leiðinni í skólann, rekstu á snareðlu sem felur sig í runna. Ætlarðu að flýja eða taka hana með þér í kennslustund? Þú ræður hvað gerist! Þetta er tíunda bókin í þessum vinsæla bókaflokki þar sem lesandinn ræður ferðinni. Hér spinnur Ævar Þór þráð úr bók sinni *Þitt eigið tímaferðalag.*

62 bls.

**Forlagið - Mál og menning**

SVK




## Stella segir bless

**Höf: Gunnar Helgason**

Allir krakkar á Íslandi þekkja Stellu og skrautlega fjölskyldu hennar: Mömmu klikk, pabba prófessor, ömmurnar, börnin fimm og nojaða nágrannann. Nú stefnir Stella á Ólympíuleikana en allt sem getur klikkað klikkar. Og hvernig í veröldinni á hún þá að vera eiturhress og í stuði? Hrikalega fyndin saga, með drama að hætti Stellu Erlings.

196 bls.

**Forlagið - Mál og menning**

SVK RAF HLB




## Ólga

***Kynjaslangan***

**Höf: Hrund Hlöðversdóttir**

Andspyrnuflokkur innan skuggaheima reynir að koma foringjanum frá völdum en barátta skugga og huldufólks nær hæstu hæðum og út brýst blóðug styrjöld. Galdraseyði, galdraþulur, lífsteinar og jarðhræringar koma við sögu þegar þarf að kljást við stórhættulega kynjaslöngu mitt í hatrömmum deilum tveggja heima.

150 bls.

**Bókaútgáfan Hólar**

IB




## Stjáni og stríðnispúkarnir: Spítalapúkar

**Höf: Zanna Davidson**

Bækurnar um Stjána eru spennandi valkostur fyrir krakka sem eru að ná góðum tökum á lestri.

80 bls.

**Rósakot**

IB




## Ráðgátan um dularfulla sælgætisskrímslið

***Draugastofan 2***

**Höf: Kristina Ohlsson**
**Þýð: Tinna Ásgeirsdóttir**

Sælgætisverslun Siggu sætu er tómleg. Það vill enginn kaupa neitt þar lengur því þar er draugur sem fær sér bita af sælgætinu og fleygir því á gólfið!

En hvað vill sælgætisskrímslið eiginlega og hvers vegna gengur það aftur?

Geta Edda og Krummi á Draugastofunni komið Siggu sætu til bjargar eða neyðist hún til að loka búðinni?

112 bls.

**Ugla**

IB




## Stjáni og stríðnispúkarnir: Útilegupúkar

**Höf: Zanna Davidson**

Bækurnar um Stjána eru spennandi valkostur fyrir krakka sem eru að ná góðum tökum á lestri.

80 bls.

**Rósakot**

IB




*Fótboltistarnir*

## Ráðgátan um stolnu styttuna

**Höf: Roberto Santiago**
**Myndh: Carlos Lluch**
**Þýð: Ásmundur Helgason**

Ein mínúta eftir! Skógargerði á víti.

Það eru tvær mjög sérstakar reglur í jólamótinu í Skógargerði. Allir leikmenn og dómarar verða að vera með jólasveinahúfu og allir mega kasta snjóboltum á síðustu mínútu hvers leiks. Sagan byrjar á lokamínútunni ... og allt getur gerst!

64 bls.

**Drápa**

IB




## Stórkostlega sumarnámskeiðið

**Höf: Tómas Zoëga**
**Myndir: Sólrún Ylfa Ingimarsdóttir**

Pabbi hefur steingleymt að skrá Pétur á sumarnámskeið en Stefanía bjargar því og stofnar til sérsniðins námskeiðs fyrir vin sinn. Og þar með upphefst fjörugt sumar þar sem við sögu koma andsetin töfraþvottavél, vöffluturn, óútreiknanlegir ullarsokkar og rammskakkur leynikofi. Fyrri bók höfunda var tilnefnd til Barnabókaverðlauna Norðurlandaráðs.

130 bls.

**Forlagið - Mál og menning**

IB RAF



Hvern langar þig að hitta í dag?

Penninn Eymundsson



GOR Gormabók HSP Harðspjalda bók HLB Hljóðbók IB Innbundin bók KIL Kilja RAF Rafbók SVK Sveigjanleg kápa



*Spæjarastofa Lalla og Maju*

## Sundráðgátan

**Höf: Martin Widmark**
**Myndir: Helena Willis**
**Þýð: Æsa Guðrún Bjarnadóttir**

Bæjarbúar flykkjast í sund til að sjá Ólympíumeistarann Rökkva Snæ sýna dýfingar. Eftir glæsilegt stökk neitar hann að koma upp úr. Hvað varð um sundskýluna hans?! Og hver rændi verðmætum úr skápum sundlaugargesta? Bráðfyndin og spennandi ráðgáta fyrir unga lestrarhesta.

91 bls.

**Forlagið - Mál og menning**

IB

---



## Sveindís Jane: Saga af stelpu í landsliði

**Höf: Sæmundur Norðfjörð og Sveindís Jane Jónsdóttir**

Sagan af Sveindísi Jane heldur áfram!
 Hún keppir nú með unglingalandsliðinu fyrir hönd Íslands. Baráttan er við erfiða mótherja fremstu liða heims. En það er ekki bara baráttan við mótherjana sem er erfið, það er ekki síður flókið að eiga við samherjana. Sumir þeirra haga sér meira að segja ansi undarlega eins og til dæmis hún Mæja pæja.

76 bls.

**Loki**

IB

---



## Tjörnin

**Höf: Rán Flygenring**

Þegar Fífa og Spói rekast á ókunna dæld í miðjum garðinum sínum breytist allt. Hélukeppir og gljáfætlur, óstýrilát selshamsstytta, dularfullt draugabarn og bíræfnir nágrannar eru bara brot af þeim undrum sem koma upp úr kafinu þegar vinirnir munda skóflurnar. Hyldjúp og töfrandi saga fyrir náttúrubörn á öllum aldri.

64 bls.

**Angústúra**

IB

---



## Undirheimar

**Höf: Helgi Jónsson**

Ester er 10 ára stelpa sem kemur ekki heim eitt kvöldið. Leit að henni stendur í sex daga. Þá birtist hún skyndilega og enginn trúir hvar hún hefur verið.

180 bls.

**Bókaútgáfan Tindur**

KIL

---



## Valkyrjusaga

**Höf: Kristín Ragna Gunnarsdóttir**

Ríkulega myndlýst ævintýri! Kötlu leiðist því Máni, besti vinur hennar, er á ferðalagi um Kína. Svo eru amma klettur og göldrótt systir hennar búnar að leggja undir sig heimilið. En Katla kemst í nýstofnað fótboltalið og sumarfríið tekur óvænta stefnu þegar sex valkyrjur úr goðheimum mæta á svæðið.

264 bls.

**Bókabeitan**

IB

---



## Versta vika sögunnar

***Mánudagur***

**Höf: Eva Morales og Matt Cosgrove**
**Þýð: Ásmundur Helgason**

Hefur þú einhvern tíma átt slæma viku? Það hefur Jón Jónsson átt, og þetta er sú vika! Mamma hans var að giftast vampíru. Pabbi hans keyrir um á risastóru klósetti. Kettinum hans hefur verið rænt, líklega af geimverum.

192 bls.

**Drápa**

IB

---



## Verstu skrímsli í heimi

**Höf: David Walliams**
**Þýð: Guðni Kolbeinsson**

Tíu frábærar sögur um verstu skrímsli í heimi sem munu fá þig til að hristast af hlátri. Eftir lestur þessarar bókar munt þú aldrei líta skrímsli sömu augum.

284 bls.

**Bókafélagið**

IB

---



## Voffbóti

**Höf: David Walliams**
**Þýð: Guðni Kolbeinsson**

Voffbóti er nýkominn í Lögregluhundaskólann og útbúinn til afreka. En getur hann stöðvað illskeyttasta tvíeki Uslaborgar og áætlanir þeirra um að rústa borginni. Frábær bók eftir Íslandsvininn David Walliams.

320 bls.

**Bókafélagið**

IB

---



## Vondir gaurar 6

**Höf: Aaron Blabey**

Einn af öðrum hverfa vondu gaurarnir. Teknir! Af skrímsli með allt of margar tennur … og of marga rassa! Eru þetta endalokin? Kannski. Verður þetta fyndið? Þú getur alveg bókað það! Ný bók í vinsælum bókaflokki sem hvetur krakka til að lesa.

140 bls.

**Óðinsauga útgáfa**

KIL

---



## Ævintýri Petru papriku

**Höf: Hafdís Helgadóttir**
**Myndh: Hildur Hörn Sigurðardóttir**

Petra paprika lendir á ókunnugum stað og fer í ævintýraleiðangur að leita svara hvers vegna hún endaði þar. Hún kemst fljótt að því að þessi staður er lítill bær sem kallast Líkaminn. Þar kynnist hún alls kyns furðuverum sem allar hafa sitt hlutverk. Petra paprika lærir ýmislegt um orku og næringarefni í leiðinni.

32 bls.

**Hafdís Helgadóttir**

SVK

# Unglingabækur

## SKÁLDVERK




### Benjamín dúfa

**Höf: Friðrik Erlingsson**

Sagan um Benjamín dúfu er ein vinsælasta barnabók sem komið hefur út á Íslandi. Benjamín og vinir hans stofna riddarareglu Rauða drekans og eiga viðburðaríkt sumar í vændum. Dagarnir í Hverfinu verða sem ótrúlegt ævintýri, þar til brestir koma í vináttuna og kaldur veruleikinn breytir lífi þeirra til frambúðar.

180 bls.

**Forlagið - Vaka-Helgafell**

KIL RAF




### Dóttir tímavarðarins

**Höf: Jóhanna Kristín Atladóttir**

Öðruvísi saga þar sem nornabrennur miðalda blandast nútímanum. Hver er hún þessi stúlka, sem fannst meðvitundarlaus og næstum nakin á kaldri októbernótt á bílaplani í Breiðholti. Getur verið að hún sé norn frá miðöldum? Hvernig? Sigrún var viss um að hún væri tímaferðalangur en Elínborg félagsráðgjafi vill halda sig við staðreyndir.

**Rimaútgáfan**

RAF




*Álfheimar*

### Gyðjan

**Höf: Ármann Jakobsson**

Hörkuspennandi lokaþáttur í bókaflokki prófessors Ármanns Jakobssonar um fjögur ungmenni í heimi álfanna. Dagný, Konáll, Soffía og Pétur reyna að fóta sig í gráa heiminum sem óbreyttir menntskælingar eftir að hafa neyðst til að flýja Tudati. Þrátt fyrir að vera komin heim er Dagný óróleg. Eru mannheimar í raunverulegri hættu?

156 bls.

**Angústúra**

IB




### Hvíti ásinn

**Höf: Jóhanna Sveinsdóttir**

Það er fátt venjulegt við Iðunni. Hún býr í felum og lítur ekki út eins og aðrir unglingar. Eftir óvænta heimsókn flytur hún á Himinbjörg og líf hennar breytist svo um munar. Mun hún loksins fá að tilheyra umheiminum eða verður lífið enn undarlegra? *Í Hvíta ásnum* fléttast heimur ása og vætta saman við framtíðina á ævintýralegan hátt.

320 bls.

**Salka**

IB




*Vinkonur*

### Jólaverkefnið

**Höf: Sara Ejersbo**

**Þýð: Ingibjörg Valsdóttir**

Jósefína ætlar að skipuleggja rosalegustu Lúsíugöngu í sögu skólans. Emma er leynivinur stráks sem hatar jólin en hún neitar að gefast upp - hann skal komast í jólaskap! Amöndu finnst allt gjafastússið farið úr böndunum og stingur upp á að gefa heimatilbúnar gjafir í ár - en getur hún búið til gjafir?

187 bls.

**Bókabeitan**

IB RAF HLB




### Kasia og Magdalena

**Höf: Hildur Knútsdóttir**

Magdalena hefur verið í barnaverndarkerfinu alla ævi og dvalið á ótal fósturheimilum. Mamma hennar glímir við fíkn og nú virðist hún vera að missa fótanna aftur. Þegar Magdalena verður ástfangin af Kasiu finnur hún öryggið sem hana hefur alltaf skort. Þess vegna lætur hún allar vísbendingar um skuggalega fortíð hennar sem vind um eyrun þjóta.

191 bls.

**Forlagið - JPV útgáfa**

IB RAF




### Kærókeppnin

**Höf: Embla Bachmann**

**Myndh: Blær Guðmundsdóttir**

Davíð og Natalía hafa verið bestu vinir síðan þau fæddust. Þau hafa líka verið að keppa síðan þau fæddust. Nú etja þau kappi í splunkunýrri keppni sem gengur út á að komast í samband. Upphitun sem setur tóninn, brösuglegt upphaf, æsispennandi framvinda og óvæntar lokamínútur.

191 bls.

**Bókabeitan**

IB RAF HLB




### LÆK

**Höf: Bergrún Íris Sævarsdóttir og Gunnar Helgason**

Sæskrímsli, uppvakningar, tröll, kolkrabbahamstur, fangamyndavél, ofurhetja og allskyns aðrar fígúrur búa innan um mannfólkið í Hafnarfirði – og lifna við í stórskemmtilegum, sprenghlægilegum, á stundum afar sorglegum en aðallega spennandi smásögum.

184 bls.

**Drápa**

IB





GOR Gormabók HSP Harðspjalda bók HLB Hljóðbók IB Innbundin bók KIL Kilja RAF Rafbók SVK Sveigjanleg kápa




## NammiDagur

**Höf: Bergrún Íris Sævarsdóttir**
**Myndh: Sigmundur B. Þorgeirsson**

Bráðfyndin hrollvekja í bland við sjóðheita ástarsögu. Dagur og Ylfa ranka við sér í líkhúsinu, hissa á að vakna aftur eftir skotárás sérsveitarinnar. Þau leggja á flótta, húka sér far út á land og hreiðra um sig í bústað með nóg af grillkjöti í nesti ...

108 bls.

**Bókabeitan**

IB RAF HLB




## Skólaslit 3

***Öskurdagur***

**Höf: Ævar Þór Benediktsson**
**Myndir: Ari H.G. Yates og Lea My Ib**

Endalokin nálgast! Myrkrið hefur sigrað. Ísland verið lagt í rúst. Þau örfáu sem eftir lifa hafa leitað skjóls á litlum víggirtum bóndabæ á Reykjanesinu. En þau geta ekki falið sig endalaust. Handan við hornið bíður þeirra barátta upp á líf og dauða, þar sem eitt er víst: Það munu ekki allir lifa af.

249 bls.

**Forlagið - Mál og menning**

IB RAF HLB




## Persepolis

**Höf: Marjane Satrapi**
**Þýð: Snæfríð Þorsteins**

Ógleymanleg uppvaxtarsaga íranska höfundarins Marjane Satrapi (f. 1969), sem fór sigurför um heiminn þegar hún kom fyrst út. Spaugilegar hversdagssenur í lífi höfundar og harmleikur þjóðar fléttast listilega saman þessari margrómuðu myndasögu sem lætur engan ósnortinn.

172 bls.

**Angústúra**

KIL




***Vinkonur***

## Strákamál 3: Ákvörðun Amöndu

**Höf: Sara Ejersbo**
**Þýð: Ingibjörg Valsdóttir**

Amanda fer í skíðafrí með stjúpbræðrum sínum – og með tognaðan ökkla. Ekki beint draumafríið, en svo hitter hún Melvin. Hann er sætur og það er svo gott að tala við hann að Amanda opnar sig á annan hátt en hún hefur áður gert. Líður Melvin eins og henni eða er hann bara að vera almennilegur?

136 bls.

**Bókabeitan**

IB RAF HLB




## Ragnarök

***Saga úr sagnabálkinum Hvísl hrafnanna***

**Höf: Malene Sølvsten**
**Þýð: Ragnar Hauksson**

Drápsvél, þjálfuð í bardaga og hlýðni. Hvernig gat mesti stríðsmaður ríkisins skipt um lið?

Loksins fáum við svarið við því hvers vegna Varnar gekk til liðs við andspyrnuhreyfinguna og gerðist verndari Önnu. Þegar þau hittust breyttist ekki aðeins líf þeirra beggja heldur framtíð heimsins að eilífu.

158 bls.

**Ugla**

IB




## Undir sjöunda þili

**Höf: Elísabet Thoroddsen**

Tinna er í sínu fyrsta ferðalagi með skátunum þegar óveður og óvæntir atburðir breyta ævintýrinu í martröð. Hóparnir eru sendir út um miðja nótt að leysa þrautir en Tinnu hættir að lítast á blikuna þegar vísbendingarnar verða sífellt skrítnari og óhugnalegri. Skyndilega skellur á blindbylur og Tinna verður viðskila við hópinn ...

115 bls.

**Bókabeitan**

IB




***Anna í Grænuhlíð***

## Rilla á Arinhæð

***VIII***

**Höf: L.M. Montgomery**
**Þýð: Sigríður Lára Sigurjónsdóttir**

Börn Önnu og Gilberts eru næstum fullorðin, fyrir utan hina fallegu og skapmiklu Rillu Blythe. Þegar sagan hefst er Rilla tæplega fimmtán ára og getur ekki hugsað um annað en að fara á sinn fyrsta dans og fá sinn fyrsta koss frá myndarlegum Kenneth Ford. En ófyrirséðar áskoranir bíða hinnar taumlausu Rillu þegar heimur hennar kemst í uppnám.

350 bls.

**Ástríki útgáfa**

SVK




***Lockwood og Co.***

## Óskrin frá stiganum

**Höf: Jonathan Stroud**
**Þýð: Sólveig Sif Hreiðarsdóttir**
**Myndh: Alessandro „Talexi“ Taini**

Draugafaraldur herjar á England en einu manneskjurnar sem greina drauga eru börn og ungt fólk og flest vinna þau í stórum fyrirtækjum sem draugabanar. Lockwood og Co. er minnsta sjálfstæða draugabanafyrirtækið og þar er að finna sérlega hæfileikaríka einstaklinga en þeirra bíður flókið úrlausnarefni. Spennandi bók fyrir 10+

430 bls.

**Kver bókaútgáfa**

KIL

prentmet ODDI
heildarlausnir í prentun

Við erum sérfræðingar í prentun bóka og bjóðum upp á Svansvottaða framleiðslu

**Kiljur og harðspjaldabækur**




Umbúðir Almenn prentun Bækur Límmiðar Stimplar

Lynghals 1, 110 Rvk 5 600 600
Eyravegi 25, 800 Selfoss 482 1944
Glerárgötu 28, 600 Akureyri 4 600 700
prentmetoddi.is

SVANSVOTTUÐ PRENTSMIÐJA
JAFNLAUNAVOTTUN

# Teiknimyndasögur




*Goðheimar 14*
## Múrinn
**Höf: Peter Madsen**
**Þýð: Bjarni Frímann Karlsson**
Næstsíðasta bókin í þessum vinsæla myndasagnabálki. Frjósemisguðinn Freyr fær augastað á jötnameyjunni Gerði og Þjálfi er sendur til Gymisgarða í gervi Skírnis skósveins til þess að sannfæra stúlkuna um að eiga stefnumót við guðinn. Sú ferð reynist sannkallað hættuspil því að Ragnarök nálgast óðum og mikill jötnaher hefur safnast fyrir á staðnum.
48 bls.
**Forlagið - Iðunn**

IB




## Hjartastopp 3
**Höf: Alice Oseman**
**Þýð: Erla Elíasdóttir Völudóttir**
Einlæg og snjöll myndasaga fyrir börn og unglinga sem hefur farið sigurför um heiminn. Nick og Charlie eru par en vilja halda því fyrir sig til að byrja með. En þegar þeir fara í skólaferðalag til Parísar spyrst leyndarmálið út. Munu vinir þeirra standa með þeim? Eftir bókunum hafa verið gerðir vinsælir sjónvarpsþættir á Netflix.
385 bls.
**Forlagið - JPV útgáfa**

SVK




## Persepolis
**Höf: Marjane Satrapi**
**Þýð: Snæfríð Þorsteins**
Ógleymanleg uppvaxtarsaga íranska höfundarins Marjane Satrapi (f. 1969), sem fór sigurför um heiminn þegar hún kom fyrst út. Spaugilegar hversdagssenur í lífi höfundar og harmleikur þjóðar fléttast listilega saman þessari margrómuðu myndasögu sem lætur engan ósnortinn.
172 bls.
**Angústúra**

KIL




## Hjartastopp 4
**Höf: Alice Oseman**
**Þýð: Erla Elíasdóttir Völudóttir**
Fjórða myndasagan í bókaflokknum vinsæla eftir breska höfundinn Alice Oseman. Rómantískar, innilegar og skemmtilegar bækur með fallegum og raunsæjum lýsingum á unglingum. *Hjartastopp* hefur farið sigurför um heiminn.
352 bls.
**Forlagið - JPV útgáfa**

SVK




*Fótboltistarnir*
## Ráðgátan um stolnu styttuna
**Höf: Roberto Santiago**
**Myndh: Carlos Lluch**
**Þýð: Ásmundur Helgason**
Ein mínúta eftir! Skógargerði á víti.
Það eru tvær mjög sérstakar reglur í jólamótinu í Skógargerði. Allir leikmenn og dómarar verða að vera með jólasveinahúfu og allir mega kasta snjóboltum á síðustu mínútu hvers leiks. Sagan byrjar á lokamínútunni ... og allt getur gerst!
64 bls.
**Drápa**

IB




## Jólasyrpa 2024
**Höf: Walt Disney**
Spennandi sögur úr Andabæ sem koma öllum í jólaskap!
256 bls.
**Edda útgáfa**

IB




## Ráðgátumyndasögur
**Höf: Martin Widmark og Helena Willis**
**Þýð: Æsa Guðrún Bjarnadóttir**
Frábær bók í fríið fyrir spæjara á aldrinum 5-11 ára! Lalli og Maja hjálpa lögreglustjóranum í Víkurbæ að leysa dularfullar ráðgátur. Hér birtast Lalli og Maja í fyrsta sinn á myndasöguformi. Fjórar nýjar ráðgátur auk fjölmargra þrauta og frétta af fólkinu í Víkurbæ, bæði þeim sem fremja glæpina og spæjurunum sem leysa ráðgáturnar.
72 bls.
**Forlagið - Mál og menning**

SVK



Gefum
börnum bækur
Penninn Eymundsson


GOR Gormabók HSP Harðspjalda bók HLB Hljóðbók IB Innbundin bók KIL Kilja RAF Rafbók SVK Sveigjanleg kápa

# Barnabækur

## FRÆÐI OG BÆKUR ALMENNS EFNIS



### Bakað með Láru og Ljónsa

**Höf: Birgitta Haukdal og Sylvía Haukdal**
**Myndir: Anahit Aleqsanian, Elen Nazaryan og Íris Dögg Einarsdóttir**

Lára og Ljónsi elska að hjálpa til í eldhúsinu og skemmtilegast af öllu er auðvitað að prófa sig áfram við bakstur. Hér eru fjölmargar ljúffengar uppskriftir eftir Sylvíu Haukdal bakara sem henta krökkum á öllum aldri, bæði fyrir hátíðleg tækifæri og hversdaginn. Bókina prýða fallegar ljósmyndir auk fjölmargra litríkra teikninga af Láru og Ljónsa.

96 bls.

**Forlagið - Vaka-Helgafell**

IB



### Byggingarnar okkar

***Íslensk byggingarlistasaga fyrir börn***
**Höf: Alma Sigurðardóttir**
**Myndh: Rakel Tómasdóttir**

Bókin fjallar um þá strauma og stíla sem einkenna íslenska byggingarlistasögu frá torfhúsum til steinsteyptra húsa á einfaldan hátt með það að markmiði að sem flestir geti fræðst um íslenska byggingarlistasögu.

**Alma Sigurðardóttir**

IB



### Einar, Anna og safnið sem var bannað börnum

**Höf: Margrét Tryggvadóttir og Linda Ólafsdóttir**

Hér er sagt á lifandi og skemmtilegan hátt frá listamanninum Einari Jónssyni, Önnu konu hans, listaverkunum sem allt þeirra líf snerist um og safninu sem var eitt sinn bannað börnum. Margrét Tryggvadóttir og Linda Ólafsdóttir hafa vakið verðskuldaða athygli fyrir bækur sínar sem henta bæði fyrir unga lesendur og eldri.

56 bls.

**Forlagið - Iðunn**

IB



***Fræðsla og fjör***

### Eldfjöll

**Þýð: Kristian Guttesen**

Bókin er sneisafull af áhugaverðum upplýsingum, með góðum skýringarmyndum og ríkulega myndskreytt. Henni er ætlað að svara spurningum og fræða lesendur um eldgos, eldfjöll og ýmis tengd náttúrufyrirbrigði. Í bókinni er fróðleikur um eldstöðvar, bæði á Íslandi og víða um heim.

70 bls.

**Óðinsauga útgáfa**

IB



### Ég vil skoða mig og þig

**Höf: Katie Daynes**

Bók nr. 3 í bókaflokknum „Ég vil skoða ..."
Bókin er með meira en 60 flipum til þess að fletta. Þessi skemmtilega bók svarar alls konar spurningum um hvernig þú stækkar og þroskast. Hvenær byrja ég að tala? Hvað er kynþroski? Hvernig stækka ég? Skemmtilegar harðspjalda fróðleiksbækur fyrir forvitna krakka 5 ára+

14 bls.

**Rósakot**

IB



### Fótboltaspurningar Illuga Jökulssonar

**Höf: Illugi Jökulsson**

Hér er komin mögnuð spurningabók sem snýst eingöngu um fótbolta! Í bókinni eru 15 leikir sem innihalda 15 spurningar hver. Alls 225 spurningar! Veistu allt um fótbolta? Nú kemur það í ljós!

112 bls.

**Drápa**

IB



***Fótboltastjörnur!***

### Ronaldo
### Liverpool

**Höf: Simon Mugford**
**Þýð: Guðni Kolbeinsson**

Tvær nýjar bækur í hinni geysivinsælu fótboltabókaseríu Bókafélagsins. Nú er það bókin um feril Ronaldo og svo um hina glæstu sögu Liverpool. Heilmikil tölfræði er í bókunum, sem ungir lesendur hafa mjög gaman að.

126 bls.

**Bókafélagið**

IB






*Hugmyndasmiðir:*
## Frábær hugmynd!
**Höf: Eva Rún Þorgeirsdóttir og Svava Arnardóttir**
**Myndh: Ninna Þórarinsdóttir**
Vilt þú vera hugmyndasmiður? Í þessari bók kynnist þú aðferðum við að hugsa skapandi, fá hugmyndir og láta þær verða að veruleika. Bókin fjallar líka um það hvers vegna hugmyndasmiðir eru mikilvægir fyrir framtíðina. Í gegnum verkefnið læra krakkar um nýsköpun, sem eflir frumkvöðlafærni þeirra og hvetur þau til að skapa lausnir fyrir framtíðina.
64 bls.
**Bókabeitan**
SVK




## Sigrún í safninu
**Höf: Sigrún Eldjárn**
Hér segir einn ástsælasti barnabókahöfundur þjóðarinnar, Sigrún Eldjárn, frá uppvexti sínum í Þjóðminjasafninu þegar faðir hennar, Kristján Eldjárn, var þjóðminjavörður. Hvernig er að alast upp í safni? Að eiga gæslukonur og beinagrindur að vinkonum og fá konunga í heimsókn? Söguna prýða einstakar myndir sem bera öll höfundareinkenni Sigrúnar.
72 bls.
**Forlagið - Mál og menning**
IB




## Heillandi risaeðlur
***Skemmtitaska með þrautum, fróðleik og límmiðum!***
**Höf: Novelty Book Company**
Taskan geymir harðspjaldabók með flottum myndum, þrautum og fróðleik, spjald með skemmtilegum verkefnum og útdraganlegu handfangi og yfir 90 margnota límmiða.
Heillandi heimur risaeðlanna.
10 bls.
**Edda útgáfa**
IB




## Skoðum alheiminn
**Höf: Jorge Montoro**
**Þýð: Ingunn Snædal**
Jörðin, pláneturnar, sólkerfið, geimstöðvar og alheimurinn! Ótrúlega fróðleg og aðgengileg bók um allt sem krakkar vilja vita um heiminn þarna úti!
48 bls.
**Drápa**
IB




## Ísadóra Nótt - Vetrarþrautabókin
**Höf: Harriet Muncaster**
**Þýð: Ingunn Snædal**
50 frábær viðfangsefni, þar á meðal þrautir og myndir til að lita eða leita í. Margra klukkustunda skemmtun!
Sprottið úr veröldinni sem Ísadóra Nótt býr í, uppáhalds hálfi álfur, hálfa vampíra allra krakka – fullkomin bók fyrir þau sem hafa gaman að leiftrandi töfrum og fjöri!
64 bls.
**Drápa**
SVK




*Hin stórkostlega bók um*
## Útdauð dýr
**Höf: Elisia García Nieto**
**Myndh: Lidia Di Blasi**
**Þýð: Jón Már Halldórsson**
Hér lifnar við fjöldi mikilfenglegra útdauðra dýra, sem eitt sinn byggðu jörðina, í glæsilegum teikningum. Stórglæsileg og áhugaverð bók með mögnuðum teikningum.
94 bls.
**Drápa**
IB




*Vísindalæsi 5*
## Kúkur, piss og prump
**Höf: Sævar Helgi Bragason**
**Myndir: Elías Rúni**
Allt í náttúrunni er hluti af hringrás. Þú líka! Meltingin þín leikur nefnilega algjört lykilhlutverk þar. Heimurinn verður svo fallegur og forvitnilegur þegar við uppgötvum hvernig allt er tengt.
Meira að segja kúkur, piss og prump verður bara … spennandi! Mögnuð bók úr hinum vinsæla Vísindalæsisflokki með litmyndum á hverri opnu.
80 bls.
**Forlagið - JPV útgáfa**
IB




## Vörubílar og vinnuvélar
**Höf: Örn Sigurðsson**
Velkomin í heim vörubíla og vinnuvéla sem hafa aðstoðað við ýmis verk í meira en hundrað ár. Án grafa og vinnuvéla væru engir góðir vegir í sveitum eða götur og gangstéttir í borgum. Öflugir vinnubílar hjálpa til við að flytja vörur og sorp, ryðja snjó og slökkva elda. Bók sem hittir í mark hjá öllum sem hafa áhuga á stórum tækjum!
21 bls.
**Forlagið - Mál og menning**
IB




Fyrir þinn eigin ævintýraheim.
Penninn Eymundsson

# Skáldverk

## ÍSLENSK




### 17 ástæður til að drepa

**Höf: Unnur Lilja Aradóttir**

Þau voru fullkomið par. Óaðfinnanlegt heimili, opið hjónaband, makaskipti, glæsiveislur og glansmyndinni sífellt varpað á samfélagsmiðla. Þar til unaðarlífið hlýtur hryllileg endalok. Ásta, ung og metnaðarfull rannsóknarlögreglukona, fær málið í hendurnar. 17 ástæður til að drepa er grípandi og hispurslaus morðgáta eftir höfund *Utan garðs*.

190 bls.

**Storytel**

RAF HLB




### Aldrei aftur vinnukona

**Höf: Sveinbjörg Sveinbjörnsdóttir**

Hér segir af Þuríði sem fór til Ameríku að leita gæfunnar heldur en að verða ævilangt vinnukona á Íslandi. Einnig skyggnumst við í hugarheim systur Þuríðar sem hóf búskap á hrjóstrugu landi á Íslandi og ól þar upp börn sín. En henni varð einatt hugsað til systur sinnar í Ameríku sem hún kynntist þó ekki fyrr en á fullorðinsárum.

170 bls.

**Króníka**

IB




### Áttunda undur veraldar

**Höf: Lilja Rós Agnarsdóttir**

Sara er ungur fatahönnuður í Reykjavík. Nokkru eftir erfiðan missi gefur hún sér tíma til að yfirfara litla húsið í Kjósinni sem hún erfði eftir ömmu sína. Þegar myndarlegur maður bankar óvænt upp á fer af stað atburðarás sem hún hefði aldrei getað séð fyrir.

367 bls.

**Bókabeitan**

IB KIL RAF HLB




### Bara Edda

**Höf: Daníel Daníelsson**

Fyrsta skáldverk höfundar fjallar um ferðalag manns um hús. Flakkað er á milli ókennilegra rýma til að færast nær merg málsins - tungunni. En passaðu þig á öllum röddunum.

132 bls.

**Pirrandi útgáfa**

IB




### Bertelsen

***Utan seilingar***

**Höf: Erla Sesselja Jensdóttir**

**Les: Þórunn Erna Clausen og Þorvaldur Davíð Kristjánsson**

Ung munaðarlaus stúlka gefur upp barn sitt í þeirri trú að það sé öllum fyrir bestu. Þrátt fyrir að haf og heimur skilji þau að gleymir hún aldrei litla drengnum sínum. Áratugum síðar fléttast líf þeirra aftur saman. Litli drengurinn hefur klifrað metorðastigann og komist í valdastöðu. En hann á sér leyndarmál sem geta kollvarpað tilveru hans.

**Storytel**

RAF HLB




### Bónorðin tíu

**Höf: Helgi Jónsson**

Gamansaga úr íslenskum veruleika.

272 bls.

**Bókaútgáfan Tindur**

KIL




### Breiðþotur

**Höf: Tómas Ævar Ólafsson**

Gagnaleki skekur heimsbyggðina. Þeir sem lýsa yfir ábyrgð krefjast róttækra aðgerða í loftlagsmálum. Áhrifa lekans gætir hjá krökkunum í Þorpinu. Verið er að undirbúa Þorpið undir næsta gagnaleka, þann sem mun afhjúpa öll leyndarmálin. *Breiðþotur* er grípandi saga um vináttu og söknuð, tæknihyggju og uppgang öfgaafla.

**Benedikt bókaútgáfa**

KIL




### Bréfbátarigningin

**Höf: Gyrðir Elíasson**

Eitt af fyrstu prósaverkum Gyrðis Elíassonar kom út árið 1988 og var tilnefnt til Bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs tveimur árum síðar. Sögurnar eru fjórar og mynda sagnasveig þar sem andrúmsloftið er sveipað rómantískri hulu bernskusýnar og nostalgíu. Verkið kemur nú út að nýju með eftirmála eftir Halldór Guðmundsson.

122 bls.

**Forlagið**

KIL




### Bréf til Láru

**Höf: Þórbergur Þórðarson**

Meistaraverk, sem olli miklu fjaðrafoki og deilum þegar það kom út árið 1924, birtist nú í nýrri útgáfu á aldarafmælinu. Óborganlegur húmor nýtur sín hér til fulls í ádeilum Þórbergs og skopi sem beinist ekki síst að honum sjálfum. Soffía Auður Birgisdóttir ritar inngang og tekur saman ítarlegar skýringar.

248 bls.

**Forlagið - Mál og menning**

KIL




## Brúðumeistarinn

**Höf: Óskar Guðmundsson**

**Les: Daníel Ágúst Haraldsson**

Tveir drengir finnast látnir í Reykjavíkurhöfn árið 1975. Átta árum síðar fá fimm ólíkir einstaklingar dularfull bréf þar sem þeim er hótað dauða segi þau ekki sannleikann. Brátt finnst sá fyrsti látinn, í dauðanum stillt upp sem strengjabrúðu. Lögreglan etur kappi við tímann og eltir slóð morðingja. Daníel Ágúst les af skuggalegri innlifun.

**Storytel**

RAF HLB




## Eldri konur

**Höf: Eva Rún Snorradóttir**

Ung kona gefur rapport af þráhyggju sinni fyrir eldri konum og rekur líf sitt frá barnæsku til fullorðinsára gegnum frásagnir af konum sem hafa heltekið hana. Eldri konur er röntgenmynd af ástandi. Við kynnumst konunni með ólíkum brotum af sögu hennar, uppvexti í flóknum heimilisaðstæðum, mismunandi vinnustöðum, vináttu, ástum, sigrum og ósigrum.

160 bls.

**Benedikt bókaútgáfa**

IB




## Dauðaþögn

**Höf: Anna Rún Frímannsdóttir**

Hrefna hefur starfað á lögmannsstofunni Skildi frá útskrift en þar sinnir hún aðallega þinglýsingum, skilnaðarpappírum og annarri skriffinnsku. Þegar morðmál dettur óvænt inn á borð hennar teygja þræðir málsins sig í ófyrirséðar áttir og Hrefna þarf að leggja allt í sölurnar til að fóta sig í nýju hlutverki. Er hún að storka örlögunum?

314 bls.

**Salka**

KIL




## Eyja

**Höf: Ragnhildur Þrastardóttir**

Af hverju vill fyrrverandi stjúpmóðir Eyju að þær hittist öllum þessum árum síðar; hvað er ósagt? *Eyja* er saga um flókin fjölskyldutengsl, brengluð samskipti og sár sem ekki gróa. Þetta er fyrsta bók Ragnhildar Þrastardóttur en sagan bar sigur úr býtum í handritasamkeppni Forlagsins, Nýjum röddum, árið 2024.

122 bls.

**Forlagið**

KIL RAF HLB




## Dauðinn einn var vitni

**Höf: Stefán Máni**

Hörður Grímsson á ekki sjö dagana sæla. Hann er að rannsaka ólöglegt verðsamráð stórfyrirtækja en saknar þess að rannsaka alvöru glæpi. Einn daginn heyrir hann undarlega yfirlýsingu óþekkts manns í lokuðu talstöðvarkerfi lögreglunnar. „Eftir þrjá daga mun ég hlaupa af stað. Eftir að ég hleyp af stað hafið þið þrjár klukkustundir til að stöðva mig."

286 bls.

**Sögur útgáfa**

IB




## Eyjar

**Höf: Gróa Finnsdóttir**

Mæðgurnar Katrín og Magdalena hafa orðið til skiptis í sögu fjölskyldu þar sem allt virðist ósköp slétt og fellt. En brátt verður ljóst að innan fjölskyldunnar krauma leyndarmál! Þessi hrífandi saga er römmuð inn af stórbrotnu sögusviði Breiðafjarðar. Þetta er önnur bók höfundar en fyrri bók, *Hylurinn* (2021), hlaut afar góðar viðtökur.

236 bls.

**Bókaútgáfan Sæmundur**

KIL




## Dimma Drungi Mistur

**Höf: Ragnar Jónasson**

Bækurnar um lögreglukonuna Huldu hafa borið hróður Ragnars Jónassonar um allan heim. *Dimma*, *Drungi* og *Mistur* voru í einni og sömu vikunni á meðal tíu mest seldu bóka Þýskalands. Þær hlutu Palle Rosenkrantz-verðlaunin sem besta þýdda glæpasagan í Danmörku og *Dimma* var valin besta þýdda glæpasagan á Spáni árið 2023.

524 bls.

**Veröld**

SVK




## Dætur regnbogans

**Höf: Birgitta H. Halldórsdóttir**

Dásamleg saga sem segir af ævintýralegri lífsbaráttu og örlögum ótrúlegra persóna sem lifað hafa lengi í hugum lesenda. Birgitta H. Halldórsdóttir hefur löngum verið meðal fremstu skáldsagnahöfunda Íslands og með tímanum verður höfundarverk hennar loks aðgengilegt nýjum lesendum í hljóð- og rafbók.

330 bls.

**Storytel**

RAF HLB






GOR Gormabók HSP Harðspjalda bók HLB Hljóðbók IB Innbundin bók KIL Kilja RAF Rafbók SVK Sveigjanleg kápa




## Ég elska þig meira en salt

**Höf: Sjöfn Asare**

**Les: Sólbjört Sigurðardóttir og Berglind Alda Ástþórsdóttir**

Dag einn hefur ung kona samband og biður Sóleyju að rannsaka andlát litla bróður síns. Hún heldur því fram að móðir þeirra hafi ráðið honum bana. Nú reynir á Sóleyju að komast að hinu sanna. En málið er flóknara en virðist við fyrstu sýn. Er ungu konunni treystandi? Hvað býr að baki ásökunum hennar? Hvað gæti fengið móður til að skaða eigið barn?

**Storytel**

RAF HLB




## Ég færi þér fjöll

**Höf: Kristín Marja Baldursdóttir**

Manuel er kominn til Íslands þar sem hann hefur leigt herbergi hjá eldri hjónum. Á sama tíma er Sigyn á leið til Spánar. Ferðalög þeirra virðast í fyrstu ótengd og tilviljunum orpin – eða hvað? Eftir því sem sögunni vindur fram kemur í ljós að ekkert er sem sýnist og fortíðin lifnar við. Ný saga frá höfundi *Karítas án titils*.

219 bls.

**Bjartur**

IB




## Ég læt sem ég sofi

**Höf: Yrsa Sigurðardóttir**

Einstæð móðir tveggja barna fær íbúð leigða á mjög góðum kjörum en kemst fljótlega að því að það er engin tilviljun. Húsið á sér afar sorglega sögu. Lögreglan er send heim til smákrimma og þar finnst fyrir tilviljun taska sem kann að varpa ljósi á margra ára gamalt mál – þegar ung stúlka hvarf úr garðskúr og sást aldrei aftur.

350 bls.

**Veröld**

IB




## Ferðalok

**Höf: Arnaldur Indriðason**

Skáld fellur í stiga um miðja nótt og fótbrotnar. Næstu daga liggur hann fársjúkur á spítala og rifjar upp sælar og sárar stundir – hugurinn leitar í fornar ástarraunir og meinleg örlög smalapilts heima í Öxnadal. Söguleg skáldsaga um misjöfn kjör og hverfula gæfu, spunnin út frá ævi þjóðskáldsins Jónasar. Magnað og óvænt verk frá meistara Arnaldi.

267 bls.

**Forlagið - Vaka-Helgafell**

IB RAF HLB




## Friðsemd

**Höf: Brynja Hjálmsdóttir**

Friðsemd hefur alla tíð verið með nefið ofan í erótískum spennusögum, sem Fatima, besta vinkona hennar, framleiðir á færibandi. Hennar eigið hversdagslíf er allt annað en spennandi. Þegar besta vinkonan deyr af grunsamlegum slysförum heldur Friðsemd í háskaför og áður en hún veit af er líf hennar orðið ískyggilega reyfarakennt.

224 bls.

**Benedikt bókaútgáfa**

IB



## Fyrir afa

***- Nokkrar smásögur***

**Höf: Sigurgeir Jónsson**

**Myndh: Katrín Hersisdóttir**

Snilldarlega skrifaðar smásögur af Sigurgeiri Jónssyni, fyrrverandi kennara, sjómanni og blaðamanni með meiru, og ávallt býður hann okkur upp á óvænt endalok. Hver var t.d. ókurteisi ferðafélaginn? Fékk læknirinn sæðisprufuna? Hvað gerðist í sendibílnum á leiðinni til Akureyrar? Og hver var sá „framliðni" sem fjallað er um og er dagsönn saga?

86 bls.

**Bókaútgáfan Hólar**

SVK




## Gegnumtrekkur

**Höf: Einar Lövdahl**

Askur ætlar að flytja til útlanda. En það virðist vera sama hvert hann fer, alltaf er mamma hans – sem hann hefur ekki hitt í meira en áratug – með í för. Hnyttin og heiðarleg skáldsaga um stritið við að standa í lappirnar í vindasamri tilverunni og í samskiptum við sína nánustu.

272 bls.

**Forlagið - Mál og menning**

SVK RAF




## Gestabók

***MMXXIV***

**Höf: Ýmsir höfundar**

Hvað eiga ungur rannsóknarblaðamaður, þeyttur fetaostur og kjölturakkinn Járnfrúin sameiginlegt – annað en að vera hugarfóstur meistaranema í ritlist?

189 bls.

**Krónika**

IB




## Glerþræðirnir

***etnógrafísk brot***

**Höf: Magnús Sigurðsson**

Með frumlegum og áhugaverðum hætti er atvikum og persónum úr sögu lands og þjóðar teflt fram gegn lífsskilyrðum nútímans. Hér er þó ekki tekið mið af stórviðburðum Íslandssögunnar heldur sagðar hversdagssögur af mönnum og málleysingjum, af þeirri fundvísi sem einkennir fyrri verk höfundar.

279 bls.

**Dimma**

SVK




## Gólem

**Höf: Steinar Bragi**

Grípandi saga úr myrkum framtíðarheimi. Ung kona vinnur fyrir valdamikið fyrirtæki við að lengja líf ríkasta fólks heims. Dag einn er tilvist fyrirtækisins ógnað með ófyrirsjáanlegum afleiðingum. Bækur Steinars Braga njóta vinsælda víða um heim og hér fylgir hann eftir verðlaunasögunum *Truflaninni* og *Dánum heimsveldum*.

**Forlagið - Mál og menning**

IB RAF




## Gröf minninganna

**Höf: Bjarki Bjarnason**

Fátækt og rótleysi setja sterkan svip á æsku ungrar stúlku og lesandinn horfir á heiminn með hennar augum. Við sögu kemur einnig eftirminnileg þátttaka nokkurra Íslendinga í borgarastyrjöldinni á Spáni á 4. áratug síðustu aldar. Undarleg tilviljun veldur því að stúlkan fær stórt hlutverk í kvikmynd við upphaf íslenska kvikmyndavorsins.

288 bls.

**Bókaútgáfan Sæmundur**

IB




## Hittu mig í Hellisgerði

**Höf: Ása Marin**

Bráðskemmtileg og rómantísk vetrarsaga. Jólin hafa verið eyðilögð fyrir Snjólaugu. Barnsfaðir hennar ætlar að vera erlendis með dóttur þeirra í þrjár heilar vikur yfir hátíðarnar og Snjólaug sér fram á afar einmanalegt aðfangadagskvöld. En þá fær hún hugljómun: Hún ætlar að finna ástina í tæka tíð fyrir klukknahringinguna í Ríkisútvarpinu.

265 bls.

**Forlagið - Vaka-Helgafell**

IB RAF HLB




## Hefndir

**Höf: Guðjón Baldursson**

Maður fer austur fyrir fjall um hávetur og kveikir í sumarbústað þar sem einn lætur lífið. Ári síðar er ung kona numin á brott á íslensku farþegaskipi og flutt til Brasilíu. Hún sleppur og mannræninginn finnst myrtur. Þriggja manna teymi lögreglumanna reynir að leysa gátuna. *Hefndir* er sérlega vel skrifuð sakamálasaga um skipulagða glæpastarfsemi.

284 bls.

**Bókaútgáfan Sæmundur**

KIL




## Hótelsumar

**Höf: Gyrðir Elíasson**

Skáldsaga sem var einskonar forsmekkur að hinum rómaða þríleik, *Sandárbókinni, Suðurglugganum* og *Sorgarmarsinum.* Í *Hótelsumri* snýr sögumaður aftur á heimaslóðir eftir erfiðan skilnað og reynir að ná sambandi við sjálfan sig að nýju. Bókin hefur lengi verið ófáanleg en kemur nú út í nýrri ritröð af verkum höfundarins.

112 bls.

**Dimma**

SVK




## Heim fyrir myrkur

**Höf: Eva Björg Ægisdóttir**

*Heim fyrir myrkur* fékk Blóðdropann – Íslensku glæpasagnaverðlaunin 2023. Eva Björg hefur hlotið fjölda viðurkenninga og verðlauna fyrir glæpasögur sínar, bæði heima og erlendis. Þær sitja á metsölulistum víða um heim og fá hvarvetna frábæra dóma.

„Eva Björg er í fremstu röð íslenskra glæpasagnahöfunda.“ *The Times.*

391 bls.

**Veröld**

KIL




## Hulda

**Höf: Ragnar Jónasson**

„Hulda er ein af hinum miklu harmsögulegu hetjum nútímaglæpasagna,“ segir *Sunday Times.* Hulda er ný bók, forleikur að bókunum um þessa stórkostlegu persónu Ragnars Jónassonar sem lesendur þekkja úr *Dimmu, Drunga* og *Mistri.* Bálkurinn um hana hefur farið sigurför um heiminn og nú hefur verið gerið sjónvarpsþáttaröð eftir Dimmu.

248 bls.

**Veröld**

IB




## Himintungl yfir heimsins ystu brún

**Höf: Jón Kalman Stefánsson**

Árið 1615 skrifar presturinn Pétur um atburði sem hafa skekið sveitina á Brúnasandi, um ástina, mennskuna og ábyrgðina sem við berum hvert á öðru. Á ystu rönd heimsins blása alþjóðlegir vindar og flytja með sér nýja heimsmynd, hugmyndir og bækur, enskar duggur, spánska hvalfangara og tilskipanir frá konunginum. Og penninn er beittari en sverðið.

360 bls.

**Benedikt bókaútgáfa**

IB




## Hún gengur í myrkri

**Höf: Kolbrún Valbergsdóttir**

**Les: Sigríður Láretta Jónsdóttir**

Undir friðsælu yfirborði smábæjarins Þorlákshafnar leynist þreifandi myrkur. Lára þarf að kafa ofan í djúp leyndarmál bæjarbúa og rífa af gömlum sárum til að leysa ráðgátuna um heyrnarlausa stúlku sem hvarf með húð og hári. En hvað ef lausnin er nær en virðist?

**Storytel**

RAF HLB





## Innanríkið - Alexíus

**Höf: Bragi Ólafsson**

Faðir höfundar vaknar eina nótt við að ókunnugur maður stendur í svefnherbergisdyrunum, og aldarfjórðungi síðar rifjar sonurinn upp atvikið. Í framhaldi fer hann á stefnulaust flakk um fortíð og nútíð, frá Reykjavík upp á Mýrar og út í heim.

Hér sýnir Bragi Ólafsson á sér nýja hlið; hann beinir athyglinni að því sem ekki er endilega skáldskapur.

270 bls.

**Smekkleysa**

SVK



## Klökkna klakatár

**Höf: Ragnhildur Bragadóttir**

Eftir andlát þjóðfrægs rithöfundar sest ekkja hans niður og tekur til við að koma skikki á gífurlegt safn skjala sem hann lét eftir sig.

Hún reynir að henda reiður á þeim óvæntu upplýsingum sem koma upp úr kös gulnaðra pappíra úr slitnum plastpokum.

Hún les og tengir sögu hans við sína, enda höfðu þau átt langt samlíf og stormasamt.

445 bls.

**Ugla**

IB



## Innsti kroppur í búri

**Höf: Helgi Jónsson**

Beint framhald af *Bónorðunum tíu*.

Fjórar grínsögur í seríu um venjulega Íslendinga.

272 bls.

**Bókaútgáfan Tindur**

IB



## Kona á buxum

**Höf: Auður Styrkársdóttir**

Heimildaskáldsaga um Þuríði formann á Stokkseyri sem varð strax á barnsaldri dugandi sjómaður og gekk uppkomin á buxum. Hún fór ótroðnar slóðir og varð fræg fyrir að koma óvænt upp um illræmda glæpamenn í Flóanum. Höfundur sem á sér langa sögu í heimi fræða hefur kafað djúpt í heimildir um Þuríði sem um tíma gekk undir nafninu Þormóður.

360 bls.

**Bókaútgáfan Sæmundur**

KIL



## Í djúpinu

**Höf: Margrét S. Höskuldsdóttir**

Margslungin og spennandi Vestfjarðaglæpasaga með dulrænum undirtónum. Athafnamaður finnst látinn í heitum potti við heimili sitt í Reykjavík og rannsókn lögreglu teygir sig inn á slóðir sem liggja aftur til fortíðar og á heimavist vestur á fjörðum. Hvaða leyndarmál búa í djúpinu?

334 bls.

**Forlagið - Vaka-Helgafell**

KIL RAF



## Krydd lífsins

**Höf: Einar Örn Gunnarsson**

Krydd lífsins er safn tólf smásagna sem allar gerast í nútímanum í höfuðborgum Norðurlanda, allt frá Nuuk til Helsinki. Sögurnar, sem eru skrifaðar af innsæi, varpa ljósi á mannlegt eðli og eru í senn áleitnar, grátbroslegar, fyndnar og harmrænar. Sjaldnast er allt sem sýnist og hvaðeina getur umturnast eða afhjúpast í sviphendingu.

288 bls.

**Sögur útgáfa**

IB



## Í skugga trjánna

**Höf: Guðrún Eva Mínervudóttir**

*Í skugga trjánna* er skáldævisaga í anda Skeggs Raspútíns sem kom fyrst út árið 2016 og hlaut frábærar viðtökur bæði lesenda og gagnrýnenda. Guðrún Eva Mínervudóttir tekst hér á við veruleikann af einlægni og áræðni, svo úr verður áhrifamikil saga – full af húmor, hlýju og skáldlegri visku.

328 bls.

**Bjartur**

IB



## Kafalda

**Höf: Úlfar Þormóðsson**

Metnaðarfullur aðstoðarmaður ráðherra verður fyrir netárás sem hefur ófyrirsjáanlegar afleiðingar. Þróaðar símanjósnir og ný kynslóð tölvutækni gerir ósýnilegum óvinum hans auðvelt að leika sér með orðstír hans, æru og fyrirætlanir. Samstarfsmenn hans halda að sér höndum og það hriktir í stoðum fjölskyldunnar.

189 bls.

**Veröld**

IB






## Kul

**Höf: Sunna Dís Másdóttir**

Una rambar á barmi kulnunar og er send vestur á firði í glænýtt úrræði, Kul. Þar dvelur hópur fólks í svartasta skammdeginu og reynir að horfast í augu við myrkrið innra með sér. Fyrir vestan sækir fortíðin á Unu og þegar hrikta fer í stoðum meðferðarinnar, og sjálfsmyndar Unu, tekur það sem hefur frosið fast innra með henni að losna úr læðingi.

370 bls.

**Forlagið - Mál og menning**

IB RAF




## Kvöldið sem hún hvarf

**Höf: Eva Björg Ægisdóttir**

Mannabein finnast á sveitabæ í Hvalfirði þar sem ekki hefur verið búið í hálfa öld. Hver kom þeim þar fyrir, hvers vegna — og hvenær? Ung einstæð móðir flytur á Akranes með ungan son sinn og fær leigða kjallaraíbúð hjá eldri manni sem virðist ekki allur þar sem hann er séður.

368 bls.

**Veröld**

IB




## Leikrit Ólafs Hauks Símonarsonar

**Höf: Ólafur Haukur Símonarson**

Öll helstu leikrit Ólafs Hauks birtast hér í einni bók, samtals 18 verk frá löngum ferli hans.

560 bls.

**Skrudda**

IB




## Límonaði frá Díafani

**Höf: Elísabet Jökulsdóttir**

Ella Stína er átta ára þegar hún fer út í heim með fjölskyldunni. Í Grikklandi er allt með öðrum brag en heima á Seltjarnarnesi. Ella Stína skottast um allt með yngri bræður sína en foreldrarnir eru yfirleitt uppteknir við skriftir. Löngu seinna kemur Ella Stína aftur til Grikklands, hvað er þá orðið af sólbökuðu fjölskyldunni sem eitt sinn var?

91 bls.

**Forlagið - JPV útgáfa**

IB RAF




## Ljósbrot

**Höf: Ingileif Friðriksdóttir**

Þegar þú stendur frammi fyrir sannleikanum eða ímyndinni, hvort velurðu?

Kolbrún er farsæll framkvæmdastjóri, hamingjusamlega gift og fjölskyldumyndin gæti auðveldlega fylgt rammanum úti í búð. Þegar hún býður sig fram til forseta fer af stað atburðarás sem hún hefði aldrei getað séð fyrir.

224 bls.

**Salka**

KIL




## Logaberg

**Höf: Sigþór J. Guðmundsson**

Verulega spretthörð fantasía sem er römmuð inn í íslenskan veruleika en hefur skírskotun aftur í sagnaarfinn. Fangaverðirnir Oktavía og Hannibal eru sendir í sakleysislegan leiðangur sem breytist í djöfullega óvissuferð upp á líf og dauða.

452 bls.

**Bókaútgáfan Sæmundur**

IB




## Mandla

**Höf: Hildur Knútsdóttir**

Þegar grindhoruð læða birtist á hjúkrunarheimili tekur öldrunarlæknirinn Eva henni fagnandi. Hún veit að gæludýr hafa góð áhrif á vistmenn slíkra stofnana og berst fyrir því að kötturinn fái að vera. Fljótlega tekur hún eftir því að allir sem læðan Mandla tekur ástfóstri við látast skömmu síðar. Getur verið að hún geti spáð fyrir um andlát fólks?

104 bls.

**Forlagið - JPV útgáfa**

SVK RAF HLB




## Miðsvetrarblót

**Höf: Jaki Valsson**

Á brennuöld verður Jón Leppur logunum að bráð en hefndin nær langt út fyrir gröf og dauða. Þrjú hundruð árum síðar ætlar rapparinn Toggi að verja jólunum með fjölskyldunni en draugar fortíðarinnar og hrylliieg öfl leggja á þau skelfingu sem ekkert þeirra hefði órað fyrir. Hrollvekjandi og nútímaleg fjölskyldusaga sem heldur þér í heljargreipum.

330 bls.

**Storytel**

RAF HLB




## Mikilvægt rusl

**Höf: Halldór Armand Ásgeirsson**

Daginn sem forsætisráðherra Íslands biður Guð að blessa þjóðina finnur öskukallinn Gómur Barðdal afskorið mannsnef í ruslatunnu við glæsihýsi í Þingholtunum. Skömmu síðar er frændi hans, seinheppna skáldið Geir Norðann, ráðinn sem ljóðakennari inn á þetta sama heimili. Hver á þetta nef? Hvernig endaði það í ruslatunnu?

246 bls.

**Flatkakan**

IB




## Mold er bara mold

***Litla systir mín fjöldamorðinginn***

**Höf: Almar Steinn Atlason**

Þetta er sagan af Beggu Sól, ævintýraleg hetjusaga í þremur hlutum um erfiðleika, ofbeldi, afleiðingar, sorgir og glórulaust klúður. Við fylgum Beggu eftir í gegnum völundarhús skriffinnskuvélarinnar, myrkar dýflissur þeirra valdagráðugu og virðulegu og út í raunir óráblámans – handan þokunnar, réttlætisins og fjallanna.

612 bls.

**Sögur útgáfa**

KIL



## Moldin heit

**Höf: Birgitta Björg Guðmarsdóttir**

Ástin í lífi Karenar deyr. Hún mætir í jarðarförina óboðin, situr aftast og segir engum hver hún er. En eftir að hafa borið eina fortíð til grafar skýtur önnur upp kollinum. *Moldin heit* fjallar um ástina, listina, sorg og missi. Hér er á ferðinni feikisterk skáldsaga frá nýrri og spennandi rödd í íslenskum bókmenntaheimi.

226 bls.

**Drápa**

IB



## Næstsíðasta líf Jens Ólafssonar Olsen

**Höf: Bragi Páll Sigurðarson**

Jens Ólafsson Olsen býr við hrakandi heilsu. Hann gerir sitt besta til þess að koma sér á réttan kjöl en þegar hann reynir óhefðbundnar lausnir hefur það óvæntar og óvelkomnar afleiðingar. „Bragi Páll er tabúmeistari landsins, nautabani grínsins! Ég er enn hlæjandi.“ Steinar Bragi

204 bls.

**Sögur útgáfa**

IB



## Móðurást: Draumþing

**Höf: Kristín Ómarsdóttir**

Á sinn einstaka hátt heldur Kristín hér áfram að segja skáldaða sögu Oddnýjar Þorleifsdóttur langömmu sinnar á ofanverðri nítjándu öld. Oddný er á fimmtánda ári en rígheldur í bernskuna. Jónsmessugleði Setselju frænku hennar opnar augu hennar fyrir seiðandi heimi fullorðinna kvenna. Fyrsta bindi sögunnar, *Oddný*, hlaut Fjöruverðlaunin 2024.

166 bls.

**Forlagið - Mál og menning**

SVK RAF



## Ógeðslegir hlutir

**Höf: Sunneva Kristín Sigurðardóttir**

Pardusinn, fiðraða veran, Jean-Luc, Marcelo og Paulinho ferðast hér um innri lönd og kanna hið ógreinilega og óþægilega - það sem tengir okkur saman og slítur að lokum í sundur, meltir og skítur.

67 bls.

**Pirrandi útgáfa**

KIL



## Múffa

**Höf: Jónas Reynir Gunnarsson**

Markús er 33 ára, býr enn hjá föður sínum og stjúpmóður og heldur sig inni í herbergi á kafi í heimi tölvuleikja. En einn daginn fær hann pakka í pósti sem markar skil fyrir þau öll. Áleitin og grípandi skáldsaga frá snjöllum höfundi, saga um fjölskyldubönd og vináttu, rými og mörk, frelsi og hyldýpi – og það hvernig fólk kýs að lifa lífi sínu.

130 bls.

**Forlagið - Mál og menning**

IB RAF



## Óljós

**Höf: Geir Sigurðsson**

Þetta er saga sem var skrifuð til þess að hún yrði ekki birt og myndi gleymast.

201 bls.

**Bókaútgáfan Sæmundur**

KIL



*Myrkraverk*

## Náttfarar

**Höf: Emil Hjörvar Petersen**

**Les: Hjörtur Jóhann Jónsson**

Í þessari lokabók þríleiksins Myrkraverk gengur hrina hrottalegra ofbeldisverka yfir Reykjavík og lögreglan stendur ráðþrota frammi fyrir voðanum, í loftinu liggur ára óhugnaðar og ljóst er að eitthvað hræðilegt er í vændum. Tvíeykið Halldór og Magga þurfa að beita allri sinni reynslu til að halda lífi og finna svör.

**Storytel**

RAF HLB



## Ný byrjun í Höllinni

**Höf: Sigrún Elíasdóttir**

**Les: Sólveig Guðmundsdóttir og Berglind Alda Ástþórsdóttir**

Kvikmyndatökulið flykkist inn í litla þorpið Eyravík og setur allt á annan endann. Með Trausta sér við hlið þarf Saga að tryggja að allt gangi upp - og í leiðinni kynnast þau tvö betur en nokkru sinni áður. Emilía kemur til þorpsins á flótta undan kulnandi ástarsambandi. Þetta átti að vera stundarflótti en hver veit, kannski er þetta ný byrjun?

**Storytel**

RAF HLB






## Rétt áðan

**Höf: Illugi Jökulsson**

Árum saman hefur Illugi Jökulsson punktað hjá sér ýmislegt af því sem hann sér og heyrir, man og upplifir á ferðum sínum um lífið, samfélagið, veröldina, verslanirnar og heitu pottana. Hér eru þær sögur komnar í eina bók — sprúðlandi fyndnar, nístandi átakanlegar, fallega hlýjar og allt þar á milli.

247 bls.

**Illugi Jökulsson**

KIL




## Sjúk

**Höf: Þóra Sveinsdóttir**

Glæpasaga um sálfræðinginn Emmu sem lifir hinu fullkomna lífi með manni sínum og dóttur þegar henni fara að berast nafnlaus skilaboð. Nauðug er hún dregin inn í atburðarás sem átti sér stað fyrir fimm árum þegar vinur hennar var myrtur með harkalegum hætti. Erfið systir, giftir kærastar og eltihrellir hafa áhrif á gang mála.

327 bls.

**European Digital University**

IB




## Rót alls ills

**Höf: Hugrún Björnsdóttir**

**Les: Lára Jóhanna Jónsdóttir**

Réttarsálfræðingurinn Kamilla Brim neyðist til að segja skilið við ástina í lífi sínu, snúa heim á ný og annast dauðvona móður sína. Hún er rétt að koma sér fyrir í nýrri stöðu hjá Fangelsismálastofnun ríkisins þegar Gísli Ágústsson, hrífandi og myndarlegur lögmaður, óskar eftir sálfræðilegu mati á ungum manni sem játað hefur á sig morð.

**Storytel**

RAF HLB




## Skrípið

**Höf: Ófeigur Sigurðsson**

Hér segir vesturíslenskt tónskáld frá tónleikum sem hann stóð fyrir í Eldborgarsal Hörpu þar sem hinn látni píanóleikari Horowitz endurflutti tónleika sína frá Ríkistónlistarskólanum í Moskvu árið 1986. *Skrípið* er heillandi og hugmyndarík skáldsaga eftir einn áhugaverðasta höfund landsins sem birtist hér lesendum í miklu stuði.

336 bls.

**Forlagið - Mál og menning**

IB RAF




## Sandárbókin

***pastoralsónata***

**Höf: Gyrðir Elíasson**

Ein vinsælasta saga höfundarins, sterk og áleitin, þar sem ótal kenndir og tilfinningar krauma undir sléttu yfirborðinu. Málari sem hefur sest að í hjólhýsabyggð ætlar að einbeita sér að því að mála tré, en dvölin er þó öðrum þræði hugsuð til að öðlast hugarró eftir ýmis áföll í lífinu. Útgáfan er hluti af nýrri ritröð bóka Gyrðis Elíassonar.

139 bls.

**Dimma**

SVK




***Handan hulunnar***

## Skuld

**Höf: Emil Hjörvar Petersen**

Miklar hamfarir eru í uppsiglingu. Himininn yfir Íslandi leiftrar og undarlegir sviptistormar geisa. Á bak við tjöldin ríkir glundroði og líkin hrannast upp.

342 bls.

**Krónika**

KIL




## Sálarangist

**Höf: Steindór Ívarsson**

**Les: Guðmundur Ólafsson og Kjartan Darri Kristjánsson**

Séra Sturla Bjarnason er kominn inn á hjúkrunarheimili eftir að hafa orðið fyrir slysi. Minningarnar sækja á hann, eftirsjá, sorg og leyndarmál sem hafa verið grafin í áratugi. Hann þráir að létta á sálarangist sinni. Átakanleg saga um erfiðar ákvarðanir, sekt og áföll, fegurð og ást, líf og dauða.

**Storytel**

RAF HLB




## Slóð sporðdrekans

**Höf: Skúli Sigurðsson**

Hörkuspennandi saga um örvæntingarfullan föður á framandi slóðum, sex byssukúlur og úlfa í sauðargærum. *Slóð sporðdrekans* er æsispennandi, ógnarhröð og heldur lesandanum í algerri óvissu til söguloka.

320 bls.

**Drápa**

IB




## Sextíu kíló af sunnudögum

**Höf: Hallgrímur Helgason**

Þegar Gesti Eilífssyni berst óvænt sendibréf leggur hann upp í langferð. Í Ameríku kynnist hann nýjum og framandi heimi en líka áður ókunnum hliðum á sjálfum sér. Á meðan breytist allt í firðinum hans heima. Hér lýkur Hallgrímur Helgason stórvirkinu um síldarævintýrið á Segulfirði, þríleik þjóðar sem þráði betra líf, þurr gólf og ljós í tilveruna.

615 bls.

**Forlagið - JPV útgáfa**

IB RAF





## Snerting
**Höf: Ólafur Jóhann Ólafsson**
*Snerting* eftir Ólaf Jóhann Ólafsson var söluhæsta bókin fyrir jólin 2020 og hlaut einróma lof, auk þess að vera tilnefnd til Íslensku bókmenntaverðlaunanna. Sagan er nú endurútgefin í tilefni af því að Baltasar Kormákur hefur gert kvikmynd eftir henni.
279 bls.
**Bjartur**

KIL




## Synir himnasmiðs
**Höf: Guðmundur Andri Thorsson**
Hér segir af tólf karlmönnum og regnvotum vordegi í lífi þeirra. Þetta eru ólíkir menn á ýmsum aldri, feður, synir og bræður, vinir, eiginmenn og elskhugar. Atvik dagsins og lífssögur þeirra þræðast og bindast saman svo úr verður þéttur vefur umleikinn tónlist og trega. Þessi fyrsta skáldsaga Guðmundar Andra í rúman áratug er seiðandi, djúp og hlý.
198 bls.
**Forlagið - Mál og menning**

IB RAF




## Speglahúsið
**Höf: Benný Sif Ísleifsdóttir**
Miðaldra hárgreiðslukonan Rósa leggur skærin á hilluna, flytur austur í Mjóafjörð og kemur á fót óvenjulegri ferðaþjónustu. Meðan ferðamenn setja sig í spor Lísu, sem lá lömuð þar um miðja síðustu öld, bakar Rósa fyrir kaffihúsið og hugsar til ömmu sinnar sem sá um Lísu og heimilið. Mögnuð saga frá höfundi *Hansdætra*.
256 bls.
**Forlagið - Mál og menning**

IB RAF




## Týndur
**Höf: Ragnheiður Gestsdóttir**
Lögreglan í Reykjavík lýsir eftir Einari Starra Ólafssyni, sjö ára.
Einar Starri er 125 sentimetrar á hæð, grannvaxinn, bláeygur, með stuttklippt, dökkskollitað hár. Hann er klæddur í bláa úlpu, gráar buxur og svört gúmmístígvél. Hans hefur verið saknað síðan um klukkan fjögur í gær.
322 bls.
**Björt bókaútgáfa - Bókabeitan**

KIL RAF HLB




## Sporðdrekar
**Höf: Dagur Hjartarson**
Meistaralega fléttuð skáldsaga um leyndarmál og svik, ástir og vináttu. Föstudagsmorguninn 28. október: Fyrir utan bárujárnshús í Hafnarfirði bíður maður í felum. Hann er nýkominn til landsins, skelfur af kulda og er að hefja eftirförina. Þetta er afmælisdagurinn hennar Stellu og hún hefur slæma tilfinningu fyrir kvöldinu. Svo byrjar að snjóa.
308 bls.
**Benedikt bókaútgáfa**

IB




## Umbreyting
***Jólasaga***
**Höf: Sigríður María Sigurðardóttir**
Erla er eldri kona í Reykjavík sem er nýorðin ekkja. Hún finnur mikinn einmanaleika hellast yfir sig fyrir jólin. En þá uppgvötvar hún nýjan heim sem á rætur að rekja í íslenskar þjóðsögur. Erla stendur skyndilega frammi fyrir því að þurfa að aðlaga sig að nýjum stað, sem og að segja skilið við sitt gamla líf og ástvini.
43 bls.
**Mæðgurnar**

KIL




## Súkkulaðileikur
**Höf: Hlynur Níels Grímsson**
Hér segir frá manni sem kerfið hefur hafnað, tekið í fóstur eða jafnvel í gíslingu, allt eftir því hvernig á það er litið. Hann segir sögu sína, hún er ófögur. Flugbeitt og bráðfyndin ádeila sem á erindi við okkur öll. Höfundur leggur fyrir lesandann grimma skáldsögu þar sem gleði og sorgir vegast á.
247 bls.
**Bókaútgáfan Sæmundur**

KIL




## Svikaslóð
**Höf: Ragnheiður Jónsdóttir**
*Svikaslóð* segir frá Sverri og Lísu sem tilheyra listalífinu í Reykjavík. Hann er áhrifamikill leikstjóri og höfundur en hún leikkona sem hverfur gjarnan í skuggann. Þegar sonur Sverris úr fyrra sambandi finnst myrtur tekur líf hjónanna óvænta stefnu og margt misjafnt kemur í ljós.
256 bls.
**Bókabeitan**

IB KIL RAF HLB






## Vatnið brennur

**Höf: Gunnar Theodór Eggertsson**

Gríma er komin austur til að spila á Eistnaflugi en ferðin reynist vendipunktur í lífi hennar. Margslungin og spennandi hrollvekja með sögusvið sem spannar Ísland samtímans jafnt sem Svíþjóð hippatímans en auk þess er samband mannskepnunnar við tónlist skoðað frá óvæntum og oft myrkum hliðum.

421 bls.

**Forlagið - Vaka-Helgafell**

SVK RAF




## Veðurfregnir og jarðarfarir

**Höf: Maó Alheimsdóttir**

Veðurfræðingurinn Lena ferðast um tíma og rúm í leit að sátt við lífið og fortíðardrauga. Íslenskar veður- og náttúrulýsingar eru aðalhrynjandi sögunnar og í þeim endurspeglast tilfinningar og ástarmál veðurfræðingsins. Saga þriggja kynslóða sem gerist á þremur stöðum: Íslandi, Frakklandi og Póllandi.

220 bls.

**Ós Pressan**

KIL




## Viðkomustaðir

**Höf: Ásdís Ingólfsdóttir**

Hér segir frá Lóu sem fóstruð er upp í hrakningi á 19. öld og berst fyrir veðri og vindum vestur á sléttur Kanada. Sagan er full af ævintýrum og raunum, sigrum og ósigrum. Haldreipi Lóu er minningin um óskylda langömmu, nöfn sem eiga sér engin andlit lengur og þráin eftir samastað og rótfestu í tilveru sem er ekki nema í meðallagi velviljuð.

**Bókaútgáfan Sæmundur**

KIL




*Eddumál #6*

## Voðaverk í Vesturbænum

**Höf: Jónína Leósdóttir**

Hin vinsæla Edda á Birkimelnum snýr aftur! Hver ræðst á dreng á grunnskólaaldri og skilur hann eftir stórslasaðan í hjólageymslu við Tómasarhaga? Svoleiðis ráðgátu er augljóslega ekki hægt að treysta lögreglunni einni til að leysa og hin nýstofnaða Vesturbæjarvakt, með Eddu í broddi fylkingar, tekur málið upp á sína arma.

300 bls.

**Forlagið - Mál og menning**

KIL RAF




## Völundur

**Höf: Steindór Ívarsson**

Allt bendir til þess að Árni Sigríðarson hafi stytt sér aldur, en þegar Rúna og Hanna kafa dýpra í líf hans reynist ekkert eins og það sýnist. Eftir því sem þær rekja upp sívaxandi vef leyndarmála og lyga leiða draugar fortíðar þær á kalda slóð morðs sem stendur Rúnu nær en hana hefði grunað. *Völundur* er önnur bókin um lögreglukonuna Rúnu.

441 bls.

**Storytel**

RAF HLB




## Þegar sannleikurinn sefur

**Höf: Nanna Rögnvaldardóttir**

Bergþóra, húsfreyja í Hvömmum, er nýlega orðin ekkja og nýtur þess að ráða sér sjálf. Þegar ung kona finnst látin á lækjarbakka áttar Bergþóra sig á því að henni hafi verið drekkt. Einhvers staðar leynist morðinginn og þegar sýslumaðurinn tekur að yfirheyra vitni og grunaða verður ljóst að flestir hafa eitthvað að fela – ekki síst Bergþóra sjálf.

240 bls.

**Forlagið - Iðunn**

IB RAF HLB




## Þín eru sárin

**Höf: Þórdís Þúfa**

Einlæg og ögrandi skáldævisaga þar sem höfundur fjallar um eldfimt málefni af áræðni og hispursleysi. Tímabær og mikilvæg bók.

Þórdís Þúfa hefur hefur hlotið mikið lof fyrir verk sín, sem hafa m.a. verið gefin út á ensku og þýsku, auk þess sem ljóð hennar hafa birst í tímaritum víða um heim.

264 bls.

**Þúfan**

SVK




## Óskrið

**Höf: Anna Margrét Sigurðardóttir**

**Les: Þórunn Lárusdóttir**

Ekkert bendir til þess að dauða Freyju hafi borið að með saknæmum hætti - ekkert nema rósirnar og samúðarkveðjan. Skömmu síðar lyppast umdeildur þingmaður niður í mathöll í Reykjavík og liggur fyrir dauðanum. Læknarnir finna enga orsök. Ofan á þetta erfiða sakamál þarf rannsóknarlögreglukonan Bergþóra að takast á við eigin djöfla.

**Storytel**

RAF HLB

SLÖKUN.
Lestur veitir hvíld frá raunveruleikanum, dregur úr streitu og hefur róandi áhrif.



GOR Gormabók HSP Harðspjalda bók HLB Hljóðbók IB Innbundin bók KIL Kilja RAF Rafbók SVK Sveigjanleg kápa

# Skáldverk

## ÞÝDD




### 1984

***Nítján hundruð áttatíu og fjögur***

**Höf: George Orwell**

**Þýð: Þórdís Bachmann**

Í þessari áhrifaríku bók bregður George Orwell upp ógnvænlegri mynd af alræðisríki þar sem „Stóri bróðir“ hefur nær algera stjórn á lífi fólks, hugsunum þess og minni.

Í ömurlegri og þrúgandi tilveru fremur Winston Smith þá dauðasynd að reyna að skapa sér sjálfstæða vitund. Honum tekst um skeið að halda dagbók og njóta forboðinnar ástar.

355 bls.

**Ugla**

KIL




### Af hverju báðu þau ekki Evans?

**Höf: Agatha Christie**

**Þýð: Jakob F. Ásgeirsson**

Var það slys að ókunnugur maður féll fram af klettabrún og dó? Eða bjó eitthvað ískyggilegt að baki?

Grunsemdir vakna í huga glaðværa vinaparsins, Bobbys og Francis, sérstaklega í ljósi þess hvað maðurinn sagði í andaslitrunum: „Af hverju báðu þau ekki Evans?“

Hver var Evans? Hvað átti maðurinn eiginlega við?

289 bls.

**Ugla**

KIL




***Lokakaflinn um systurnar sjö***

### Atlas saga Pa Salt

**Höf: Lucinda Riley**

**Þýð: Valgerður Bjarnadóttir**

Síðasta bókin í einum vinsælasta bókaflokki heims. Sögð er saga dularfulla auðkýfingsins Pa Salt og öllum spurningum um systurnar sjö svarað. Af hverju hann ættleiddi einmitt þessar stúlkur og hverjar aðstæður þeirra voru þegar hann fann þær. Hvers vegna hægt var að rekja slóð týndu systurinnar til Írlands.

750 bls.

**Benedikt bókaútgáfa**

KIL




***Ást og hatur Ellu Maise***

### Að hata Adam Connor
### Að elska Jason Thorne

**Höf: Ella Maise**

**Þýð: Urður Snædal**

Bækurnar *Að hata Adam Connor* og *Að elska Jason Thorne* hafa fangað hjörtu lesenda með rómantískum og lostafullum lýsingum. Í þessum sjóðheitu Booktok bombum er kímni, þrá og kynlífi blandað saman á krassandi hátt sem kveikir í lesendum og heldur þeim límdum við sögurnar.

240 bls.

**Storytel**

RAF HLB




### Ástríðan í fjöllunum

**Höf: Karin Härjegård**

**Þýð: Friðrika Benónýsdóttir**

Sjálfstætt framhald af hinni geysivinsælu *Vöffluhúsið í fjöllunum*. Það hefur rofað til í lífi Helenu sem leitaði skjóls í fjöllunum þegar líf hennar hrundi. Hún rekur Vöffluhús Hildu af dugnaði en þráir eitthvað meira. Helena er heilluð af sögu Hildu og þegar hún rekst á eyðibýlið þar sem Hilda bjó er eins og fortíð Hildu tali til hennar.

350 bls.

**Sögur útgáfa**

KIL




***Österlen-morðin***

### Banvænn fundur

**Höf: Anders de la Motte og Måns Nilsson**

**Þýð: Nanna Brynhildur Þórsdóttir**

Morð er framið á stóra fornmunamarkaðinum sem haldinn er árlega á Österlen. Lögreglumaðurinn reglufasti, Peter Vinston, er í fríi í grenndinni og fyrir tilviljun lendir hann í því að leysa málið ásamt lögreglukonu staðarins. Þetta er önnur sagan í bókaflokknum um Österlen-morðin en sú fyrsta, *Dauðinn á opnu húsi*, hlaut afar góðar viðtökur.

440 bls.

**Forlagið - JPV útgáfa**

KIL RAF HLB




### Biblía Dorés

**Höf: Torgny Lindgren**

**Þýð: Heimir Pálsson**

Nafnlaus sögumaður tekur að sér að segja sögu Gustave Dorés (1832–1883), eins þekktasta bókaskreytis nítjándu aldar. Sagan af Doré verður hins vegar saga hins nafnlausa öryrkja sem hefur skapað veröld sína með stuðningi úr biblíumyndum Dorés en af ævi listamannsins segir fátt.

256 bls.

**Ugla**

KIL




### Billy Budd

**Höf: Herman Melville**

**Þýð: Baldur Gunnarsson**

Billy Budd hefur stundum verið kölluð besta stutta skáldsaga sem skrifuð hefur verið og er jafnan talin meðal öndvegisverka bandarískra bókmennta.

Í meistaralega myndríkum stíl segir Melville áhrifamikla dæmisögu um sakleysi og fólsku í mannheimum þar sem hreinlyndur sjóliði verður fórnarlamb úthugsaðra vélabragða.

189 bls.

**Ugla**

KIL




### Brotin kona

**Höf: Simone de Beauvoir**

**Þýð: Jórunn Tómasdóttir**

**Ritstj: Ásdís R. Magnúsdóttir**

Smásagnasafnið Brotin kona (La Femme rompue) kom út árið 1967 og er síðasta skáldverk höfundar. Verkið er áhrifamikið og skrifað af djúpu innsæi. Þar er að finna þrjár sögur sem endurspegla togstreituna milli sjálfsmyndar kvenna og hefðbundinna kynhlutverka. Irma Erlingsdóttir skrifar inngang að sögunum.

267 bls.

**Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur / Háskólaútgáfan**

SVK

GOR Gormabók HSP Harðspjalda bók HLB Hljóðbók IB Innbundin bók KIL Kilja RAF Rafbók SVK Sveigjanleg kápa




## Brúðarmyndin
**Höf: Maggie O'Farrell**
**Þýð: Sunna Dís Másdóttir**
Lucrezía fæðist á 16. öld inn í ríka ætt í Flórens. Barnung giftist hún hertoga og flytur í höll hans fjarri heimahögunum. Brátt áttar hún sig á því að hann er ekki allur þar sem hann er séður og fer að óttast um líf sitt. Maggie O'Farrell hefur vakið mikla athygli fyrir skáldsögur sínar sem hafa komið út í yfir 30 löndum.
461 bls.
**Forlagið - Mál og menning**
KIL RAF




## Eyjabrúðkaup
**Höf: Jenny Colgan**
**Þýð: Helga Soffía Einarsdóttir**
Á litlu skosku eyjunni Mure ætla Flora MacKenzie og unnusti hennar Joel loksins að ganga í það heilaga. Brúðkaupsundirbúningurinn gengur þó ekki sem skyldi vegna þess að skötuhjúin eru ekki sammála um hvernig þau vilja hafa stóra daginn; Joel langar í látlaust brúðkaup en Floru dreymir um stóra veislu með vinum og vandamönnum.
416 bls.
**Angústúra**
KIL




## Bústaðurinn við ströndina
**Höf: Sarah Morgan**
**Þýð: Birgitta Elín Hassell og Marta Hlín Magnadóttir**
Cecilia Lapthorne ætlaði aldrei að snúa aftur í Dune-bústaðinn. Hún kemur því sjálfri sér mest á óvart þegar hún stingur af úr eigin sjötugsafmæli til að fara þangað. Staðurinn er afskekktur, en fallegur, og troðfullur af minningum.
349 bls.
**Björt bókaútgáfa - Bókabeitan**
KIL RAF HLB




## Fórnarlambið
**Höf: Henrik Fexeus**
**Þýð: Sigurður Þór Salvarsson**
Þegar Davíð fær tölvupóst frá ókunnri konu sem segist hafa upplýsingar um æsku hans setur að honum óhug og hann vill helst hunsa póstinn. En þar sem Davíð á engar minningar frá æskunni, hefur forvitnin betur og hann svarar póstinum. Í skuggunum lúra áratugagömul leyndarmál og leikendur sem vilja allt til vinna að sannleikurinn komi í ljós.
**Sögur útgáfa**
IB




## Draumar um brons
**Höf: Camilla Läckberg**
**Þýð: Sigurður Þór Salvarsson**
Faye hefur unnið hörðum höndum að því að verða frjáls og öðrum óháð, en dregst engu að síður aftur inn í svartnætti æskuáranna. Henni stendur ógn af föður sínum sem er á flótta úr fangelsi. Hann, sem hefði átt að vera kletturinn í lífi hennar, er sá sem hún óttast mest.
303 bls.
**Sögur útgáfa**
KIL




## Fóstur
**Höf: Clarie Keegan**
**Þýð: Helga Soffía Einarsdóttir**
Lítil stúlka er send í fóstur til ókunnugs fólks og veit ekki hvenær hún fer aftur heim. Þótt hún þekki ekki fólkið upplifir hún hlýju og umhyggju sem hún hefur ekki áður kynnst og smám saman blómstrar hún í þeirra umsjá. En eitthvað er ósagt á snyrtilega sveitabænum og stúlkan lærir að oft fara sorg og sæla hönd í hönd.
93 bls.
**Bjartur**
KIL




## Drottningarnar í Garðinum
**Höf: Camila Sosa Villada**
**Þýð: Birta Ósmann Þórhallsdóttir**
Kynlífsverkakonur eru á næturrölti. Encarna frænka finnur barn sem hún tekur að sér, eins og hún hefur tekið að sér margar útskúfaðar konur. Í húsinu hennar finnst skjól fyrir ógnum og ofbeldi af hálfu kúnna, lögreglu og ástmanna. Mállaus kona breytist í fugl, hauslaus maður flýr stríð og Camila berst fyrir að ráða lífi sínu og kyngervi sjálf.
210 bls.
**Benedikt bókaútgáfa**
KIL




*Becoming Sherlock*
## Frávikin
**Höf: Sarah J. Noughton og Anthony Horowitz**
**Þýð: Anna María Hilmarsdóttir**
**Les: Ólafur Darri Ólafsson**
Í þessari stórbrotnu spennuseríu draga metsöluhöfundarnir Anthony Horowitz og Sarah J. Noughton upp nýja mynd af meistara ráðgátunnar, Sherlock Holmes, og hans dygga aðstoðarmanni, John Watson, í framtíðarheimi sem er ekki svo frábrugðinn okkar eigin. Ólafur Darri færir Sherlock líf með frábærum lestri.
240 bls.
**Storytel**
RAF HLB



Heimili hinna fullkomnu glæpa

Penninn Eymundsson




## Frönsk framúrstefna
***Sartre, Genet, Tardieu***
**Þýð: Vigdís Finnbogadóttir**
**Ritstj: Ásdís R. Magnúsdóttir, Guðrún Kristinsdóttir og Irma J. Erlingsdóttir**
Frönsk framúrstefnuleikrit voru þýdd og sýnd á Íslandi á 7. áratug síðustu aldar af ungu leikhúsfólki. Vigdís Finnbogadóttir var ein þeirra. Hér birtast þrjár fyrstu þýðingar hennar úr frönsku: *Læstar dyr* eftir Jean-Paul Sartre, *Vinnukonurnar* eftir Jean Genet og *Upplýsingaskrifstofan* eftir Jean Tardieu. Útgáfu verkanna fylgir inngangur ritstjóra.
**Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur / Háskólaútgáfan**

SVK




## Fyndin saga
**Höf: Emily Henry**
**Þýð: Harpa Rún Kristjánsdóttir**
Daphne hafði alltaf elskað hvernig Peter sagði söguna þeirra. Hvernig þau kynntust á stormasömum degi, urðu ástfangin og fluttu aftur í heimabæ hans við vatnið til að hefja líf sitt saman. Hann var rosalega góður í að segja hana. Eða þangað til hann áttaði sig á því að hann væri í raun og veru ástfanginn af Petru æskuvinkonu sinni.
453 bls.
**Krónika**

KIL




## Gervigul
**Höf: Rebecca F. Kuang**
**Þýð: Ingunn Snædal**
Bókin hefur náð metsölu víða um heim enda efni hennar vakið gríðarmikla athygli. Þá sérstaklega vinkillinn sem snýr að menningarnámi og samfélagsmiðlum.
352 bls.
**Drápa**

KIL




## Guðrún
**Höf: Brynja Svane**
**Þýð: Sigurlín Sveinbjarnardóttir**
18. aldar ættarsaga af Vestfjörðum þar sem sterkar formæður eru í aðalhlutverki. Við sögu koma Danakonungur sem fer í jarðakaup við ekkjuna Guðrúnu, saltvinnsla í Djúpinu og lífsbarátta í óblíðri náttúru. Bókin *Guðrún* er hin fyrsta í röð fjögurra bóka höfundar um ættarsögu sína á Vestfjörðum.
204 bls.
**Bókaútgáfan Sæmundur**

KIL




## Gwendy
**Höf: Stephen King og Richard Chizmar**
**Þýð: Arnór Hjartarson og Ísak Harðarson**
Í þríleiknum um Gwendy sýnir Stephen King á sér nýjar hliðar í samvinnu við Richard Chizmar með stórbrotinni og spennandi sögu af einstakri konu sem sýnir makalausan styrk þegar örlögin leggja á hana þyngri byrðar en flestir stæðu undir. Magnað verk í íslenskri þýðingu Ísaks Harðarsonar og Arnórs Inga Hjartarsonar.
567 bls.
**Storytel**

RAF HLB




## Handfylli moldar
**Höf: Evelyn Waugh**
**Þýð: Hjalti Þorleifsson**
Eftir sjö ára hjónaband hefur hin fagra lafði Brenda fengið nóg af lífinu á Hetton Abbey, gotneska sveitasetrinu sem er stolt og yndi eiginmanns hennar, Tonys. Hún fer að halda við hinn grunnhyggna John Beaver, yfirgefur Tony og hverfur á vit samkvæmislífsins í London. Óvænt örlög bíða söguhetjanna í þessari óviðjafnanlegu skáldsögu.
362 bls.
**Ugla**

KIL




## Heknevefurinn
**Höf: Lars Mytting**
**Þýð: Jón St. Kristjánsson**
Það er komin ný öld og langt síðan séra Kai Schweigaard kom heim á Bútanga með Jehans, nýfæddan son Astridar Hekne. Presturinn verður heltekinn af því að finna fornan myndvefnað samvöxnu tvíburasystranna í þeirri von að geta sameinað kirkjuklukkurnar á ný ... Sjálfstætt framhald *Systraklukknanna* sem notið hefur mikilla vinsælda.
464 bls.
**Forlagið - Mál og menning**

KIL RAF HLB




## Herbergi Giovanni
**Höf: James Baldwin**
**Þýð: Þorvaldur Kristinsson**
Á meðan David bíður þess að unnusta hans snúi heim úr langferð kynnist hann Giovanni. Í óhrjálegu herbergi í úthverfi Parísar upplifa þeir í senn ást og frelsi, skömm og ótta. Í kjölfarið þarf David að ákveða hvort hann gangi að kröfum samfélagsins eða horfist í augu við sjálfan sig. Valin ein af hundrað áhrifamestu skáldsögum heims af BBC.
239 bls.
**Forlagið - Mál og menning**

KIL RAF




## Hildur
**Höf: Satu Rämö**
**Þýð: Erla Elíasdóttir Völudóttir**
Snjóflóð fellur á sumarhúsabyggð við Ísafjörð og Hildur og félagar hennar í lögreglunni mæta á staðinn. Í rústunum finna þau mann sem hefur verið myrtur – í friðsælum bænum er eitthvað kynlegt á seyði. Satu Rämö er finnsk en hefur búið lengi á Íslandi. Spennusögur hennar um Hildi eru orðnar þrjár og hafa slegið rækilega í gegn í Finnlandi og víðar.
375 bls.
**Forlagið - Vaka-Helgafell**

KIL RAF




## Hjartabein
**Höf: Colleen Hoover**
**Þýð: Sunna Dís Másdóttir**
Þegar leigusali Beyah hendir henni út neyðist hún til að leita á náðir föður síns sem býr við allsnægtir í sumarleyfisparadís ríka fólksins í Texas. Þar kynnist hún hinum myndarlega og forríka Samson sem Beyah er sannfærð um að hún eigi fátt sameiginlegt með. Undir ríkmannlegu yfirborði hans glittir þó í eitthvað kunnuglegt, eitthvað brotið.
**Björt bókaútgáfa - Bókabeitan**

KIL RAF HLB




## Hjálparsagnir hjartans

**Höf: Péter Esterházy**
**Þýð: Jóna Dóra Óskarsdóttir**

Á blaðsíðum með sorgarrömmum lýsir sonur síðustu dögum móður sinnar og útför hennar á hinum ofurveraldlegu tímum í lok tuttugustu aldar. Í því tilfinningalega umróti sem fylgir vaknar rödd móðurinnar og í nýstárlegum umsnúningi syrgir móðirin látinn son sinn ...

76 bls.

**Ugla**

IB

---




## Hlaupavargur

**Höf: Kerstin Ekman**
**Þýð: Skúli Thoroddsen**

Tilnefnd til Bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs 2022.

Ulf Norrstig, skógarvörður á eftirlaunum, er sögumaðurinn í þessu magnaða skáldverki Kerstin Ekman sem gerist í skógum nyrðra Helsingjalands í Svíþjóð. Eftir fundinn með varginum fer hann að skoða hug sinn til veiða, dýranna og skógarins. Gömul minni kallast fram í huga hans.

224 bls.

**Ugla**

KIL

---




## Hrein

**Höf: Alia Trabucco Zerán**
**Þýð: Jón Hallur Stefánsson**

Estela situr inni, borin þungum sökum. Hún rekur sögu sína frá því hún flutti til borgarinnar og réð sig í vist á heimili velstæðra hjóna. Þar vann hún húsverkin og sinnti barni í sjö ár, sem var langur tími þegar valdaójafnvægið er yfirþyrmandi og félagsleg einangrun algjör. Hún ætti að vera farin aftur heim en einn daginn er það orðið of seint.

241 bls.

**Benedikt bókaútgáfa**

KIL

---




## Í landi sársaukans

**Höf: Alphonse Daudet**
**Þýð: Gyrðir Elíasson**

Alphonse Daudet (1840-1897) var einn þekktasti rithöfundur Frakka á ofanverðri nítjándu öld, einkum fyrir smásögur, skáldsögur og leikrit. Nú á tímum eru mörg af verkum hans fallin í gleymsku, en þó ekki hið sígilda *Bréf úr myllunni minni* sem kom út á íslensku fyrir margt löngu og svo þessi sérstæða bók.

109 bls.

**Dimma**

SVK

---




## Jólabókarleitin

**Höf: Jenny Colgan**
**Þýð: Helga Soffía Einarsdóttir**

Mirren leggur af stað norður í land í leit að einstakri bók fyrir fárveika ömmusystur sína. Hún kynnist myndarlegum, dökkeygum bóksala sem býðst til að leggja henni lið. Saman þræða þau fornbókabúðir, en er hann allur þar sem hann er séður? Og er bókarleitin erindisleysa eða mun hún leiða Mirren inn á nýjar og óvæntar brautir? Töfrandi jólasaga.

160 bls.

**Angústúra**

IB

---




## Jólabústaðurinn

**Höf: Sarah Morgan**
**Þýð: Birgitta Elín Hassell og Marta Hlín Magnadóttir**

Imogen er afar fær viðburðastjórnandi og samstarfsfólkið lítur upp til hennar. Hún er samt ekki sú sem hún þykist vera, fortíðin geymir erfið leyndarmál sem hún trúir engum fyrir. Henni býðst að verja jólunum í friðsældinni í Cotswold en leyndarmál fortíðar gera óvænta innrás í líf hennar svo hún neyðist til að taka erfiðar ákvarðanir.

**Björt bókaútgáfa - Bókabeitan**

KIL RAF HLB

---




## Kalmann og fjallið sem svaf

**Höf: Joachim B. Schmidt**
**Þýð: Bjarni Jónsson**

Kalmann situr í haldi FBI og skilur hvorki upp né niður. Dagsferð hans með fjölskyldu sinni til Washington D.C. hlaut óvæntan endi og hann er sendur aftur heim með hraði. Þar hefur hann í nógu að snúast og þegar morð er framið virðist það tengjast kalda stríðinu. Enginn er betur til þess fallinn að rannsaka málið en Kalmann.

256 bls.

**Forlagið - Mál og menning**

KIL RAF HLB

---




## Leiðin í hundana

**Höf: Erich Kästner**
**Þýð: Elísa Björg Þorsteinsdóttir**

Sögusvið þessarar einstöku skáldsögu er Berlín á árunum eftir að heimskreppan mikla skall á 1929 og áður en nasistar tóku völdin í Þýskalandi 1933. Rótlaust mannlífið markaðist af óðaverðbólgu, langvarandi atvinnuleysi og gjaldþrotum fyrirtækja og banka. Fólk lifði frá degi til dags og næturlífið var taumlaust.

266 bls.

**Ugla**

KIL

---




## Litla kökuhúsið í París

**Höf: Julie Caplin**
**Þýð: Kristín V. Gísladóttir**

Í notalegu hverfi í París – borg ástarinnar – er lítið kökuhús sem bíður eftir því að verða uppgötvað. Rómantík gæti alveg verið þar á matseðlinum ...

Nína Hadley ólst upp með fjórum eldri bræðrum. Þegar henni bauðst að flytjast til Parísar og hjálpa til á sætabrauðsnámskeiði var hún spennt að segja au revoir við hina ráðríku bræður sína.

413 bls.

**Ugla**

KIL

---




## Lífshættulegt loforð

**Höf: Angela Marsons**
**Þýð: Ingunn Snædal**

Ugla sat á kvisti … Aðeins ég veit hver fær að lifa og hver mun deyja.

Angela Marsons, margfaldur metsöluhöfundur, sendir frá sér enn eina æsispennandi glæpasöguna.

368 bls.

**Drápa**

KIL



GOR Gormabók HSP Harðspjalda bók HLB Hljóðbók IB Innbundin bók KIL Kilja RAF Rafbók SVK Sveigjanleg kápa




## Lygin

**Höf: Eyðun Klakstein**
**Þýð: Hjálmar Waag Árnason**

Æsispennandi færeysk glæpasaga.

Daginn eftir skyndilegt andlát bróður síns fær Sara Emmudóttir dularfullt bréf. Það verður til þess að hún fer að kafa í fortíð sem hún hafði flúið. Við sögu koma meðal annars rokktónleikar í Þórshöfn tuttugu árum fyrr þar sem ung kona lét lífið.

259 bls.

**Ugla**

KIL




## Mýrarstúlkan

**Höf: Elly Griffiths**
**Þýð: Eyrún Edda Hjörleifsdóttir**

Ruth Galloway er fornleifafræðingur sem býr á afskekktum stað ásamt köttunum sínum. Þegar barnsbein finnast er þörf á sérfræðiþekkingu hennar. Málið er flókið og smám saman dregst Ruth inn í hættulega atburðarás.

325 bls.

**Forlagið - Vaka-Helgafell**

KIL RAF HLB




## Lykillinn

**Höf: Kathryn Hughes**
**Þýð: Ingunn Snædal**

Frá metsöluhöfundi *Bréfsins*, *Leyndarmálsins* og *Minningaskrínisins* kemur nú *Lykillinn*. Ógleymanleg saga um glataða ást og hræðilegt leyndarmál.

368 bls.

**Drápa**

KIL




## Naustið

**Höf: Jon Fosse**
**Þýð: Hjalti Rögnvaldsson**

Óhefðbundin saga sem gerist á þremur sumardögum og fjallar um náin tengsl þriggja persóna. Bókin kom fyrst út 1989 og markaði upphafið að velgengni höfundarins í heimalandinu, en haustið 2023 hlaut Jon Fosse Nóbelsverðlaunin í bókmenntum.

177 bls.

**Dimma**

SVK




## Maðurinn sem dó

**Höf: Antti Tuomainen**
**Þýð: Sigurður Karlsson**

Jaakko Kaunisma er farsæll sveppabóndi í finnskum smábæ þar til einn fagran sumardag að líf hans umturnast. Niðurstöður læknisrannsókna staðfesta að honum hefur verið byrlað eitur, í smáum skömmtum á löngum tíma. Hann er dauðvona aðeins 37 ára gamall. Hefst nú æsispennandi leit hans að þeim sem vilja hann feigan.

276 bls.

**Skrudda**

IB




***Nyaxia-bókaflokkurinn***

## Naðran og vængir næturinnar
## Rústirnar og bölvun konungsins

**Höf: Carissa Broadbent**
**Þýð: Herdís M. Hübner**

Í vampíruheiminum Nyaxiu blandast saman átakanleg rómantík, óhugnanlegir galdrar og óslökkvandi blóðþorsti. Bækur Carissu Broadbent, *Naðran og vængir næturinnar* og *Rústirnar og bölvun konungsins*, eru fullkomnar fyrir unnendur sagna um stórhættulega ást og forboðna rómantík í grimmilegum furðuheimum.

**Storytel**

RAF HLB




## Morðin á heimavistinni

**Höf: Lucinda Riley**
**Þýð: Arnar Matthíasson**

Sjálfstæð skáldsaga eftir höfund metsölubókanna um systurnar sjö. Nemi í fínum heimavistarskóla deyr skyndilega. Skólayfirvöld afgreiða andlátið sem slys en Jazmine „Jazz" Hunter er send til að rannsaka málið. Á sama tíma reynir hún að standast persónutöfra fyrrverandi eiginmanns síns sem vill að þau taki saman á ný. En þá fer morðunum að fjölga.

408 bls.

**Benedikt bókaútgáfa**

KIL




## Parísardepurð

***Stutt ljóð í lausu máli***

**Höf: Charles Baudelaire**
**Þýð: Ásdís R. Magnúsdóttir**
**Ritstj: Kristín Guðrún Jónsdóttir**

*Le Spleen de Paris* kom út árið 1869, tveimur árum eftir andlát höfundar. Þar er að finna fimmtíu ljóð í lausu máli, samin á árunum 1855-1867, flest birtust upphaflega í dagblöðum og tímaritum. Verkið átti þátt í að breyta í grundvallaratriðum viðhorfi til ljóðlistarinnar og hafði umtalsverð áhrif á skáld innan og utan heimalandsins.

144 bls.

**Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur / Háskólaútgáfan**

SVK




## Myrku frúrnar

**Höf: Ann Cleeves**
**Þýð: Ragnar Hauksson**

Þegar lík finnst skammt frá afskekktu unglingaheimili er Vera Stanhope kölluð til. Fórnarlambið er Josh, starfsmaður á unglingaheimilinu. Í sama mund kemur í ljós að Chloe, fjórtán ára vistmaður á heimilinu, er horfin. Vera á erfitt með að trúa því að hún geti hafa átt aðild að mannslátinu en hún verður að gera ráð fyrir öllum möguleikum.

439 bls.

**Ugla**

KIL




## Persepolis

**Höf: Marjane Satrapi**
**Þýð: Snæfríð Þorsteins**

Ógleymanleg uppvaxtarsaga íranska höfundarins Marjane Satrapi (f. 1969), sem fór sigurför um heiminn þegar hún kom fyrst út. Spaugilegar hversdagssenur í lífi höfundar og harmleikur þjóðar fléttast listilega saman þessari margrómuðu myndasögu sem lætur engan ósnortinn.

172 bls.

**Angústúra**

KIL




## Rottueyjan og fleiri sögur

**Höf: Jo Nesbø**
**Þýð: Bjarni Gunnarsson**

Fimm hrollvekjandi framtíðarsögur eftir krimmakónginn Nesbø. Veröld sagnanna er framandi og uggvænleg en mannlegt eðli er þó samt við sig. Ást og afbrýði, græðgi og þrá stýra gjörðum persónanna og grimmd og gæska togast á í sálarlífi þeirra. En þótt frásagnirnar séu myrkar og hryllingurinn skefjalaus lifir vonin um að mennskan sé seigasta aflið.

413 bls.

**Forlagið - JPV útgáfa**

KIL RAF




## Rúmmálsreikningur II

**Höf: Solvej Balle**
**Þýð: Steinunn Stefánsdóttir**

Annað bindi í skáldsögu um Töru Selter sem situr föst í nóvemberdegi. Höfundurinn hlaut bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs 2022 fyrir fyrstu þrjú bindin. Bækurnar mynda samhangandi heild og ögra um leið hugmyndum okkar um listaverkið sem snyrtilega og afmarkaða einingu.

202 bls.

**Benedikt bókaútgáfa**

KIL




## Saga af svartri geit

**Höf: Perumal Murugan**
**Þýð: Elísa Björg Þorsteinsdóttir**

Dagsgömul, agnarsmá geit kemst óvænt í hendur fátæks, aldraðs bónda sem ásamt konu sinni fórnar öllu til að koma huðnukiðinu á legg. Það reynist erfitt í hörðum heimi þar sem fátækt, kúgun og uppskerubrestur eru veruleiki manna og dýra. Heillandi saga lítillar geitar.

200 bls.

**Angústúra**

KIL




## Siddharta

***Indversk sögn***
**Höf: Hermann Hesse**
**Þýð: Haraldur Ólafsson**

Sögusviðið er Indland á dögum Búdda. Siddharta, sonur hindúaprests, yfirgefur fjölskyldu sína og tekur að leita skilnings á eðli tilverunnar. Hann sættir sig ekki við lærdóm og kennisetningar presta og fræðimanna og leitar annarra leiða til að komast hjá hinni eilífu hringrás fæðingar og dauða.

135 bls.

**Ormstunga**

KIL RAF




## Sjáumst í ágúst

**Höf: Gabriel García Márquez**
**Þýð: Jón Hallur Stefánsson**

Dýrðleg saga um heita þrá, hugrekki og frelsi eftir Nóbelshöfundinn Márquez. Anna Magdalena hefur verið gift í 27 ár og átt farsælt líf í borginni. En í ágúst ár hvert fer hún út í eyna þar sem móðir hennar er jörðuð og finnur sér elskhuga til einnar nætur. Sagan var óbirt þegar Márquez lést 2014 og kemur fyrst út nú; óvæntur fengur fyrir lesendur.

122 bls.

**Forlagið - Mál og menning**

KIL RAF




## Sjö fermetrar með lás

**Höf: Jussi Adler-Olsen**
**Þýð: Jón St. Kristjánsson**

Carl Mørck, yfirmaður Deildar Q, er handtekinn eftir að taska með eiturlyfjum finnst á heimili hans. Samstarfsfólk hans snýst gegn honum og gömul mál eru dregin fram í dagsljósið. Æsispennandi krimmi og tíunda og jafnframt síðasta bókin um Deild Q.

510 bls.

**Forlagið - Vaka-Helgafell**

KIL RAF HLB




## Skuggaliljan

**Höf: Johanna Mo**
**Þýð: Pétur Már Ólafsson**

Tíminn er naumur. Morðingi gengur laus og barn er horfið.

Þegar Jenny Ahlström kemur heim úr helgarferð er eiginmann hennar og barnungan son hvergi að finna. Lögreglukonan Hanna Duncker óttast það versta.

Ef drengurinn er enn á lífi þarna úti, verður hann það varla mikið lengur. „Frábær glæpasaga.“ *New York Times Book Review*

444 bls.

**Bjartur**

KIL




## Skuggavíddin

**Höf: Nona Fernández**
**Þýð: Jón Hallur Stefánsson**

Í einræðisríki Pinochets í Chile kemur órólegur karlmaður inn á ritstjórnarskrifstofu dagblaðs á vegum stjórnarandstæðinga í landinu. Hann er öryggissveitarmaður. Ég vil segja frá því sem ég hef gert, segir hann, og blaðakonan kveikir á upptökutæki til að hlýða á vitnisburð sem opnar dyr inn í áður óþekkta vídd.

272 bls.

**Angústúra**

KIL




## Sonurinn

**Höf: Michel Rostain**
**Þýð: Friðrik Rafnsson**

Þessi hrífandi skáldævisaga varð metsöubók í Frakklandi eftir að hún hreppti hin virtu Goncourt-verðlaun fyrir fyrstu skáldsögu árið 2011 og hefur síðan verið þýdd á fjölda tungumála.

Í bókinni er fjallað með frumlegum og snjöllum hætti um eitt hræðilegasta áfall sem hent getur foreldra – barnsmissi.

174 bls.

**Ugla**

KIL




## Spegillinn í speglinum

**Höf: Michael Ende**
**Þýð: Sólveig Thoroddsen Jónsdóttir**

Spegillinn í speglinum er ótrúlegt völundarhús draumsýna. Lesandinn hverfur inn í dularfullan frásagnarheim fullan af furðum og leyndardómum, súrrealískum myndum og heimpekilegum hugmyndum. Hvað speglast í spegli sem speglast í spegli?

288 bls.

**Ugla**

KIL




## Stargate

**Höf: Ingvild H. Rishøi**
**Þýð: Kari Ósk Grétudóttir**

Jólaævintýri úr samtímanum sem fjallar um fullorðna sem villast af leið og börn sem þrá ekkert heitar en að þau læri að rata. Pabbi Ronju og Melissu hefur fengið starf sem jólatréssölumaður og jólunum virðist bjargað. En kráin Stargate og bjórinn sem þar flæðir hefur ekki misst aðdráttarafl sitt. *Stargate* er saga sem lifir með lesendum.

**Benedikt bókaútgáfa**

KIL




## Tengdamamman

**Höf: Moa Herngren**
**Þýð: Sigurður Þór Salvarsson**

Ása er einstæð móðir sem hefur alltaf verið í nánu sambandi við son sinn. En þegar hann kynnist nýrri kærustu breytist allt. Samskiptin verða fljótlega erfið. Ása leggur sig fram um að mynda tengsl við tengdadótturina en það er lagt út sem afskiptasemi. Áður en langt um líður stendur hún frammi fyrir átökum sem munu sundra fjölskyldunni.

333 bls.

**Ugla**

KIL




## Sumarhrollur

***Glæpasaga sem gerist á Íslandi***
**Höf: Quentin Bates**
**Þýð: Helgi Ingólfsson**

Í sumarlok verður meinleysislegur smiður, sem stundum tekur að sér verkefni á mörkum gráa hagkerfisins, aðgangshörðum handrukkara að bana í nauðvörn og felur líkið. Handrukkarans er saknað, mannshvarf tilkynnt til lögreglu og rannsóknarlögreglumennirnir Gunnhildur og Helgi fá málið í sínar hendur.

172 bls.

**Ugla**

KIL




## Tókýó-Montana hraðlestin

**Höf: Richard Brautigan**
**Þýð: Þórður Sævar Jónsson**

*Tókýó-Montana hraðlestin* er safn hundrað og þrjátíu örsagna sem tengjast persónulegri reynslu höfundar þegar hann dvaldi í Japan og Montana-ríki í Bandaríkjunum.

Hnyttni Brautigans og hið ljóðræna ímyndunarafl hans njóta sín til fulls í þessari ómótstæðilegu bók.

312 bls.

**Ugla**

KIL




## Svört dögun

**Höf: Cilla Börjlind og Rolf Börjlind**
**Þýð: Hilmar Helgu- og Hilmarsson**

Þriggja ára stúlka á Skáni er myrt í garðinum heima hjá sér. Lögreglukonan Olivia Rönning telur að morðið tengist rasisma að einhverju leyti og þegar sjö ára drengur er drepinn með sama hætti á Värmdö leikur grunur á að sami maður sé að verki. Þriðja bókin um þau Oliviu Rönning og Tom Stilton. Hraður taktur og hörkuspenna.

474 bls.

**Forlagið - JPV útgáfa**

KIL RAF HLB




## Týnda systirin

***Sjöunda bókin í bókaflokknum um systurnar sjö***
**Höf: Lucinda Riley**
**Þýð: Arnar Matthíasson**

Sjöunda bókin í einum vinsælasta bókaflokki heims. D'Aplièse-systrunum sex hefur tekist að uppgötva leyndarmál uppruna síns en sjöunda systirin er enn ófundin. Leitin að henni leiðir þær víða um heim. Þær uppgötva sögu ástar, styrks og fórna sem hófst næstum 100 árum áður, þegar aðrar hugrakkar konur lögðu allt undir til að breyta heiminum.

752 bls.

**Benedikt bókaútgáfa**

IB




## Takk fyrir að hlusta

**Höf: Julia Whelan**
**Þýð: Sunna Dís Másdóttir**

Sewanee Chester þarf að gefa drauma sína um frama í Hollywood upp á bátinn þegar hún lendir í hræðilegu slysi. Hún er þó sátt við nýjan frama sem hljóðbókalesari, ekki fyrir framan myndavélarnar. Einn vinsælasti ástarsagnahöfundur heims vill að hún lesi síðustu bók sína á móti Brock McNight, allra heitustu rödd bransans.

444 bls.

**Björt bókaútgáfa - Bókabeitan**

KIL RAF HLB




## Vatn á blómin

**Höf: Valérie Perrin**
**Þýð: Kristín Jónsdóttir**

Violette er kirkjugarðsvörður í litlu þorpi í Frakklandi. Þegar sársaukafull fortíðin ryðst óvænt inn í friðsælt líf hennar neyðist hún til að rifja upp leiðina til heilunar og bata. Þetta er hrífandi saga um sorg og seiglu, einmanaleika og lífsfyllingu, móðurást og vináttu. Bók sem hefur heillað lesendur víða um heim og selst í milljónum eintaka.

534 bls.

**Forlagið - JPV útgáfa**

IB RAF HLB




## Talið niður til jóla

**Höf: Jo Thomas**
**Þýð: Herdís H. Húbner**

Þetta fyrsta bók Jo Thomas sem kemur út á íslensku en bækur hennar njóta mikilla vinsælda erlendis og fá jafnan afar góða dóma.

324 bls.

**BF-útgáfa**

KIL




## Vegsemd og vesöld

**Höf: Honoré de Balzac**
**Þýð: Sigurjón Björnsson**

Þessa löngu sögu er réttast að skoða sem framhald af *Brostnum væntingum* en er engu að síður sjálfstæð saga. Hún hefst þegar ábótinn Don Carlos Herrera bjargar Lucien frá því að fyrirfara sér, tekur hann að sér. Þessi verk eru ótvírætt kórónan á glæsilegum höfundarferli Balzacs.

595 bls.

**Skrudda**

IB




## Vindurinn veit hvað ég heiti

**Höf: Isabel Allende**
**Þýð: Sigrún Á. Eiríksdóttir**

Samuel var bjargað frá útrýmingarbúðum nasista og komið í vist á Englandi, Leticia flúði fjöldamorð í El Salvador og Anita var tekin af móður sinni í flóttamannabúðum á landamærum Mexíkó og Bandaríkjanna. Mörgum árum síðar liggja leiðir þeirra þriggja saman. Áhrifamikil saga um ofbeldi og ást, rótleysi og von.

286 bls.

**Forlagið - Mál og menning**

KIL RAF




## Það sem við komumst ekki yfir

**Höf: Lucy Score**
**Þýð: Urður Snædal**

Það sem við komumst ekki yfir er spennandi rómantísk saga sem slegið hefur í gegn víða um heim. Lucy Score er í hópi vinsælustu höfunda heims um þessar mundir.

612 bls.

**Bókafélagið**

KIL




## Vistaskipti

**Höf: Beth O'Leary**
**Þýð: Halla Sverrisdóttir**

Leena er send í leyfi eftir stórbrotið klúður í vinnunni. Hún heimsækir ömmu sína sem reynist líka standa á tímamótum. Þær ákveða að hafa vistaskipti, amman fer til London og Leena ætlar að lifa rólegu lífi í litlu þorpi. Þar með upphefjast mikil ævintýri.

421 bls.

**Forlagið - JPV útgáfa**

KIL RAF HLB




## Þegar við hættum að skilja heiminn

**Höf: Benjamín Labatut**
**Þýð: Sigrún Á. Eiríksdóttir**

Hér segir frá nokkrum af snjöllustu vísindamönnum 20. aldar, lífi þeirra, þráhyggju, hugarórum og rannsóknum, ásamt ófyrirséðum afleiðingum uppgötvana þeirra. Skammtafræðin og óvissulögmál Heisenbergs umturnuðu heimsmyndinni og opnuðu dyr að svo örum tæknilegum breytingum að við erum hætt að skilja heiminn.

228 bls.

**Benedikt bókaútgáfa**

KIL




## Vöffluhúsið í fjöllunum

**Höf: Karin Härjegård**
**Þýð: Urður Snædal**

Helena er önnum kafin við að undirbúa afmæliskvöldverð fyrir Martin eiginmann sinn þegar síminn hringir. Það er samstarfskona hennar sem segist hafa átt í ástarsambandi við Martin. Sambandið er búið en ástkonunni finnst að Helena eigi að vita um framhjáhaldið. Heimur Helenu hrynur og til að losna úr brakinu flytur hún burt úr bænum.

338 bls.

**Sögur útgáfa**

KIL




## Þessir djöfulsins karlar

**Höf: Andrev Walden**
**Þýð: Þórdís Gísladóttir**

Uppvaxtarsaga sem fjallar um sterkar konur sem reykja undir eldhúsviftunni og blóta karlmönnum, um ást og sorg, ofbeldi og umhyggju, og afdrifaríík samskipti rottu og hamsturs. Þessi fyrsta skáldsaga höfundar fékk Augustverðlaunin, virtustu bókmenntaverðlaun Svíþjóðar árið 2023. Bók sem verður ógleymanleg öllum lesendum.

348 bls.

**Benedikt bókaútgáfa**

KIL




## Yfirheyrslan yfir Ottó B

**Höf: Wolfgang Schiffer**
**Þýð: Franz Gíslason**

Sagan rekur þroskaferil ungs manns eins og hann birtist í svörum hans sjálfs fyrir rétti. Stúdentaóeirðir og ýmis örvæntingarfull viðbrögð æskufólks við stöðnuðu samfélagi sjöunda áratugar tuttugustu aldar mynda lítt sýnilegan bakgrunn frásagnarinnar. Þrátt fyrir alvöru málsins er lýsingin blönduð skopi og meinlegu háði

**Ormstunga**

RAF




## Æska

**Höf: Tove Ditlevsen**
**Þýð: Þórdís Gísladóttir**

Annar hlutinn í endurminningaþríleik. Tove segir frá fyrstu fullorðinsárum sínum þegar hún fer út á vinnumarkaðinn, flytur að heiman, trúlofast og vinnur að því að fá ljóð sín gefin út. Með húmor og einstakri næmni lýsir hún samskiptum kynjanna og hvernig stéttaskipting og áhersla á hefðbundin kynhlutverk leggur hömlur á möguleika kvenna.

148 bls.

**Benedikt bókaútgáfa**

KIL




## Það liðna er ekki draumur

**Höf: Theodor Kallifatides**
**Þýð: Hallur Páll Jónsson**

Ég var átta ára gamall þegar afi tók í hönd mína og sleppti henni ekki fyrr en við fundum foreldra mína í Aþenu. Hver veit hvað annars hefði gerst. Nokkrum vikum áður hafði vopnaður hópur fasista smalað öllum íbúum þorpsins saman í ytri garðinn við kirkjuna.

297 bls.

**Dimma**

SVK

Góð bók
gerir jólin
svo notaleg
góð gjöf


Bóksala stúdenta, boksala.is
bóksala stúdenta

# Myndasögur




***Rolling Stones***
**Hið undarlega mál mígrenis Jagga**
**Höf: Mauri Kunnas**
**Þýð: Erla Elíasdóttir Völudóttir**
Stærstu góðgerðatónleikar allra tíma í uppnámi ...
Ofurbandið Hinir veltandi gallsteinar í kröppum dansi í Ölpunum ...
Óprúttnir bófar brugga launráð á botni San Francisco-flóa ...
60 bls.
**Króníka**

IB




**Kynsegin**
***Endurminningar***
**Höf: Maia Kobabe**
**Þýð: Elías Rúni og Mars Proppé**
Kynsegin er sjálfsævisaga Maia Kobabe sem segir á hreinskilinn hátt frá því að finna sjálft sig og að koma út sem kynsegin og eikynhneigt fyrir fjölskyldu híns og samfélagi. Með því að spyrja krefjandi spurninga um kynvitund verður þessi persónulega saga áhrifamikill vegvísir í átt að skilningi á okkur sjálfum og öðrum.
240 bls.
**Salka**

SVK

# Náttúra, dýralíf og landshættir




**Náttúruvá**
***Ógnir, varnir og viðbrögð***
**Höf: Ari Trausti Guðmundsson**
Margvísleg náttúruvá hefur fylgt landsmönnum frá upphafi en undanfarið hefur atburðum heldur fjölgað, meðal annars samfara áhrifum loftslagsbreytinga og auknum ágangi á landið. Bókin geymir ítarlegan fróðleik um hættur sem stafa af náttúrunni, fjallað er um forvarnir, ásamt skipulagi og uppbyggingu náttúruvarna. Hún varðar alla sem landið byggja.
190 bls.
**Forlagið - Mál og menning**

SVK




***Hin stórkostlega bók um***
**Útdauð dýr**
**Höf: Elisia García Nieto**
**Myndh: Lidia Di Blasi**
**Þýð: Jón Már Halldórsson**
Hér lifnar við fjöldi mikilfenglegra útdauðra dýra, sem eitt sinn byggðu jörðina, í glæsilegum teikningum. Stórglæsileg og áhugaverð bók með mögnuðum teikningum.
94 bls.
**Drápa**

IB



# Ljóð og leikhandrit




## Blákápa

**Höf: Bragi Björnsson**

Höfundinn, sem kenndur er við Surtsstaði, má telja meðal snjöllustu austfirskra ljóðskálda. Hann var hógvær maður, hirti lítið um að koma ljóðum sínum á prent en gekk frá þeim hreinrituðum. Bókin geymir úrval úr þessum fjársjóði. Áður hafa komið út eftir hann bækurnar *Agnir, Laðar nótt til ljóða* og *Leiðir hugann seiður* sem kom út í fyrra.

272 bls.

**Félag ljóðaunnenda á Austurlandi**

SVK




## Aðlögun

**Höf: Þórdís Gísladóttir**

Sjötta ljóðabók Þórdísar Gísladóttur. Aðlögun nær til þeirra eiginleika sem hafa þróast hjá lífverum og auka möguleika þeirra á að lifa af og fjölga sér í tilteknu umhverfi. Aðlögun getur tekið á sig ýmsar myndir, svo sem líkamlegar breytingar, hegðunarbreytingar eða breytt mynstur hringrásar lífsins.

60 bls.

**Benedikt bókaútgáfa**

IB




## Einurð

**Höf: Draumey Aradóttir**

*Einurð* er sjöunda bók höfundar. Lesanda er hér boðið í ljóðför um hugarheim barns – og síðar fullorðins einstaklings – sem ávarpar móður sína allt frá þeim degi og þeirri nóttu sem eitt líf slokknar og annað kviknar. Þar sem form og formleysi mætast.

72 bls.

**Bókaútgáfan Sæmundur**

KIL




## Á meðan við deyjum ekki

**Höf: Sigmundur Ernir Rúnarsson**

Lífsreynslan er leiðarstefið í þessari fallegu og hlýju ljóðabók sem tekst þar að auki á við nokkrar áleitnustu spurningar lífsins. Náttúran er heldur ekki langt undan eins og gjarnan áður í bókum höfundar, svo og nálægð tímans í töfrandi skáldskap og einstakri orðsnilld.

96 bls.

**Bókaútgáfan Sæmundur**

KIL




## Eitt andartak - ljóð

**Höf: Halla Jónsdóttir**

Höfundur tekst á við tilvistarspurningar og tilfinningalegar upplifanir þar sem vonin og þakklætið skipa öndvegi. Höfundur hefur starfað um áratugaskeið við fræðslumál innan skólakerfisins, en síðast sem aðjúnkt á menntavísindasviði Háskóla Íslands.

48 bls.

**Skálholtsútgáfan - Kirkjuhúsið**

KIL




## Árniður að norðan

**Höf: Pálmi Ragnar Pétursson**

Langflest ljóðanna í bókinni eru prósar sem sumir hverjir hafa dvalið með höfundi lengi. Hér fléttast saman fegurð, ást, sorg og væntumþykja. Ljóðin venslast hvert við annað á ýmsan hátt í dúr og moll. Það er stutt í húmorinn og höfundur gerir upp þessi 60 ár sem hann hefur bráðum lifað á einstakan hátt. Þessi bók er perla.

74 bls.

**Sögur útgáfa**

IB




## Ég er það sem ég sef

**Höf: Svikaskáld**

Fimmta bók höfundakollektífsins Svikaskálda er galsafengin og margræð ljóðabók um bugun og nýjar víddir, stiga sem ögra náttúrulögmálum, konur sem hringlar í og niðurföll sem soga til sín lífið sjálft. Svikaskáld eru Fríða Ísberg, Melkorka Ólafsdóttir, Ragnheiður Harpa Leifsdóttir, Sunna Dís Másdóttir, Þóra Hjörleifsdóttir og Þórdís Helgadóttir.

81 bls.

**Forlagið - Mál og menning**

SVK




## Átthagafræði

**Höf: Kristín Þóra Harðardóttir**

Ég geng um dimman skóg
mosagróður og elfting
þekja skógarbotninn
langar að leggjast í mosann
horfa upp í trjákrónurnar
og minnast hamingjunnar.

Höfundur horfir til átthaganna og þess hvernig þeir hafa mótað viðhorf hennar og viðbrögð í lífinu.

64 bls.

**Bókaútgáfan Sæmundur**

KIL




## Ég hugsa mig

***Nokkur ljóðaljóð og sagnir***

**Höf: Anton Helgi Jónsson**

Hér er á ferðinni ellefta bók skáldsins Antons Helga sem kemur út á hálfrar aldar höfundarafmæli hans. Þetta er vegleg og falleg ljóðabók með ríkulegum myndskreytingum í lit eftir listakonuna Sossu, gerðum sérstaklega fyrir þessa útgáfu.

93 bls.

**Forlagið - Mál og menning**

SVK



GOR Gormabók HSP Harðspjalda bók HLB Hljóðbók IB Innbundin bók KIL Kilja RAF Rafbók SVK Sveigjanleg kápa




## Fagurboðar

**Höf: Þórunn Valdimarsdóttir**

Fjórða ljóðabók Þórunnar, sem er einhver fjölhæfasti rithöfundur okkar, jafnvíg á bundið og laust mál og hefur fengist við flestar greinar bókmennta. Bókin geymir á fjórða tug ljóða og yrkisefnin eru fjölbreytt, frá hverdagslífi til stærri spurninga um tilveru, ást og uppruna.

54 bls.

**Forlagið - JPV útgáfa**

SVK

---




***Austfirsk ljóðskáld***

## Fáir lifa ástar án

**Höf: Antoníus Sigurðsson**

Höfundurinn var fæddur á Berufjarðarströnd 1875 en bjó lengst af á Djúpavogi. Hann hóf ljóðagerðina ungur og fékk í viðurkenningar skyni auknefnið Djúpavogsskáld. Hann orti um átthagana og fólkið sem þar bjó, gleði þess og sorgir. Aðeins fá ljóða hans hafa birst á prenti og er því löngu tímabært að úrval kveðskaparins komi fyrir sjónir lesenda.

135 bls.

**Félag ljóðaunnenda á Austurlandi**

IB

---



## Ferðalag um Ísland - Úr myrkri til birtu

**Höf: Erin Boggs og Einar Örn Benediktsson**

Erin Boggs og Einar Örn Benediktsson hafa unnið saman að margþættri skynreisu sem kannar Ísland í gegnum list og ljóð og tónlist frá Kaktus Einarssyni.

Í gegnum þessa upplifun verður áhorfendum sökkt í leyndardómsfulla fegurð íslensks umhverfis og menningar.

Bókin er á ensku og íslensku. Hún hefur að geyma 50 myndir og ljóð.

240 bls.

**Smekkleysa**

IB

---



## Fjarstýringablús í dögun stafrænnar menningar

**Höf: Gísli Þór Ólafsson**

Ljóðabókin *Fjarstýringablús í dögun stafrænnar menningar* gefur innsýn í heim þar sem iðnaðarþoka og gervigreind hafa náð yfir og fegurðin ekki sjáanleg nema í skjáhjálmum. Hún leynist samt enn þarna bakvið þokuna þótt hálfur hnötturinn sé orðinn að batterísgeymslu.

43 bls.

**Gu/gí**

KIL

---




## Flaumgosar

**Höf: Sigurbjörg Þrastardóttir**

Hér tekst Sigurbjörg Þrastardóttir á við drauma, angist og undrun fólks í flaumi tímans og veitir fínstillta innsýn í íslenska þjóðarsál. Ljóðin bera skýrt handbragð skáldsins, margslungið myndmál og beitta kímni. Sigurbjörg hefur hlotið ýmis verðlaun fyrir verk sín en *Flaumgosar* er tíunda ljóðabók hennar.

120 bls.

**Forlagið - JPV útgáfa**

SVK

---




## Föðurráð

**Höf: Bubbi Morthens**

Bubba Morthens þekkja allir og saga hans hefur verið sögð og skráð en Bubbi mætir sífellt nýjum veruleika: Hér yrkir hann um lífsreyndan föður sem fylgist með ungum dætrum á leið út í lífið, þann ólgusjó sem hann hefur sjálfur siglt, en ráð hans og orð fá ekki alltaf hljómgrunn. Í brjóstinu býr uggur en líka fögnuður yfir nýjum degi, nýrri veröld.

60 bls.

**Forlagið - Mál og menning**

SVK

---




## Geðhrærivélar

**Höf: Árni Jakob Larsson**

Ljóðskáldið Árni Jakob Larsson er fæddur í Reykjavík árið 1943. Fyrsta bók hans, *Uppreisnin í grasinu*, kom út árið 1972. Árni hefur í áratugi notið viðurkenningar sem rithöfundur og ljóðskáld. *Geðhrærivélar* er sextánda bók höfundar.

200 bls.

**Bókaútgáfan Sæmundur**

KIL

---




## Grætur Guð?

**Höf: Hjördís Björg Kristinsdóttir**

*Grætur Guð?* er fyrsta ljóðabók Hjördísar Bjargar Kristinsdóttur. Hér eru á ferðinni hækur um lífið og tilveruna, ljóðform sem er fábrotið, hógvært og hljóðlátt. Einfaldleikinn í sinni tærustu mynd. Höfundur hefur frá barnsaldri fengist við að setja saman ljóð og sögur.

54 bls.

**Bókaútgáfan Sæmundur**

KIL

---




## Heimkynni

**Höf: Þórður Sævar Jónsson**

*Heimkynni* er fjórða ljóðabók Þórðar Sævars.

80 bls.

**Skriða bókaútgáfa**

SVK

---




## Heyrnarlaust lýðveldi

**Höf: Ilya Kaminsky**

**Þýð: Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson**

Nýstárleg og áhrifamikil ljóðabók sem fjallar um atburði í ónefndum bæ á stríðstímum. Frásagnaraðferð skáldsins er bæði sérstæð og hrífandi, enda hefur bókin hlotið einróma lof og verið tilnefnd til verðlauna.

86 bls.

**Dimma**

SVK




## Hljóð
**Höf: Sigrún Erla Hákonardóttir**

Ljóð Sigrúnar Erlu Hákonardóttur eru oftast stutt og gagnorð, hvort sem hún yrkir hefðbundið eða í frjálsu formi. Ljóðmálið er frjálst og leikandi, minnir stundum á tónlist, myndrænt og fallegt, og á bakvið orðin skynjar lesandinn sterkar tilfinningar, von, þrá, söknuð og ást.

106 bls.

**Bókaútgáfan Sæmundur**

KIL



## Hvað verður fegra fundið?
***Úrval kveðskapar sr. Hallgríms Péturssonar***

**Höf: Hallgrímur Pétursson**

**Ritstj: Margrét Eggertsdóttir**

Úrval þess fjölbreytta kveðskapar sem liggur eftir sr. Hallgrím Pétursson, helsta skáld 17. aldar á Íslandi. Hann er þekktastur fyrir Passíusálma sína en orti kvæði og sálma af öllu tagi. Hér má til dæmis finna heilræði, bænavers, ádeilu og náttúrulýsingar, auk þekktra erinda úr Passíusálmunum.

200 bls.

**Skálholtsútgáfan - Kirkjuhúsið**

IB




## Jarðljós
**Höf: Gerður Kristný**

Gerður Kristný nýtur aðdáunar fyrir orðsnilld sína langt út fyrir landsteinana og við ljóð hennar hafa innlendir og erlendir listamenn samið tón- og leikverk. Hún hefur hlotið margs konar viðurkenningar fyrir skrif sín, þar á meðal Íslensku bókmenntaverðlaunin. *Jarðljós* er tíunda ljóðabók hennar.

91 bls.

**Forlagið - Mál og menning**

IB




## Kallfæri
**Höf: Guðrún Hannesdóttir**

Hér er ort af stakti snilld sem birtist í einstakri myndvísi, næmum skilningi og hárfínni ádeilu á samtímann. Lífsspeki kallast á við lífsgleði. Meitlaður skáldskapur einsog hann gerist bestur. *Kallfæri* er tíunda bók Guðrúnar, sem hefur hlotið Ljóðstaf Jóns úr Vör og Íslensku þýðingarverðlaunin fyrir verk sín.

63 bls.

**Dimma**

SVK




## Kærleikur og friður
***Lifi lífið!***

**Höf: Sigurbjörn Þorkelsson**

100 trúarljóð höfundar ásamt lögum sem samin hafa verið við mörg þeirra, í kórútsetningum. Ljóðin eru einlæg og kærleiksrík, nærandi og huggandi. 55 ljóðanna hafa birst yfir 700 sinnum í minningargreinum í Morgunblaðinu. Höfundur flestra laganna er Jóhann Helgason tónlistarmaður.

205 bls.

**Skálholtsútgáfan - Kirkjuhúsið**

IB




## Limrur á servíettum
**Höf: Þorsteinn Valdimarsson**

Þorsteinn Valdimarsson, skáld, tónlistarmaður og kennari (1918–1977), samdi fyrstu ljóðabók sem kom út hér á landi og innihélt eingöngu ljóð sem byggðust á bragarhætti sem hann nefndi limru. Hann var þannig einn af frumkvöðlum íslenskrar limrugerðar og þeim sem gerðu bragarháttinn að lausavísnaformi við hlið tækifærisstökunnar.

112 bls.

**Skrudda**

IB




## Líf - Uppistand augnabliksins
**Höf: Kjartan Ólafsson**

Ljóðin í bókinni fjalla um lífið, tímann og tilveruna með tilvísun í atburði líðandi stundar og liðinna tíma. Um er að ræða fyrstu ljóðabók höfundar en ljóð eftir Kjartan hafa ekki birst opinberlega áður fyrir utan ljóðið við lagið LaLíf sem gefið var út af hljómsveitinni SmartBand á sínum tíma.

43 bls.

**ErkiBók**

KIL




## Ljáðu mér rödd
***Ljóðaþríleikur***

**Höf: Kjell Espmark**

**Þýð: Njörður P. Njarðvík**

Magnaður ljóðaþríleikur eftir eitt virtasta skáld Svía, Kjell Espmark, sem er Íslendingum að góðu kunnur. Í bókinni eru ljóðabækurnar *Vetrarbraut* (2007), *Innri víðátta* (2014) og *Fjöldi votta* (2020) þar sem öll bestu höfundareinkenni Espmarks sem ljóðskálds njóta sín til fulls.

336 bls.

**Ugla**

IB




## Ljóðasafn I
**Höf: Gyrðir Elíasson**

Fimm fyrstu ljóðabækur Gyrðis, sem hafa verið ófáanlegar um áratuga skeið, eru hér saman komnar í einu bindi og marka upphafið að vönduðum endurútgáfum verka skáldsins. Hér birtast *Svarthvít axlabönd, Tvíbreitt (svig)rúm, Einskonar höfuð lausn, Bakvið maríuglerið* og *Blindfugl/Svartflug.* Ómissandi í safn allra bókaunnenda.

280 bls.

**Dimma**

SVK




## Milli fjalla
**Höf: Jón Hjörleifur Stefánsson**

Jón Hjörleifur er guðfræðingur og hefur löngum verið búsettur erlendis. *Milli fjalla* er fyrsta ljóðabók hans og inniheldur trúarlegan kveðskap sem fjallar um víddir trúarlífsins – myrkar og bjartar.

72 bls.

**Bókaútgáfan Sæmundur**

KIL




## Mörk

**Höf: Stefán Þór Sæmundsson**

Ljóðabók eftir Stefán Þór Sæmundsson, kennara við Menntaskólann á Akureyri. *Mörk* telst líklega einstök ljóðabók að efni og formi. Hér er bæði óbundið og flæðandi form og þrælbundið á ýmsa vegu. Yrkisefnið snýst að stórum hluta um íslenska tungu, sögu, menningu og tilveru.

80 bls.

**Bókaútgáfan Tindur**

KIL




## Orðaglingur

**Höf: Magnús Jóel Jóhannsson**

Ljóðin eru í bundnu máli og fjalla um margvísleg efni. Þau bera vott um listfengi og fljúgandi hagmælsku auk víðtækrar þekkingar á íslenskri tungu, bragformi og skáldamáli að fornu og nýju. Það einkennir ljóðagerð Magnúsar hversu óvenju margvíslegum bragarháttum hann yrkir undir.

278 bls.

**Sigríður Magnúsdóttir, Margrét Magnúsdóttir og Guðlaug Magnúsdóttir**

KIL




## Pólstjarnan fylgir okkur heim

**Höf: Margrét Lóa Jónsdóttir**

*Pólstjarnan fylgir okkur heim* er magnaður ljóðaseiður um lífið, dauðann, tímann innra með okkur og veraldarundrið vonina.

40 bls.

**Salka**

SVK




## Rifsberjadalurinn

**Höf: Ásdís Óladóttir**

*Rifsberjadalurinn* er persónuleg og áhrifamikil ljóðabók. „Rödd Ásdísar Óladóttur er einstök í ljóðaheiminum, hún er bæði frumleg, heit og litrík." — Vigdís Grímsdóttir.

62 bls.

**Veröld**

IB




## Rondó

**Höf: Egill Ólafsson**

Egill Ólafsson, tónlistarmaður, leikari og skáld, yrkir hér um flesta þætti tilverunnar en ekki síst leikur hann með litbrigði orðanna og þenur hljóm þeirra. Síðasta ljóðabók Egils, *Sjófuglinn*, vakti mikla athygli og var tilnefnd til Maístjörnunnar, íslensku ljóðabókaverðlaunanna.

114 bls.

**Bjartur**

IB




## Safnið

***Ljóð Lindu Vilhjálmsdóttur***

**Höf: Linda Vilhjálmsdóttir**

Linda Vilhjálmsdóttir skáld er þekkt fyrir beinskeytt og meitluð ljóð. Þetta safn geymir allar níu ljóðabækur hennar frá árabilinu 1990-2022, auk nokkurra ljóða sem birst hafa annars staðar eða eru áður óbirt. Inngangsorð skrifar Kristín Eiríksdóttir og í bókarlok er viðtal Hauks Ingvarssonar við Lindu þar sem hún segir frá lífi sínu og skáldskap.

479 bls.

**Forlagið - Mál og menning**

IB




## Sjötíu bragandi dúfur

**Höf: Garibaldi**

Ljóðaflokkur um samband tveggja bræðra og kærleikann á milli þeirra en þeir búa við mikið ofbeldi innan veggja heimilisins. Sá yngri deyr sautján ára gamall af slysförum og höfundur breytir harmi sínum í sigur með menntun og skáldskap.

83 bls.

**Garibaldi ehf.**

KIL




## Skartgripaskrínið mitt

**Höf: Ursula Andkjær Olsen**

**Þýð: Brynja Hjálmsdóttir**

*Skartgripaskrínið mitt* geymir ljóð um líffræðilegar, efnahagslegar og tilfinningalegar hringrásir, um að halda áfram lífinu og ganga í gegnum tíðahvörf, um sársauka og alsælu, ást og sorg, um stjórnleysi og Miklahvell. Í bókinni eru einnig ljósmyndaverk eftir Sophiu Kalkau.

244 bls.

**Benedikt bókaútgáfa**

KIL




## Skýin eru skuggar

***ljóðaúrval***

**Höf: Jon Fosse**

**Þýð: Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson**

Nóbelsskáldið Jon Fosse byrjaði snemma að yrkja og hefur alla tíð haldið því áfram. Enda þótt prósaverkin og leikritin beri jafnan hæst er ljóðlistin mikilvægur hluti af höfundarverkinu í heild. Þetta ljóðaúrval spannar fjóra áratugi á ferli skáldsins og veitir góða innsýn í þá veröld sem verk hans spretta úr.

104 bls.

**Dimma**

SVK




## Sólin er hringur

**Höf: Halla Þórðardóttir**

Bíddu af þér fjarlægar stjörnur /
fyrir nálæga stjörnu /
er það stjörnufræði að horfa útí nóttina?
Halla Þórðardóttir er menntaður dansari, starfaði með Íslenska dansflokknum um árabil. Hún er þriggja barna móðir, búsett í Reykjavík. *Sólin er hringur* er hennar fyrsta skáldverk.

50 bls.

**Benedikt bókaútgáfa**

KIL



## Spunatíð

**Höf: Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson**

Í þessari nýju ljóðabók er spunnið úr þjóðlegum þráðum en einnig ferskum og framandi svo úr verður fjölbreyttur vefur þar sem fléttast saman frjáls póesía og háttbundin ljóð. Hjartsláttur lífsins er aldrei langt undan. *Spunatíð* er ellefta frumsamda ljóðabók Aðalsteins Ásbergs, en ljóð hans hafa verið þýdd og gefin út á mörgum tungumálum.

103 bls.

**Dimma**

SVK




## Upphafshögg

***Ljóð um listina að spila golf***

**Ljóð: Eyrún Ingadóttir**

Ljóð sem eru tileinkuð öllum þeim sem ganga um golfvelli í íslensku sumarveðri, vongóðir um að veðurspáin breytist til hins betra.

40 bls.

**Skáldasýslan**

SVK




## Svefnhof

**Höf: Svava Þorsteinsdóttir**

*Svefnhof* er fyrsta ljóðabók Svövu Þorsteinsdóttur.

64 bls.

**Skriða bókaútgáfa**

SVK




## Veður í æðum

**Höf: Ragnheiður Lárusdóttir**

Í þessari nýju og áhrifamiklu ljóðabók yrkir Ragnheiður Lárusdóttir um þá sáru reynslu að horfa á dóttur lenda í fjötrum fíknar – en líka um þá töfra tilverunnar sem umlykja okkur þrátt fyrir allt. Ljóðmál Ragnheiðar er beinskeytt og sterkt, eins og lesendur þekkja úr þremur fyrri bókum hennar – sem allar fylgja með í þessari bók.

200 bls.

**Bjartur**

IB




## Söngvar til sársaukans

**Höf: Valdimar Tómasson**

Valdimar Tómasson er íslenskum bókmenntaunnendum að góðu kunnur fyrir meitluð og harmþrungin ljóð sín. *Söngvar til sársaukans* er sjöunda ljóðabók hans en hér yrkir hann um friðlausa auðn, þungbærar tilfinningar og vonarglætuna sem smýgur í gegnum svartnættið.

42 bls.

**Forlagið - JPV útgáfa**

SVK




***Myndskreytt Ljóðabók***

## Vorperla og vatn

**Höf: Lísa María Jónsdóttir**

Myndskreytt ljóðabók. Bókin er fjórða bók höfundar og telur 120 bls.

120 bls.

**Lísa María Jónsdóttir**

KIL




## Tæpasta vað

**Höf: Jón Hjartarson**

Hér er ort um land og líf, gjöfult og grimmt umhverfi, hversdagsleg atvik og uppgötvanir, fortíð og óvissa framtíð, fugla og fólk. *Tæpasta vað* er önnur ljóðabók Jóns Hjartarsonar, leikara og rithöfundar.

92 bls.

**Forlagið - JPV útgáfa**

SVK



## Þar sem dragsúgurinn er hvítur refur

**Höf: Eyþór Árnason**

Eyþór Árnason hlaut Bókmenntaverðlaun Tómasar Guðmundssonar fyrir fyrstu ljóðabók sína árið 2009. *Þar sem dragsúgurinn er hvítur refur* er sjöunda ljóðabók hans.

71 bls.

**Veröld**

IB




## Undir eplatrénu

**Höf: Olav H. Hauge**

**Þýð: Gyrðir Elíasson**

Úrval ljóða eftir eitt helsta skáld Norðmanna á liðinni öld. Látlaus og hrífandi skáldskapur í einstaklega vönduðum íslenskum búningi Gyrðis Elíassonar, sem einnig ritar formála. Verk Hauges hafa ratað víða og hér eru saman komin mörg þeirra ljóða sem hafa borið hróður hans langt út fyrir heimaslóðirnar.

127 bls.

**Dimma**

SVK



# Listir og ljósmyndir




## Innsýn, útsýn – Listasafn Íslands í 140 ár

***Ný útgáfa í tilefni 140 ára afmælis Listasafns Íslands***

**Ritstj: Anna Jóhannsdóttir, Dagný Heiðdal og Ingibjörg Jóhannsdóttir**

Safneign Listasafns Íslands er bæði umfangsmikil og margslungin og geymir fjölmörg mikilvæg og merk verk sem eiga erindi við almenning. Tilefni þessarar útgáfu, þar sem fjallað er um valin listaverk úr safneigninni, er 140 ára afmæli safnsins. Hér er í máli og myndum fjallað um 140 af um 16.000 verkum í eigu safnsins.

296 bls.

**Listasafn Íslands**

IB




## Á slóðum íslenskra hreindýra

***Í fylgd með Skarphéðni G. Þórissyni***

**Höf: Skarphéðinn G. Þórisson**

Skarphéðinn G. Þórisson var mikill náttúruunnandi og stundaði jafnframt ljósmyndun af mikilli elju.

Þessi bók sýnir úrval hreindýramynda hans og ber vitni mikilli snilli við að fanga augnablikið og góðu auga fyrir litum og landslagi í umhverfi hreindýra.

Skarphéðinn lést í flugslysi á síðasta ári.

128 bls.

**Bókstafur**

IB



***Smárit Listasafns Íslands***

## Korrиró og Dillidó - Þjóðsagnamyndir

***Ásgrímur Jónsson***

**Höf: Dagný Heiðdal**

Þjóðsagnamyndir Ásgríms Jónssonar

Bókin inniheldur aðfaraorð og texta eftir Dagnýju Heiðdal ásamt ljósmyndum af þjóðsagnaverkum Ásgríms Jónssonar. Bókin tilheyrir nýrri ritröð veglegra smárita sem Listasafn Íslands hóf að gefa út undir lok síðasta árs.

128 bls.

**Listasafn Íslands**

IB



## Crawling Beast

***Skriðjöklar***

**Höf: Pétur Sturluson**

„Líkt og örin mín eru sprungurnar til vitnis um kraft og þanþol náttúrunnar og þjóna sem áminning um þá leyndardóma sem búa í djúpum jarðar."

Magnaðar ljósmyndir Péturs Sturlusonar af stórfenglegri fegurð og ægikrafti íslenskra skriðjökla.

80 bls.

**Ugla**

IB




## Loftleiðir 1944–1973

***Icelandic Airlines***

**Höf: Sigurgeir Orri Sigurgeirsson**

Ljósmyndabók á íslensku og ensku um Loftleiðir. Í bókinni er ævintýralegum ferli Loftleiða gerð skil, frá því þrír ungir menn stofnuðu fyrirtæki með eina litla flugvél og þar til félagið fór fimm ferðir á dag á risaþotum milli Lúxemborgar og New York, með viðkomu á Íslandi. Loftleiðaandinn sprettur ljóslifandi upp af blaðsíðum bókarinnar.

336 bls.

**Heimildarmyndir**

IB



## Egill Sæbjörnsson og óendanlegir vinir alheimsins

**Ritstj: Ingibjörg Jóhannsdóttir**

Listasafn Íslands kynnir veglega sýningarskrá fyrir sýninguna Egill Sæbjörnsson og óendanlegir vinir alheimsins.

Skráin er ríkulega myndskreytt og inniheldur aðfaraorð Ingibjargar Jóhannsdóttur safnstjóra, grein eftir sýningarstjórann Arnbjörgu Maríu Danielsen og grein eftir listfræðinginn Margréti Elísabetu Ólafsdóttur.

127 bls.

**Listasafn Íslands**

SVK




## Óli K

**Höf: Anna Dröfn Ágústsdóttir**

**Mndrtstj: Anna Dröfn Ágústsdóttir og Kjartan Hreinsson**

Óli K. var fyrsti fastráðni blaðaljósmyndari landsins. Starfsævin spannaði um hálfa öld og á þeim tíma markaði hann sér sess sem mikilvægur þátttakandi á sviði íslenskrar menningar. Hér birtist úrval af verkum Óla K., bæði víðkunnar myndir sem óþekktar, um leið er saga hans sögð ítarlegar en áður hefur verið gert. Einstakur gripur.

232 bls.

**Angústúra**

IB




## Gullsmíði í 100 ár

**Skrás: Félag íslenskra gullsmiða**

Innsýn í hönnun og handverk íslenskrar gull- og silfursmíði fyrr og nú.

Hér ber fyrir augu fjölskrúðug djásn, allt frá skartgripum til skúlptúra og nytjahluta. Dýrindis safn muna sem íslenskir gullsmiðir hafa skapað á undangengnum hundrað árum.

Bókin er gefin út í tilefni hundrað ára afmælis Félags íslenskra gullsmiða.

236 bls.

**Sögur útgáfa**

IB



# Ævisögur og endurminningar




## Eddi í Hópsnesi

***Edvard Júlíusson – Lífshlaup athafnamanns í Grindavík***

**Höf: Ásmundur Friðriksson**

Eddi í Hópsnesi er saga athafnamannsins og frumkvöðulsins Edvards Júlíussonar í Grindavík. Hann hóf sjómennsku fyrir fermingu og varð skipstjóri og umsvifamikill útgerðarmaður og fiskframleiðandi áður en hann stofnaði Bláa lónið sem tók á móti milljón ferðamönnum á ári við lok átján ára stjórnarformennsku hans.

400 bls.

**Ugla**

IB




## Brúður Krists

***Alin upp í sértrúarsöfnuði***

**Höf: Linnéa Kuling**

**Þýð: Ragna Sigurðardóttir**

Það var líkt og litla Linnéa og fjölskylda hefðu fundið paradís á jörðu þegar þau komu til smábæjarins Knutby. Þeim leið strax eins og þau væru komin heim. En söfnuðurinn sem þau gengu í var ekki allur þar sem hann var séður, myrkur leyndist bakvið luktar dyr og áður en langt um leið varð paradís að helvíti. Sönn saga um sakamál í sértrúarsöfnuði.

276 bls.

**Storytel**

RAF HLB




***Gummi***

## Endurminningar Guðmundar Hafsteinssonar

**Skrás: Snorri Másson**

Hér rekur Snorri Másson ævintýralegan feril Guðmundar Hafsteinssonar í Kísildal í Kaliforníu. Lesendum gefst innsýn í heim tæknirisa á borð við Apple og Google. Saga Gumma er saga tæknibyltingar sem hófst með tölvum og nær nú nýjum hæðum með gervigreind. Stórmerk frásögn Íslendings af atburðum og fólki sem höfðu mótunaráhrif á 21. öld.

256 bls.

**Almenna bókafélagið**

IB




## Churchill

***Stjórnvitringurinn framsýni***

**Höf: James C. Humes**

**Þýð: Magnús Þór Hafsteinsson**

Winston Churchill er eini stjórnmálaleiðtogi mannkynssögunnar sem „hefur átt sína eigin kristalkúlu," sagði Richard Nixon Bandaríkjaforseti. Churchill bjó nefnilega yfir einstakri gáfu til að sjá fram í tímann og spá fyrir um óorðna hluti. Að baki bjó yfirgripsmikil söguþekking hans, víðtæk reynsla og óvenjulegt hugarflug og innsæi.

264 bls.

**Ugla**

IB




## Ég átti að heita Bjólfur

***Æskuminningar***

**Höf: Jón Ársæll Þórðarson**

Sjónvarpsmaðurinn góðkunni, Jón Ársæll Þórðarson, segir hér sögur úr æsku sinni og rifjar upp veröld sem var fyrir ekki svo mörgum árum, oft á kíminn hátt. Uppvaxtarárin austur á fjörðum, sveitin í Jökulsárhlíð, síldin, sjómennskan, mótunarárin vestur í bæ, grásleppuútgerðin, heimabruggið og margt fleira er rifjað upp á síðum bókarinnar.

278 bls.

**Salka**

IB




## Duna

***Saga kvikmyndagerðarkonu***

**Höf: Kristín Svava Tómasdóttir og Guðrún Elsa Bragadóttir**

Guðný Halldórsdóttir, Duna, er afkastamesta kvikmyndagerðarkona þjóðarinnar. Eftir hana liggja ástsælar gamanmyndir eins og *Stella í orlofi* en líka dramatískar myndir líkt og *Veðramót* auk fjölda heimildarmynda og sjónvarpsþátta. Hér hefur Duna sjálf orðið og fer yfir viðburðaríkan feril í sprenghlægilegu en heiðarlegu uppgjöri.

304 bls.

**Forlagið - Mál og menning**

IB RAF




## Ég skal hjálpa þér

***Saga Auriar***

**Höf: Herdís Magnea Hübner**

Auri Hinriksson fæddist á Srí Lanka en flutti fertug til Ísafjarðar. Hún á að baki merka ævi og er þekktust fyrir að hafa aðstoðað fólk ættleitt frá Srí Lanka við að finna líffræðilega foreldra sína og fjölskyldu. Saga Auriar er einstök frásögn af kjarkmikilli konu sem lætur ekki brjóta sig niður heldur rís upp og blómstrar mitt í mótlætinu.

244 bls.

**Forlagið - Vaka-Helgafell**

IB RAF

prentmet Oddi
heildarlausnir í prentun

Við erum sérfræðingar í prentun bóka og bjóðum upp á Svansvottaða framleiðslu

Kiljur og harðspjaldabækur



Umbúðir
Almenn prentun
Bækur
Limmiðar
Stimplar

Lyngháls 1, 110 Rvk 5 600 600
Eyravegi 25, 800 Selfoss 482 1944
Glerárgötu 28, 600 Akureyri 4 600 700
prentmetoddi.is

SVANSVOTTUÐ PRENTSMIÐJA
JAFNLAUNAVOTTUN




## Ég ætla að djamma þar til ég drepst - endurminningar

**Höf: Ívar Örn Katrínarson**

Endurminningar Ívars Arnar Katrínarsonar, hefur vakið mikla athygli á skömmum tíma og þykir frásögnin sláandi en heiðarleg. Hvernig flækist ungur drengur á Íslandi inn í kaldan heim glæpa og eiturlyfja og hver var hans leið út? Þetta er mögnuð bók sem lesandinn mun ekki leggja frá sér fyrr en að lestri loknum.

176 bls.

**Loforð útgáfa / Dreifing BF-útgáfa**

KIL




## Guð er raunverulegur

***Ævintýralegar lífsreynslusögur og lykilatriði***

**Höf: Guðrún Margrét Pálsdóttir**

Þessi bók lýsir því hvernig lífið umbreytist í magnþrungið ævintýri leyfi maður sér að trúa án þess að efast. Aðeins með Guði hefur sagan sem hér er sögð getað raungerst og sýnir að sannleikurinn getur verið langtum ótrúlegri en ímyndaður skáldskapur. Lýst er ævintýralegu lífshlaupi og eru endurminningarnar eins og besti spennutryllir á köflum.

92 bls.

**WJI útgáfa**

KIL




## Fólkið frá Vörum í Garði

***og útgerð Gunnars Hámundarsonar***

**Höf: Níels Árni Lund**

Í bókinni er rakin saga útvegsbændanna Halldórs Þorsteinssonar og Kristjönu Pálínu Kristjánsdóttur í Vörum og barna þeirra.

264 bls.

**Skrudda**

IB




## Hannes

***- handritið mitt***

**Höf: Magnús Örn Helgason**

Saga Hannesar Þórs Halldórssonar leikstjóra og fyrrverandi landsliðsmarkvarðar er engri lík. Hannes lék sem atvinnumaður í knattspyrnu víða um lönd og var lykilmaður í sögulegum árangri karlalandsliðsins á EM 2016 og HM 2018. En leið Hannesar á toppinn var þyrnum stráð.

400 bls.

**Bjartur**

IB




## Frá Hollywood til heilunar

***Að vakna til betra lífs – Saga Jóhönnu Jónas, heilara, leikkonu og dansara***

**Höf: Guðný Þórunn Magnúsdóttir og Jóhanna Jónas**

Áhrifamikil frásögn af lífshlaupi Jóhönnu Jónas, sem ung að árum þurfti að kljást við ótal erfiðar áskoranir og áföll. Síðar naut hún lengi velgengni sem leikkona en skipti svo alveg um pól og starfar nú sem eftirsóttur orkuheilari og kennari.

„Einstök bók full af hlýju, visku og lífsreynslu." / Jóga Gnarr

302 bls.

**Sögur útgáfa**

SVK




## Hnífur

***Hugleiðingar í kjölfar morðtilraunar***

**Höf: Salman Rushdie**

**Þýð: Árni Óskarsson**

Árið 2022 réðst grímuklæddur maður með hníf á Salman Rushdie og veitti honum lífshættulega áverka. Hér segir Rushdie í fyrsta sinn frá þessum skelfilegu atburðum og langri leiðinni til bata. Þetta er meistaraleg og afar opinská frásögn eins fremsta rithöfundar okkar tíma, hjartnæm lesning um lífið og ástina og styrkinn til að rísa upp að nýju.

248 bls.

**Forlagið - Mál og menning**

KIL RAF

Ánægja.
Hrifandi orðfæri,
frumleg hnyttni, mögnuð spenna,
ólgandi tilfinningar, dýrmætur
fróðleikur, forvitnilegt sögusvið
og áhugaverðar sögupersónur
veita lesendum gleði.




## Ingvar Vilhjálmsson
***Athafnasaga***
**Höf: Jakob F. Ásgeirsson**
Ingvar Vilhjálmsson er eitt af stóru nöfnunum í sögu sjávarútvegs á Íslandi á tuttugustu öld.
Um hálfrar aldar skeið rak hann eitt stærsta fyrirtæki landsins, Ísbjörninn á Seltjarnarnesi og í Reykjavík.
Í þessari bók er leitast við að gefa heildarmynd af umsvifum þessa stórbrotna athafnamannsins.
276 bls.
**Ugla**

IB




## Mennska
**Höf: Bjarni Snæbjörnsson**
Bjarni ólst upp við algeran skort á hinsegin fyrirmyndum og neikvætt umtal um homma. Hvaða áhrif hefur það á mann að gangast ekki við hluta af sjálfum sér? Bók sem talar til allra þeirra sem hafa glímt við skömm og reynt að skila henni, þeirra sem finnst erfitt að taka sér pláss og óttast viðbrögð annarra. Aðgengileg og hrífandi (skyldu)lesning.
239 bls.
**Forlagið - Mál og menning**

IB RAF




## Í spor Sigurðar Gunnarssonar
**Höf: Hjörleifur Guttormsson**
Margir helstu áhrifamenn á Íslandi 19. aldar voru ótrúlega fjölhæfir og afkastamiklir. Einn þeirra er Sigurður Gunnarsson, sálusorgari, ferðagarpur, smiður og húsameistari, náttúrufræðingur, rithöfundur, alþingismaður og læknir.
583 bls.
**Skrudda**

IB




## M-samtöl. Úrval
**Höf: Matthías Johannessen**
Matthías Johannessen, ritstjóri Morgunblaðsins í áratugi og skáld, lést í mars 2024. Í þessari bók birtist úrval 30 samtala sem Matthías skrifaði, flest á árunum frá 1960-70. Tvö hafa aldrei birst áður á bók, Stefán frá Möðrudal og Guðrún frá Lundi. Einstakt úrval, einstök bók.
400 bls.
**Bókaútgáfan Tindur**

KIL




## Í veiði með Árna Bald
**Höf: Árni Baldursson**
Árni Baldursson er lifandi goðsögn í veiðiheiminum, ekki bara á Íslandi heldur um allan heim.
Hann hefur veitt um víða veröld, í Rússlandi, Suður-Ameríku, Skotlandi, Noregi, Grænlandi og Alaska og lent í ótrúlegum ævintýrum. Um tíma var Árni stærsti veiðileyfasali landsins og hér segir hann sögur sínar í fyrsta sinn á prenti.
224 bls.
**Salka**

IB




## Óseldar bækur bóksala
**Höf: Shaun Bythell**
**Þýð: Snjólaug Bragadóttir**
Bærinn Wigtown í Skotlandi er paradís bókaunnenda. Shaun Bythell er einn af bóksölunum í Wigtown. Búðin hans, The Bookshop, er stærsta fornbókabúð Skotlands í gömlu húsi með níu stórum herbergjum stútfullum af bókum. Bækur Shauns um bókalífið í fornbókabúðinni hans hafa slegið í gegn víða um heim.
454 bls.
**Ugla**

KIL




## Kallaður var hann kvennamaður
***Sigurður Breiðfjörð og samtíð hans***
**Höf: Óttar Guðmundsson**
Sigurður Breiðfjörð skáld og samtímamenn hans er viðfangsefni Óttars Guðmundssonar geðlæknis í þessari bók. Sigurður fæddist í lok 18. aldar. Hann var um árabil vinsælasta og mest lesna skáld þjóðarinnar.
298 bls.
**Skrudda**

IB




## Óvæntur ferðafélagi
**Höf: Eiríkur Bergmann**
Dag einn tók heimur alþjóðlega fræðimannsins Eiríks Bergmanns upp á því að lokast, veröldin fjötraðist í neti landamæratálmana og vegabréfa. Á sama tíma og hann var líka læstur inni í kófinu birtist skyndilega alvarlegur kvilli, severe tinnitus disorder. Eiríkur gaf kvillanum nafnið Tína og fór að halda dagbók um ástandið.
254 bls.
**Sögur útgáfa**

SVK




## Konan sem í mér býr
**Höf: Britney Spears**
**Þýð: Helgi Ingólfsson**
Þessi bók Britney Spears, sem skrifuð er af ótrúlegri hreinskilni og húmor, markar þáttaskil. Hún er til vitnis um óendanlegan mátt tónlistar og ástar – og mikilvægi þess að kona segi loks sína eigin sögu, á sínum eigin forsendum.
Bók ársins 2023: *Elle, The Washington Post, Rolling Stone, NPR, Financial Times, Vanity Fair, Daily Telegraph* o.fl.
269 bls.
**Ugla**

KIL






## Saga eiginkonunnar

***Persónuleg frásögn***

**Höf: Aida Edemariam**

**Þýð: Karl Sigurbjörnsson**

Yetemegna, amma bókarhöfundar, fæddist í norðurhluta Eþíópíu árið 1916. Hún mátti þola ýmsar raunir á langri ævi og barðist ótrauð fyrir réttlæti sér og sínum til handa á stormasömum tímum í Eþíópíu.

Einstök ævisaga ótrúlegrar konu sem missti aldrei kjarkinn þótt á móti blési en jafnframt einstök lýsing á mannlífi í landi sem oft er misskilið.

387 bls.

**Ugla**

KIL




## Þú ert mitt sólskin

***Spjallbók***

**Höf: Sveinn Einarsson**

Í þessari bók bregður höfundur á leik í tilefni af níræðisafmæli sínu og birtir ýmis minningaleiftur frá langri og viðburðaríkri ævi. Hann spjallar við lesendur í þeim stíl sem hefur verið kallaður *causeries* á mörgum erlendum málum.

185 bls.

**Ormstunga**

KIL RAF




## Skálds saga

***74 kaflar úr höfundarlífinu***

**Höf: Steinunn Sigurðardóttir**

Hvaðan kemur innblástur skáldsins og þörfin til að skrifa? Og hvernig komast hugmyndirnar á blað? Steinunn Sigurðardóttir hefur sent frá sér tugi vinsælla skáldverka og annarra bóka en hér segir hún frá sjálfri sér og ævintýralegu höfundarlífi sínu – lýsir viðhorfum sínum, aðferðum og aðstöðu við skriftir með leiftrandi gáska og einstakri stílfimi.

244 bls.

**Forlagið - Mál og menning**

IB RAF




## Þú ringlaði karlmaður

***Tilraun til kerfisuppfærslu***

**Höf: Rúnar Helgi Vignisson**

Aðalpersóna bókarinnar er höfundurinn sjálfur á ýmsum þroskastigum. Í kjölfar #metoo og eigin tilvistarglímu tekst hann á við kynjaumræðu samtímans. Nýjustu rannsóknum er teflt gegn aldagömlu tregðulögmáli. Höfundurinn mátar sjálfsmynd sína við þær áherslur sem nú eru efstar á baugi þegar kemur að karlmönnum, karlmennsku og samskiptum kynjanna.

244 bls.

**Græna húsið**

SVK




## Strá fyrir straumi

***Ævi Sigríðar Pálsdóttur 1809-1871***

**Höf: Erla Hulda Halldórsdóttir**

Um karlmenn 19. aldar hafa verið skrifaðar fjöldi ævisagna en konur þessa tíma hafa lent meira baksviðs, enda heimildir um þær oft færri, minna rannsakaðar eða ekki taldar merkilegar. Hér er komið tímamótaverk, ein af stórum kvenævisögum 19. aldar.

442 bls.

**Bjartur**

IB




## Ævisaga

**Höf: Geir H. Haarde**

Ævisaga Geirs H. Haarde, fyrrverandi forsætisráðherra, er stórmerkileg og sætir tíðindum. Geir var einn þekktasti stjórnmálamaður þjóðarinnar um áratuga skeið á tímum mikilla breytinga. Í opinskárri ævisögu sinni veitir hann einstaka innsýn í baksvið stjórnmálanna en skrifar jafnframt af einlægni um einkalíf sitt.

567 bls.

**Bjartur**

IB




## Sungið af hjartans lyst

***Friðbjörn G. Jónsson***

**Skrás: Sölvi Sveinsson**

Friðbjörn G. Jónsson söngvari rifjar upp æskuminningar af Sauðárkróki og frá söngferli sínum. Hann var m.a. félagi í Karlakór Reykjavíkur 1956-2021 og einsöngvari með kórnum 1965-1996. Bókin er mynskreytt, 132 blaðsíður að stærð og hljómdiskur með söng Friðbjarnar fylgir bókinni.

132 bls.

**Sögufélag Skagfirðinga**

SVK




## Samspil

***myndhöggvarar á Korpúlfsstöðum 1973-1993***

**Höf: Inga S. Ragnarsdóttir og Kristín G. Guðnadóttir**

Bókin er gefin út í tilefni af 100 ára fæðingarafmæli Ragnars Kjartanssonar og þess að 50 ár eru síðan Myndhöggvarafélagið í Reykjavík settu upp fyrstu almennu vinnustofurnar fyrir myndlistarmenn á Íslandi á Korpúlfsstöðum. Í bókinni er fjallað um feril Ragnars, sýninguna Samspil og áhrifaríka sögu vinnustofanna og starfsemi Myndhöggvarafélagsins.

176 bls.

**Minningarsjóður um Ragnar Kjartansson**

IB

Slökun.
Lestur veitir hvíld frá raunveruleikanum, dregur úr streitu og hefur róandi áhrif.

# Fræðirit, frásagnir og handbækur




## ADHD í stuttu máli

***Lykillinn að skilningi og þroska***
**Höf: Dr. Edward M. Hallowell**
**Þýð: Nanna Rögnvaldardóttir**
Aðgengileg og fróðleg bók sem fjallar ekki síst um þá kosti sem geta fylgt röskuninni og hvernig fólk með ADHD getur dafnað sem best í lífi og starfi. Hér útskýrir hinn heimsþekkti ADHD-sérfræðingur, metsöluhöfundur og TikTok-stjarna, dr. Edward M. Hallowell, vísindin að baki ADHD um leið og hann hrekur mýtur og leiðréttir misskilning.

224 bls.

**Forlagið - Vaka-Helgafell**

IB




## Alkíbíades

**Höf: Platon**
**Þýð: Hjalti Snær Ægisson**
Glæsimennið Alkíbíades er í þann mund að sigra heiminn þegar hann hittir heimspekinginn Sókrates á förnum vegi. Þeir taka tal saman og þegar upp er staðið þarf stjórnmálamaðurinn ungi að endurmeta flest það sem hann taldi sig vita. Þessi snjalla samræða er fyrirtaks byrjunarreitur í heimspeki Platons.

244 bls.

**Ófelía**

IB




## Almanak Háskóla Íslands 2025

**Höf: Gunnlaugur Björnsson og Páll Jakobsson**
Í almanaki 2025 er grein um fjarreikistjörnur, en það eru reikistjörnur utan okkar sólkerfis. Með þróaðri mælitækni er nú auðvelt að finna þær og nálgast staðfestur fjöldi 6000. Einnig er fjallað um dvergstjörnur í geimnum. Loks er pistill um fjarlægðarmælingar í geimnum og fjarlægustu fyrirbæri sem fundist hafa í alheimi.

96 bls.

**Háskólaútgáfan**

KIL




## Almanak HÍÞ 2025

***Ásamt árbók 2023***
**Höf: Arnór Gunnar Gunnarsson og Gunnlaugur Björnsson**
Hér er 151. árgangur Almanaks Hins íslenska þjóðvinafélags ásamt árbók. Auk dagatals flytur almanakið margvíslegar upplýsingar, svo sem um sjávarföll og gang himintungla. Almakinu fylgir Árbók 2023 þar sem rakin eru helstu tíðindi ársins á ýmsum sviðum íslensks mannlífs.

**Háskólaútgáfan**

KIL




## Andvari 2024

**Ritstj: Ármann Jakobsson**
Aðalgrein Andvara 2024 er æviágrip Ragnhildar Helgadóttur, fv. ráðherra, eftir sagnfræðingana Rósu Magnúsdóttur og Ragnheiði Kristjánsdóttur. Ragnhildur var kjörin á þing aðeins 26 ára og sat á þingi í alls 23 ár. Hún var fyrsta konan sem var ráðherra í heilt kjörtímabil og ferill hennar er um margt merkilegur. 10 aðrar greinar eru í riti ársins.

235 bls.

**Háskólaútgáfan**

SVK




## Austur, vestur og aftur heim

**Höf: Jóhann Páll Árnason**
**Ritstj: Ágúst Þór Árnason og Geir Sigurðsson**
Greinarnar níu eru þverskurður af rannsóknum á sviði félagsfræði, siðmenningargreiningu og heimspeki sem Jóhann Páll Árnason hefur lagt stund á. Auk greinanna ritar Jóhann endurminningakafla þar sem hann gerir litríku lífshlaupi sínu skil, fjallar jafnt um áhrifavalda sína sem stjórnmálaskoðanir og setur í sögulegt samhengi.

**Hið íslenska bókmenntafélag**

SVK




## Barnavernd á Íslandi – fyrr og nú

**Ritstj: Sigrún Harðardóttir, Halldór S. Guðmundsson og Hrefna Friðriksdóttir**
Fræðirit um þróun barnaverndar á Íslandi í hugmyndafræðilegu og sögulegu ljósi, lagaþróun, starfsaðferðir, úrræði og stofnanir í barnavernd. Í bókinni er einnig varpað upp svipmyndum úr barnaverndarstarfinu með viðtölum við fólk sem hefur starfað eða haft aðkomu að barnavernd. Áhersla er lögð á að bókin sé í senn fagleg, fræðileg og persónuleg.

**Háskólaútgáfan**

SVK




## Berlínarbjarmar

***Langamma, David Bowie og ég***
**Höf: Valur Gunnarsson**
Sagnfræðingurinn Valur Gunnarsson kryfur hér sögu hinnar margslungnu Berlínar og nágrennis frá mörgum hliðum allt frá tímum keisara, nasista, heimsstyrjalda og svo aðskilnaðar til falls múrsins. Við sögu koma meðal annarra hin þýska langamma höfundar, goðsögnin David Bowie og ýmsir lykilleikmenn í sögu Evrópu.

448 bls.

**Salka**

SVK




## Besti vinur aðal

**Höf: Björn Þorláksson**
Blaðamenn sem beittir hafa verið grímulausu ofbeldi leggja spil sín á borðið. Söguritari, Björn Þorláksson, afhjúpar sjálfur óeðlileg inngrip valdhafa og spilltra afla á löngum ferli sínum í blaðamennsku. Einnig er rætt við þolendur og ýmsa sérfræðinga um spillingu.

352 bls.

**Bókaútgáfan Sæmundur**

KIL



GOR Gormabók HSP Harðspjalda bók HLB Hljóðbók IB Innbundin bók KIL Kilja RAF Rafbók SVK Sveigjanleg kápa




*Bókverk um æviverk*

## Bláleiðir

***Leiðarvísir um innlönd, auðn og einstigi. Mother's marginalia. The Mountain Manuscript***

**Höf: Oddný Eir Ævarsdóttir, Guðrún Kristjánsdóttir og Snæfríð Þorsteins**

Handbók, sýnisbók eða flettirit um innsæi og útsýni; listræn skýrsla eða leiðarvísir um auðn, innlönd, umbreytingar, náttúruvernd, bláma og þrá.

449 bls.

**Eirormur**

IB




*Sýnisbók íslenskrar alþýðumenningar*

## Bragðarefur

***Með molum úr gömlum textum sætum, súrum og beiskum***

**Höf: Guðrún Ingólfsdóttir**

Bókin er hræringur af textum með ólíka áferð og bragð á tungu. Hér fara saman fróðleiks- og skemmtimolar í nokkurs konar bragðaref. Þeir eru tíndir saman úr margs konar handritum frá ýmsum tímum. Ætlunin er að veita lesendum innsýn í fjölbreytt lesefni fólks á fyrri tíð. Textarnir eru litríkir eins og sönnum ærslabelg sæmir.

196 bls.

**Háskólaútgáfan**

SVK




## Búverk og breyttir tímar

**Höf: Bjarni Guðmundsson**

*Búverk og breyttir tímar* fjallar um nokkur verk og verkfæri sem alþekkt voru á síðustu öld en hafa nú ýmist horfið úr verkahring eða breyst í helstu atriðum. Þannig er minnt á þungan straum tímans en líka þróun þekkingar og tækni.

210 bls.

**Bókaútgáfan Sæmundur**

IB




## Börn í Reykjavík

**Höf: Guðjón Friðriksson**

Einstaklega glæsilegt og áhugavert stórvirki um líf barna í Reykjavík frá því seint á 19. öld til okkar daga, prýtt hátt á sjötta hundrað ljósmynda. Börnin birtast okkur á hvunndagsfötum og sparibúin, sagt er frá námi þeirra og skyldum, leikjum, skemmtunum og félagsstarfi, auk þess sem fjallað er um þróun í barnaverndar-, uppeldis- og skólamálum.

640 bls.

**Forlagið - Mál og menning**

IB




## Dagbók frá Gaza

**Höf: Atef Abu Saif**

**Þýð: Bjarni Jónsson**

Menningarmálaráðherra palestínskra stjórnvalda var að synda í sjónum þegar sprengjum tók að rigna yfir Gaza. Í stað þess að halda heim á Vesturbakkann ákváðu hann og sonur hans á unglingsaldri að halda kyrru fyrir, enda óraði þá ekki fyrir því sem koma skyldi.

344 bls.

**Angústúra**

KIL




## Dauðadómurinn

***Bjarni Bjarnason frá Sjöundá (1761–1805)***

**Höf: Steinunn Kristjánsdóttir**

Sjöundármálin eru almenningi vel kunn. Þeim hefur margsinnis verið lýst frá sjónarhorni yfirvalda en hér er sakborningnum sjálfum Bjarna Bjarnasyni gefið orðið. Sagan endurspeglar líf þessa 18. aldar almúgamanns sem ólst upp við nýstárlegar hugmyndir upplýsingarinnar um aga, refsingar og framfarir, einnig helvítisótta og utanbókarlærdóm á orð Guðs.

**Háskólaútgáfan**

SVK




## Dópamínríkið

***Að finna jafnvægi á tímum ofgnóttar***

**Höf: Anna Lembke**

**Þýð: Hugrún Hrönn Kristjánsdóttir og Arnþór Jónsson**

Við lifum á tímum ofgnóttar, hvort sem um er að ræða vímuefni, mat, tölvuleiki, klám, samfélagsmiðla eða annað. Framboðið er ótakmarkað, örvunin viðstöðulaus og við getum látið allt eftir okkur. Hér er útskýrt hvers vegna unaðsleitin, áráttukennd neysla eða hegðun, leiðir óhjákvæmilega af sér vanlíðan og hvað sé til ráða.

254 bls.

**Forlagið - Vaka-Helgafell**

SVK RAF




*Laxá í Aðaldal*

## Drottning norðursins

***80 ára saga Laxárfélagsins***

**Höf: Steinar J. Lúðvíksson**

Laxá í Aðaldal hefur verið kölluð drottning norðursins. Hún er rómuð fyrir fegurð og fisksæld og er ein af perlum íslenskrar náttúru. Hér rekur Steinar J. Lúðvíksson sögu veiða í ánni, segir frá frægum veiðimönnum og minna þekktum, og deilum um nýtingu hennar.

349 bls.

**Fagurskinna**

IB




## Efnisfræði fyrir málmiðnað

**Höf: Finn Monrand Rasmussen og Mogens Rasmussen**

**Þýð: Rúnar Arason**

Bókin veitir á kerfisbundinn hátt innsýn í uppbygginguna, framleiðslu og úrvinnslu málma og annarra efna sem notuð eru í málmiðnaði. Þar er fjallað um hefðbundna og sjáldgæfari málma og málmblöndur, notkunarsvið þeirra og aðferðir við steypingu og herslu. Einnig er í bókinni ítarlegur kafli um plastefni og annar um keramísk efni.

430 bls.

**IÐNÚ útgáfa**

IB




## Einmana

***Tengsl og tilgangur í heimi vaxandi einsemdar***

**Höf: Aðalbjörg Stefanía Helgadóttir**

Fróðlegt rit þar sem einsemdin er skoðuð frá ýmsum hliðum. Farið er yfir það hver eru einmana, hvenær og af hverju en jafnframt leitast við að varpa ljósi á það sem einmanaleikinn getur kennt okkur og hvernig bregðast megi við honum. Útkoman er áhugaverð bók um mikilvægi tengsla og þá merkingu sem finna má í lífinu þrátt fyrir einsemd.

254 bls.

**Forlagið - JPV útgáfa**

SVK RAF




## Fangar Breta

**Höf: Sindri Freysson**

Vitað er með vissu um 47 Íslendinga sem Bretar handtóku á stríðsárunum frá 1940-1945 og vistuðu í fangelsum í Englandi. Þeir sátu innilokaðir í Bretlandi allt frá nokkrum mánuðum til tæplega þriggja og hálfs árs. Enginn fanganna fékk að leita sér lagalegrar aðstoðar eða verja sig fyrir dómstólum. Hér birtist saga þeirra.

344 bls.

**Sögur útgáfa**

IB



*Ritsafn Sagnfræðistofnunar 45*

## Fornar Skálholtsskræður

***Úr sögu nokkurra skinnhandrita frá Skálholti***

**Höf: Sveinbjörn Rafnsson**

**Ritstj: Már Jónsson**

Fornar Skálholtsskræður er um sögu þriggja skinnhandrita sem voru við biskupsstólinn í Skálholti. Fyrst er minnisbók sem biskupar höfðu meðferðis í vísitasíuferðum um 1500. Þá er fjallað um gamla námsbók úr prestaskóla Skálholts, þar sem er þýðing á íslensku úr klassískum kanónískum rétti.

**Háskólaútgáfan**

SVK




## Fararefni

***Þing um Þorstein frá Hamri***

**Ritstj: Ástráður Eysteinsson**

Hér fjalla ellefu manns, skáld og fræðafólk, um verk Þorsteins frá Hamri og viðfangsefnin eru fjölbreytt. Greinasafnið varð til í framhaldi af málþingi sem efnt var til haustið 2022 um skáldið og verk hans. Ástráður Eysteinsson ritstýrir safninu og skrifar inngang.

192 bls.

**Forlagið - Mál og menning**

SVK RAF




## Fornihvammur í Norðurárdal

**Höf: María Björg Gunnarsdóttir**

Fornihvammur er sögufrægur áningarstaður á leiðinni yfir Holtavörðuheiði. Saga þessa merka staðar að fornu og nýju er hér rakin allt til ársins 1977 þegar byggð lagðist af. Höfundur ólst upp í Fornahvammi og þekkir þar vel til.

200 bls.

**Bókaútgáfan Sæmundur**

KIL




*Íslensk heimspeki*

## Fingraför spekinnar

***Kaflar úr sögu íslenskrar heimspeki á miðöldum***

**Höf: Gunnar Harðarson**

Í bókinni er gerð tilraun til að nálgast þá hugmynd um heimspeki sem íslenskir lærdómsmenn kynnu að hafa aðhyllst á miðöldum. Einnig er athyglinni beint að heimspekilegum rökfærslum og siðfræðilegum hugtökum. Í lokin er gefið yfirlit um rannsóknir á siðfræði Íslendingasagna.

154 bls.

**Hið íslenska bókmenntafélag**

SVK




## Fólk og flakk

***Sagnakvöld af baksviði stjórnmálanna***

**Höf: Steingrímur J. Sigfússon**

Á ferðum sínum um landið kynntist Steingrímur J. Sigfússon ótölulegum fjölda fólks, jafnt samherjum sem andstæðingum í pólitík. Hér rifjar hann upp eftirminnilegar sögur frá þessum ferðum og af Alþingi en allar einkennast þær af hlýju og húmor.

208 bls.

**Veröld**

IB




## Fléttur VII

***Hinsegin Ísland í alþjóðlegu samhengi***

**Ritstj: Ásta Kristín Benediktsdóttir og Elín Björk Jóhannsdóttir**

Hér birtast tíu greinar á sviði jafnréttis- og hinsegin rannsókna þar sem ýmsar hliðar hinsegin málefna á Íslandi eru skoðaðar í alþjóðlegu samhengi. Í bókinni er fjallað um réttindabaráttu, bakslag, hindranir og áskoranir í lífi hinsegin fólks á ólíkum tímum og einnig rýnt í tungumálið, listir og bókmenntir.

**Háskólaútgáfan**

SVK




## Frasabókin – ný og endurbætt

***Íslensk snjallyrði við hvert tækifæri***

**Höf: Eyþór Wöhler og Emil Örn Aðalsteinsson**

Ný og endurbætt frasabók með ferskum og bráðskemmtilegum frösum. Yfir tólf hundruð frasar, snjallyrði, orðtök og slanguryrði sem geta glatt vinina, afa og ömmu, frænda og frænku, mágkonu og samstarfsfélaga. Skemmtileg, fyndin og fræðandi bók sem kemur að góðum notum hvar og hvenær sem er.

228 bls.

**Sögur útgáfa**

SVK

SAMHYGGÐ OG SKILNINGUR.
Lestur leiðir okkur í spor
annarra og eflir samkennd
og tilfinningagreind.




## Frumherjar

***Tíu húsameistarar fæddir fyrir aldamótin 1900***

**Höf: Björn G. Björnsson**

Bókin fjallar um frumherja í íslenskri húsagerð sem eru fæddir fyrir aldamótin 1900, fimm í Reykjavík og fimm úti á landi. Þeir lærðu fyrstu handtökin í smiðjunni heima, fóru í Iðnskólann eða í smíðanám hjá góðum meisturum, kláruðu sveinsstykkin sín - jafnvel tvö - og tóku stefnu á teikniskóla í Kaupmannahöfn, Noregi eða í Þýskalandi.

272 bls.

**Hið íslenska bókmenntafélag**

IB




## Góð heilsa alla ævi án öfga

**Höf: Geir Gunnar Markússon**

Á hverjum degi höfum við val um hvort og hvernig við hlúum að eigin heilsu. Það veit næringarfræðingurinn Geir Gunnar Markússon manna best af starfi sínu sem heilsuráðgjafi á Heilsustofnun NLFÍ í Hveragerði. Í þessum vegvísi sýnir hann okkur skynsamlegar leiðir til að styrkja grunnstoðir heilsunnar; næringu, hreyfingu, svefn og sálarlíf.

180 bls.

**Sögur útgáfa**

SVK




***Lærdómsrit Bókmenntafélagsins***

## Fyrir eilífum friði

**Höf: Immanuel Kant**

**Þýð: Egill Arnarson**

Þetta rit Kants dregur heimspeki hans saman í beittri greiningu á stríðshneigð nútímans sem grefur undan framþróun og öryggi. Enn í dag eiga hugleiðingar hans við: Um frið sem er ekki annað en undanfari stríðs, um samninga sem leiða aðeins til frekari átaka og um þá sóun mannslífa og verðmæta sem engum stjórnvöldum ætti að leyfast að véla um.

190 bls.

**Hið íslenska bókmenntafélag**

IB




## Gyðingar á faraldsfæti

**Höf: Joseph Roth**

**Þýð: Jón Bjarni Atlason**

Í þessari bók bregður rithöfundurinn Joseph Roth (1894-1939) upp einstakri mynd af hlutskipti gyðinga í Austur-Evrópu á öndverðri tuttugustu öld – fátækt þeirra, rótleysi, ótta og vonum sem varð til þess að þeir freistuðu gæfunnar á fjarlægum slóðum.

175 bls.

**Ugla**

KIL




## Fötlun, sjálf og samfélag

***Birtingarmyndir og úrlausnarefni***

**Ritstj: Snæfríður Þóra Egilson**

Fjallað er um líf og aðstæður fatlaðs fólks í ljósi gagnrýninna kenninga og íslenskra rannsókna á sviði fötlunarfræða. Athygli er beint að helstu viðfangs- og úrlausnarefnum ólíkra æviskeiða og að flóknu samspili félagslegra, efnislegra og stofnanabundinna hindrana sem skapa og viðhalda fötlun og torvelda fötluðu fólki að lifa góðu lífi.

**Háskólaútgáfan**

SVK




## Hernaðarlistin

**Höf: Su Tzu**

**Þýð: Brynjar Arnarson**

Þetta litla kver eftir kínverska hershöfðingjann Sun Tzu hefur allt frá því á fimmtu öld fyrir Krist verið áhrifmikill leiðarvísir um herkænsku. En gildi ritsins nær langt út fyrir orrustuvöllinn og það er nú almennt álitið skyldulesning í nútíma stjórnunar- og leiðtogafræðum.

112 bls.

**Ugla**

KIL




## Gengið til friðar

***Saga andófs gegn herstöðvum og vígbúnaðarhyggju á Íslandi 1946–2006***

**Ritstj: Árni Hjartarson**

Herstöðvamálið var stærsta pólitíska deilumálið á seinni helmingi 20. aldar. Baráttan gegn her í landi og veru Íslands í hernaðarbandalagi gat af sér öflugar fjöldahreyfingar. Gengið til friðar er saga þessara átaka allt frá undirritun Keflavíkursamningsins árið 1946 og til ársins 2006.

350 bls.

**Skrudda**

IB




## Hold og blóð

***Saga mannáts***

**Höf: Reay Tannahill**

**Þýð: Áslaug Ólafsdóttir**

Hér er saga mannáts rakin allt aftur í bernsku mannkyns og grafist fyrir um tákngildi þess, merkingu og orsakir sem liggja að baki. Um leið varpar höfundur ljósi á áhrif þessarar ævafornu iðju á langlífar goðsagnir og venjur, allt frá vampírum og varúlfum til altarissakramentisins, og tengir við sagnir um mannæturaðmorðingja nútímans.

318 bls.

**Bókaútgáfan Sæmundur**

KIL




Við erum sérfræðingar í prentun bóka og bjóðum upp á Svansvottaða framleiðslu

**Kiljur og harðspjaldabækur**

prentmet ODDI
heildarlausnir í prentun

Umbúðir · Almenn prentun · Bækur · Límmiðar · Stimplar

Lynghals 1, 110 Rvk 5 600 600
Eyravegi 25, 800 Selfoss 482 1944
Glerárgötu 28, 600 Akureyri 4 600 700
prentmetoddi.is

SVANSVOTTUÐ PRENTSMIÐJA · JAFNLAUNAVOTTUN




## Hugsandi skólastofa í stærðfræði

***14 aðferðir sem styðja við nám og kennslu á öllum skólastigum***

**Höf: Peter Liljedahl**

**Þýð: Bjarnheiður Kristinsdóttir**

Íslensk þýðing á metsölubókinni *Building Thinking Classrooms* eftir Peter Liljedahl. Einstök handbók fyrir kennara í stærðfræði og öðrum faggreinum. Inniheldur ítarlegar leiðbeiningar um 14 aðferðir sem stuðla að virkri þátttöku nemenda, samræðum í skólastofunni og auknum hugtakaskilningi.

**Háskólaútgáfan**

SVK

---




## Hvers vegna karlmenn geta bara gert eitt í einu og konur þagna aldrei

**Höf: Allan Pease og Barbara Pease**

**Þýð: Katrín Fjeldsted**

Hjónin Allan og Barbara Pease fjalla hér á einstaklega gamansaman hátt um samskipti hjóna og para. Lesandinn sér líf sitt örugglega í nýju ljósi.

140 bls.

**Bókaútgáfan Tindur**

KIL

---



## Jæja 1 og 2

***Íslenska fyrir byrjendur***

**Höf: Brynja Stefánsdóttir og Viðar Hrafn Steingrímsson**

Bókunum er ætlað að mæta vaxandi þörf fyrir námsefni í íslensku fyrir erlenda nemendur á öllum aldri og á mörgum getustigum. Efni þeirra er á þyngdarstigi A1–A2 samkvæmt evrópska tungumálarammanum og bera þemu og orðaforði bókanna þess merki. Í þeim er lögð áhersla á orðaforða og talæfingar um málefni sem standa ungu fólki nær.

75 bls.

**IÐNÚ útgáfa**

GOR

---




***Íslensk menning***

## Jötnar hundvísir

***Norrænar goðsagnir í nýju ljósi***

**Höf: Ingunn Ásdísardóttir**

*Jötnar hundvísir* er í senn tímamótaverk í alþjóðlegum rannsóknum á norrænni goðafræði og áhugavekjandi íslenskt fræðirit, lifandi og alþýðlega fram sett. Með rannsókn sinni sýnir höfundur fram á að jötnar goðheimsins eru mun flóknari en talið hefur verið; þeir tengjast sköpun heimsins og búa yfir þekkingu um upphaf hans og örlög.

260 bls.

**Hið íslenska bókmenntafélag**

SVK

---




## Kjarrá

***og síðustu hestasveinarnir á Vighól***

**Höf: Arnór Sigurjónsson, Einar Sigurjónsson og Stefán Þórarinsson**

Bókin fjallar um veru og störf ungra hestasveina í fjallveiðinni í Kjarrá, um hesta, laxveiði, veiðimenn og náttúruna í heiðarlöndum árinnar. Við sögu kemur fjöldi þjóðþekktra einstaklinga og endurspeglar bókin hið sérstaka samspil manna, hesta og náttúru við laxveiðar á fjalli, fjarri öllum nútímaþægindum.

250 bls.

**Skrudda**

IB

---




***Ritröð Auðarstrætis***

## Klassísk tónlist

***Á ferðalagi um tónlistarsöguna***

**Höf: Magnús Lyngdal Magnússon**

Fjallað er um sögu vestrænnar tónlistar frá miðöldum til dagsins í dag með fróðlegum en aðgengilegum hætti. Sagt er frá tugum tónskálda, þar á meðal þekktum höfundum á borð við Bach, Haydn, Mozart, Beethoven og Brahms auk annarra tónskálda sem mörg hver eru minna þekkt.

237 bls.

**Auðarstræti**

KIL

---




## Laxá

***Lífríki og saga mannlífs og veiða. Veiðistaðalýsingar í Mývatnssveit og Laxárdal***

**Ritstj: Jörundur Guðmundsson**

**Höf: Sigurður Magnússon og Ásgeir Hermann Steingrímsson**

Veiðistaðalýsing fyrir Laxá í Mývatnssveit og Laxárdal ásamt þáttum um lífríki, sögu og mannlíf við þessa merku silungsveiðiá. Frásagnir af merku fólki og náttúrufari árinnar sem nýtur alþjóðlegrar friðunar.

304 bls.

**Veraldarofsi**

IB

---




## Learn Icelandic

**Höf: Aldís Schram**

Kennslubók fyrir útlendinga sem vilja læra íslensku. Höfundur hefur kennt þessa bók undanfarin ár með mjög góðum árangri.

120 bls.

**Bókaútgáfan Tindur**

GOR

---




## Leiðtogi

**Höf: Einar G. Harðarson**

Rit er hentar öllum sem hafa leiðtogahæfileika eða óska sér að hafa þá. Höfundur rýnir í sögu sína sem er yfirgripsmikil og gefur afskaplega góð ráð. Ummæli um bókina sýna framar öllu að lesendur taka til sín fróðleikinn og geta nýtt sér hann í daglegu lífi. Bók sem er fyrir alla. Sjá Leidtogi.net

118 bls.

**Einar G. Harðarson**

IB

---




## Leiðtoginn

***Valdeflandi forysta***

**Höf: Ingvar Jónsson**

**Myndir: Jim Ridge**

Ögrandi og nýstárleg bók um leiðtogafærni sem tekur lesandann með í persónulega og krefjandi vegferð þar sem hann öðlast djúpan sjálfsskilning. Á tímum hraða og örra breytinga er tilfinningagreind leiðtoganum mun mikilvægari en vitsmunagreind þar sem árangurinn endurspeglast ekki í því sem hann gerir – heldur öðru fremur í því hver hann er.

352 bls.

**Forlagið - Vaka-Helgafell**

SVK RAF



GOR Gormabók HSP Harðspjalda bók HLB Hljóðbók IB Innbundin bók KIL Kilja RAF Rafbók SVK Sveigjanleg kápa




## Listdans á Íslandi

**Höf: Ingibjörg Björnsdóttir**

Listdans á Íslandi á sér langa sögu sem hér er sögð í fyrsta sinn á bók, allt frá því að fyrstu leikkonur Leikfélags Reykjavíkur leituðu sér menntunar í dansi til Kaupmannahafnar og þar til Íslenski dansflokkurinn náði að sanna mikilvægi sitt og listrænan styrk.

336 bls.

**Hið íslenska bókmenntafélag**

IB




## Lognmolla í ölgusjó

***Kjósendur og alþingiskosningarnar 2021***

**Höf: Hulda Þórisdóttir, Agnar Freyr Helgason, Eva H. Önnudóttir, Jón Gunnar Ólafsson og Ólafur Þ. Harðarson**

Bókin leiðir lesendur í ferðalag um íslensk stjórnmál. Hér er fjallað um hvað mótar kosningahegðun almennings, áhrif fylgiskannana, flokkaflakk og hvernig ungt fólk og samfélagsmiðlar eru að breyta leiknum. Með einstökum gögnum Íslensku kosningarannsóknarinnar fást svör við spurningum sem gjarnan eru ræddar í heitum pottum landsins.

**Háskólaútgáfan**

SVK




## Líf á jörðinni okkar

**Höf: David Attenborough**

**Þýð: Magnús Þór Hafsteinsson**

Í þessari mögnuðu bók horfir sjónvarpsmaðurinn David Attenborough um öxl, segir frá lífsstarfi sínu og lýsir þróunarsögu jarðar, áhrifum mannkyns á lífríkið og hvaða augum hann lítur framtíð lífs á jörðu.

„Við deilum jörðinni með náttúrunni," skrifar Attenborough, „stórkostlegustu öndunarvél sem til er og byggðist upp á milljörðum ára."

270 bls.

**Ugla**

IB




## Mannlífsmyndir frá Eyrarbakka

**Höf: Brynjólfur G. Brynjólfsson**

Þessi bók hefur að geyma úrval ljósmynda Brynjólfs G. Brynjólfssonar frá Litlu-Háeyri á Eyrarbakka, sem hann tók á Bakkanum á árunum 1958–73, þegar hann var unglingur og ungur maður. Bókin er á ensku og íslensku.

166 bls.

**Bókaútgáfan Sæmundur**

KIL




## Lofgjörð til Katalóníu

**Höf: George Orwell**

**Þýð: Guðmundur J. Guðmundsson**

Í þessari bók lýsir breski rithöfundurinn George Orwell reynslu sinni úr borgarastyrjöldinni á Spáni þar sem hann barðist sem sjálfboðaliði með sveitum sósíalista á árunum 1936–1937. Sú reynsla mótaði stjórnmálaskoðanir hans það sem eftir var ævinnar og gerði hann að hörðum andstæðingi alræðis.

279 bls.

**Ugla**

KIL




## Milli mála 2024

**Ritstj: Geir Þórarinn Þórarinsson og Þórhildur Oddsdóttir**

*Milli mála* kemur út tvisvar á ári. Tímaritið birtir ritrýndar fræðigreinar á sviði erlendra tungumála, bókmennta, þýðinga, málvísinda og menntunarfræði. Einnig er þar að finna stuttar bókmenntaþýðingar. Annað hefti ársins 2024 er helgað örsögum af ýmsum toga. Tímaritið er í opnum aðgangi: millimala.hi.is

**Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur / Háskólaútgáfan**

RAF




## Loftleiðir 1944–1973

***Icelandic Airlines***

**Höf: Sigurgeir Orri Sigurgeirsson**

Ljósmyndabók á íslensku og ensku um Loftleiðir. Í bókinni er ævintýralegum ferli Loftleiða gerð skil, frá því þrír ungir menn stofnuðu fyrirtæki með eina litla flugvél og þar til félagið fór fimm ferðir á dag á risaþotum milli Lúxemborgar og New York, með viðkomu á Íslandi. Loftleiðaandinn sprettur ljóslifandi upp af blaðsíðum bókarinnar.

336 bls.

**Heimildarmyndir**

IB




## Morðleikir

***100 auðveldar til ómögulegar gátur til að leysa með rökhugsun, leikni og ályktunarhæfni.***

**Höf: G.T. Karper**

**Þýð: Ingunn Snædal**

Hér gefst þér tækifæri til að slást í för með Ályktara Rökvíss og rannsaka morð. Í bókinni, sem er algjör nýjung, er að finna morðgátur sem þú átt að ráða, finna þann sem framdi ódæðisverkið – hvernig, hvar og hvers vegna!

380 bls.

**Veröld**

IB

*Heilaþjálfun.*

*Lestur heldur heilanum virkum, þjálfar vitræna virkni og dregur úr hættu á andlegri hnignun.*




## My My! – ABBA í áranna rás

**Höf: Giles Smith**

**Þýð: Helgi Ingólfsson**

Árið 1974 hófst nýr kafli í poppsögunni þegar hljómsveitin ABBA skaust upp á stjörnuhimininn með „Waterloo“, sigurlagi sínu í Júróvison-söngvakeppninni. Hálfri öld síðar er þessi sænska undrahljómsveit vinælli en nokkru sinni – og heldur áfram að heilla fólk með sínum sígildu lögum, söngleikjum, bíómyndum, minjasöfnum og sýndarveruleika.

326 bls.

**Ugla**

KIL




## Rokið í stofunni

***Meintar ástandsstúlkur og nauðungarvistun þeirra á Kleppjárnsreykjum 1942***

**Höf: Guðrún Jónína Magnúsdóttir**

Hersetin Reykjavík árið 1942. Þrettán ára stúlka er handtekin og handjárnuð úti á götu. Færð með lögreglubifreið í varðhald. Næst var stúlkan dæmd til dvalar á Kleppjárnsreykjum í Borgarfirði.

204 bls.

**Bókaútgáfan Sæmundur**

IB




***Leitin að upphafi og sögu þekktasta orðatiltækis í heimi***

## Okei

**Höf: Sigurður Ægisson**

OK eða O.K., ýmist með lág- eða hástöfum, er sagt vera þekktasta útflutningsafurð Bandaríkjanna, fyrr og síðar. Alla vega er þessi stafasamsetning fyrir löngu komin um gjörvalla jörð og mun í ofanálag vera fyrsta orðið sem heyrðist mælt á tunglinu. Það er ekki lítið afrek!

286 bls.

**Bókaútgáfan Hólar**

IB




## Rómaveldi

